

„Það þótti hálf ósmekklegt þegar við gerðum grín að kvenfélaginu Hringnum og líka þegar við töluðum um Vigdís og mannát í sömu andrá.“

BRAGI VALDIMAR SKÚLASON, HÖFUÐPAUR BAGGALÚTS

16



ALLA SUNNUDAGA

RE/MAX Fasteignablað



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. maí 2007 – 122. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR

### Framhaldsmyndasumar

Spennandi tímar eru fram undan í íslenskum bíóhúsum með fjölda forvitnilegra framhaldsmynda.

KVIKMYNDIR 34



### Söngurinn þéttir hópinn

Ísólfur Gylfi Pálmason telur frumsamið kosningalag geta bjargað máluum.

FÓLK 46



### Fjallar um hnattvæðingu

„Ég hef tekið eftir því að það er heldur að færast í tísku meðal stjórnmalamanna og álitsgjafa að nýta sér aðferð í pólitíkinni sem stundum er kennd við Steingrím Hermansson,“ segir Illugi Gunnarsson í grein sinni.

Í DAG 12


### Álaborg eða Akureyri

Árni Þór Sigtryggsson bíður eftir tilboði frá danska félaginu AaB þessa dagana. Ef það er ekki freistandi fer hann líklega heim til Akureyrar.

ÍPRÓTTIR 38



### VEÐRIÐ Í DAG



**YFIRLEITT BJARTVIÐRI** - Sunnan og vestantil má búast við bjartviðri í dag, en einhverri úrkomu á norðausturhorninu. Hitinn er á bilinu 2-8 stig, hlýjast suðvestanlands, en svalast norðaustantil. Vindur er yfirleitt frekar hægur, 5-10 m/s.



**Aukablað fylgir í dag í tilefni Megrunarlausadagsins**



**SLEGIB HÆSTBJÓÐANDA** Margt var um manninn á reiðhjóluppboði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í gær. Boðin voru upp tæplega 400 reiðhjól úr óskilamunadeild lögreglunnar. Mikill hamangangur var á uppboðinu og kepptust uppboðsgestir um að bjóða í fákana. Flest voru hjólin slegin á verði undir 20 þúsund krónum og þau ódýrustu voru seld á 500 kall. Ágóði sölunnar rennur í félagssjóði lögreglunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Fylgi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar eykst

Fylgi Vinstri grænna heldur áfram að dala lítillega samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Þá dalar fylgi Framsóknarflokksins og Íslandshreyfingarinnar lítillega. Fylgi Frjálslynda flokksins stendur í stað frá fyrri viku.


**SKOÐANAKÖNNUN** „Þessi könnun sýnir okkur einfaldlega að við verðum að taka vel á síðustu dagana,“ segir Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, en samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins er fylgi flokksins 9,5 prósent, sem myndi leiða til sex þingmanna. „Þessi niðurstaða er auðvitað algjörlega óviðunandi fyrir okkur og myndi auðvitað leiða til þess að við þyrftum að taka okkar störf til endurskoðunar.“

Fylgi Vinstri grænna dalar aðeins frá því í síðustu viku og er nú 16,0 prósent. Yrðu þingmenn Vinstri grænna samkvæmt því tíu. Steingrímur J. Sigfússon, formaður flokksins, segir flokksmenn hafa fullan hug á að ná fylginu aftur upp á lokaspertinum. „Við höfum verið að flökta í kringum 17 til 20 prósentin og þetta er aðeins lægra,“ segir Steingrímur.

Fylgi Íslandshreyfingarinnar dalar einnig lítillega á milli kannana og segist nú 2,1 prósent myndu kjósa flokkinn. „Hvert prósentstigi sem kemur inn og kemur okkur yfir fimm prósentin færir okkur

### FYLGI STJÓRNMAÐAFLOKKA

Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til alþingiskosninga nú?



þrjú þingmenn. Þetta er það eina sem getur breytt um stefnu næstu ríkisstjórnar,“ segir Ómar Ragnarsson, formaður hreyfingarinnar. Fylgi Frjálslynda flokksins stendur í stað á milli vikna, er 5,4 prósent og fengi flokkurinn þrjú þingmenn kjörna samkvæmt því. Guðjón Arnar Kristjánsson, for-

maður flokksins, segist enn stefna á tíu prósent. „Reynsla okkar í kosningum er að við erum um tveimur prósentum yfir því sem fram kemur í könnunum.“

Fylgi Sjálfstæðisflokksins eykst aðeins milli vikna og er nú 42,5 prósent, sem myndi skila 28 þingmönnum. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins segist þakklát fyrir þá hvatningu sem í könnuninni felist. „Við höfum verið óhrædd við að kynna okkar málefni og höfum tekið afstöðu í erfiðum málum. Það kann fólk að meta.“

Fylgi Samfylkingar eykst einnig lítillega milli vikna og segjast nú 24,0 prósent myndu kjósa flokkinn, sem myndi færa honum 16 þingmenn. „Eins og aðrar kannanir hafa sýnt er mikil sveifla í átt til Samfylkingarinnar,“ segir Ingi Björg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. „Nú verða allir að leggjast á árararnar. Konurnar eru farnar að skila sér til okkar aftur og ég trúi ekki öðru en að karlarnir geri það líka.“

- ss/ sjá síðu 4

## Innbrot í sumarbústaði: Níu handteknir í Biskupstungum

**LÖGREGLUMÁL** Níu manns voru handteknir í sumarbústað í Biskupstungum í gærmorgun. Fólkið hafði brotist inn í tvo sumarbústaði og hafði á sér þýfi og fíkniefni þegar lögreglu bar að garði.

Lögreglunni á Selfossi var tilkynnt um innbrot í sumarbústað í gærmorgun. Þegar farið var að grennslast fyrir í nágrenni bústaðarins fundust innbrotspjófarnir í öðrum bústað skammt frá, sem þeir höfðu einnig brotist inn í. Þar var að finna þýfi úr fyrri bústaðnum og tæplega þrjátíu grömm af ætluðum fíkniefnum.

Fólkið var handtekið og fært til yfirheyrslu á Selfossi. Málið er í rannsókn lögreglu og í gærkvöld voru sex manns enn í haldi. - þo

Árangur áfram - ekkert stopp



LÍFEYRISGREIÐSLUR EIGA AÐ BERA 10% SKATT LÍKT OG FJÁRMAGNSTEKJUR

www.xf.is



Frjálslyndi flokkurinn

Framsókn





# 12 góðar ástæður til að kjósa Samfylkinguna 12. maí

Við leggjum áherslu á bætta velferðarþjónustu og menntamál í samhengi við kraftmikið og fjölbreytt atvinnulíf um land allt og jafnvægi í efnahagsmálum til að bæta kjör heimilanna. Hér eru okkar forgangsmál á næsta kjörtímabili.

1. Unga Ísland – aðgerðaáætlun í 60 liðum um bættan hag barna og ungmenna
2. 400 ný hjúkrunarrými fyrir aldraða á næstu 18 mánuðum
3. Afnám kynbundins launamunar
4. Fjárfestingaráttak í menntun – Allir geta lært!
5. 100 þúsund króna frítekjumark og 10% skattur á lífeyrissjóðstekjur
6. Sveigjanlegri vinnutími fyrir fjölskyldufólk
7. Afnám stimpilgjalda
8. Lægra verð á matvælum og lyfjum
9. 5000 ný störf í hátækni- og þekkingar­greinum á næstu 10 árum
10. Nýtt jafnvægi í efnahagsmálum
11. Stórátak í samgöngumálum um land allt
12. Verndun verðmætra náttúrusvæða

**Kjósum betri framtíð!  
Kjósum Samfylkinguna**




**XS**

Kynntu þér stefnuna á [www.xs.is](http://www.xs.is)





 **LEXUS**  
The pursuit of perfection



**6xLexus** GS 300

+ 6,3 milljónir í skottið  
á tvöfaldan miða!

**6xHarley** V-ROD

+ 3 milljónir  
í bakpokann  
á tvöfaldan miða!



**Átt þú miða?**

50 þúsund vinningar dregnir út á árinu!  
40 aðalvinningar á 2 milljónir hver eða  
4 milljónir á tvöfaldan miða.

Hringdu núna í síma 561 7757  
Kauptu miða á [www.das.is](http://www.das.is)

HAPPDRETTI



-vinningur í hverri viku

## KJÖRKASSINN



Ætti að leggja niður samræmd próf í 10. bekk?

JÁ	63,9%
NEI	36,1%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér kosningabaráttan málefnaleg?

Segðu skoðun þína á visir.is



6

Skemmdarvargar skemmdu ellefu bíla við Kaplakrika:

## Eingöngu skemmdar-fýsn sem liggur að baki

**SKEMMDARVARGAR** „Bíllinn minn er stórskemmdur. Ein hliðarrúðan var brotin í mask, framrúðan er öll rispuð og svo er búið að dælda bíllinn hér og þar,“ segir Heiðar Kristjánsson söngvari. Hann skildi bíllinn sinn eftir á bílastæðinu við Kaplakrika í Hafnarfirði aðfaranótt laugardags eftir að hafa verið að skemmta á herrakvöldi FH sem fram fór á föstudagskvöld. Um nóttina voru ellefu bílar sem stóðu á planinu skemmdir.

Svo virðist sem skemmdarvargarnir hafi ekki verið í leit að verðmætum. „Þarna liggur eingöngu skemmdarfýsn að baki. Ég var með gítar og magnara í bílnum og það var ekki snert. Það var engu stolið,“ segir Heiðar.

Herrakvöldinu lauk um miðnætti og um klukkan þrjú átti lögregla leið um svæðið og þá var þar allt með kyrrum kjörum. Þeir sem kunna að búa yfir upplýsingum um málið eru beðnir um að hafa samband við lögreglu.

- þó



**MIKLAR SKEMMDIR** Bíllinn hans Heiðars var stórskemmdur á bílastæðinu við Kaplakrika ásamt tíu öðrum bílum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

## KÓPAVOGSDAGAR

5.-11. maí 2007

### Meðal dagskráratriða í dag, 6. maí:

**Smáralind.** Ljósmyndasýningin „Frá háaloftinu“.

**Kópavogsskóli** kl. 13-17. Listaverkasýning

**Bókasafn Kópavogs** kl. 13-17. Sýning á óskráðum ljósmyndum af börnum og ungmennum í Kópavogi í eigu Héradsskjalasafnsins.

**Smáraskoli** kl. 13. Smárahlaupið – fjölskylduhlaup. Skráning í Smáraskoli. Allir sem ljúka hlaupi fá verðlaunapening og bol.

Opin hús hjá listamönnum • kvöldmessa • djasstónleikar.

Kynnið ykkur dagskrána nánar á [kopavogur.is](http://kopavogur.is)



### AUGLÝSING FRÁ LANDSKJÖRSTJÓRN

Landskjörstjórn gjörir kunnuga þá breytingu á auglýsingu um kosningar til Alþingis frá 30. apríl 2007, sem birt var 2. maí 2007, að framboð Baráttusamtaka eldri borgara og öryrkja í Norðausturkjördæmi, E-listi, hefur verið afturkallað. Eftir þessa breytingu eru eftirtaldir listar bornir fram í öllum kjördæmum landsins við alþingiskosningarnar sem fram eiga að fara 12. maí 2007:

**B-listi borinn fram af Framsóknarflokknum.**

**D-listi borinn fram af Sjálfstæðisflokknum.**

**F-listi borinn fram af Frjálslynda flokknum.**

**I-listi borinn fram af Íslandshreyfingunni.**

**S-listi borinn fram af Samfylkingunni.**

**V-listi borinn fram af Vinstri hreyfingunni - grænu framboði.**

REYKJAVÍK, 4. MAÍ 2007  
LANDSKJÖRSTJÓRN,

Gestur Jónsson, formaður,  
Hervör Þorvaldsdóttir,  
Ástráður Haraldsson,  
Guðriður Þorsteinsdóttir,  
Gísli Baldur Garðarsson.

ÞAÐ ER ÞÖRF Á  
ENDURNÝJUN  
Í ÍSLENSKUM  
STJÓRN MÁLUM  
-FELLUM  
STÓRIÐJU-  
STEFNUNA.



**Margrét Svverisdóttir** Fyrsta sæti RVK NORÐUR  
Íslenskufraeðingur og borgarfulltrúi

ÍSLANDSHREYFINGIN  
lifandi land

[www.islandshreyfingin.is](http://www.islandshreyfingin.is)



**ÖRFOKA LAND** Hekluskógar er eitt stærsta verkefni um endurheimt gróðurlendis í heiminum. 500 milljónum verður varið til verkefnisins til ársins 2016.

## Hekluskógasamningur vekur deilur

Forstjóri Náttúrufræðistofnunar fullyrðir að embættismenn landbúnaðarráðuneytisins hafi ætlað að útiloka stofnunina frá samningi um Hekluskóga. Verkefnisstjóri hefur ítrekað bent á villur í texta samningsins, án árangurs.

**UMHVERFISMÁL** Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ), fullyrðir að embættismenn landbúnaðarráðuneytisins hafi af ásetningi tekið stofnunina út úr 500 milljóna króna samstarfssamningi um Hekluskóga sem undirritaður var á föstudag. NÍ ætlar að krefjast skýringa frá landbúnaðarráðuneytinu.

Jón Gunnar segir það hafa verið ásetning embættismanna landbúnaðarráðuneytisins að útiloka NÍ frá verkefninu og að ráðuneytinu hafi ítrekað verið gerð grein fyrir því að nafn NÍ hafði verið fjarlægð úr samstarfssamningnum við undirbúning hans. „Við vorum í samráðsnefndinni sem

verið var að formfesta með samningnum. Ráðuneytið tekur stofnunina viljandi út úr nefndinni og þar með út úr verkefninu.“ Jón segir framgöngu landbúnaðarráðuneytisins hneyksli. „Þetta er ótrúleg stjórnsýsla. Það er enn merkilegra að ráðuneytið skuli gera svona hluti án samráðs við ráðherra.“ Náttúrufræðistofnun hefur verið formlegur aðili að verkefninu í rúm ár og varið átta milljónum króna til rannsókna því tengdu. Fulltrúi NÍ gekk út af samningsundirrituninni þegar hann áttaði sig á því að nafn stofnunarinnar var ekki að finna í samningstextanum.

Guðmundur Halldórsson, verkefnisstjóri Hekluskógaverkefnis-

ins, staðfestir að hann hafi ítrekað skrifað landbúnaðarráðuneytinu og bent á að NÍ væri ekki getið í samstarfssamningnum og að það

„Þetta er ótrúleg stjórnsýsla. Það er enn merkilegra að ráðuneytið skuli gera svona hluti án samráðs við ráðherra.“

**JÓN GUNNAR ÓTTÓSSON**  
FORSTJÓRI NÁTTÚRFRÆÐISTOFNUNAR

þyrfti að leiðrétta. Hann staðfestir einnig að NÍ hafi verið getið í drögum samningsins en stofnunin hafi síðar verið felld út úr honum. „Ég get ekki skýrt þetta öðruvísi en embættismenn hafi fyrir handvömm látið þetta niður falla.“ Áréttingu um að NÍ væri ekki getið í samningnum sendi Guðmundur landbúnaðarráðuneytinu síðast þremur dögum fyrir undirritun hans, án þess að texti samningsins væri leiðréttur. „Ég legg áherslu á að aðkoma NÍ er lykilatriði í samstarfinu og í raun rothögg á hugsunina í verkefninu ef stofnunin yrði ekki með.“

svavar@frettabladid.is

### 3. GREIN UM SAMRÁÐSNEFND

Sérstök samráðsnefnd skal vera verkefnisstjórn til ráðgjafar um framkvæmd Hekluskógaverkefnisins. Skulu Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins tilnefna einn fulltrúa hvor til setu í samráðsnefndinni og skal verkefnisstjórn bjóða eftirtöldum aðilum að tilnefna einn fulltrúa hver: landeigendum á Hekluskógasvæðinu, Skógræktarfélagi Árnesinga, Skógræktarfélagi Rangæinga, Landbúnaðarháskóla Íslands og Suðurlandskógum. Aðrar stofnanir og félagasamtök sem leggja vilja verkefninu lið geta fengið aðild að samráðsnefndinni skv. nánari ákvörðun verkefnisstjórnar.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra býður Náttúrufræðistofnun samstarf:

## Mun eyða öllum misskilningi

**UMHVERFISMÁL** Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra telur að um misskilning sé að ræða að Náttúrufræðistofnun Íslands sé ekki getið í texta samstarfssamnings um Hekluskóga. Hann segir það afar mikilvægt að sá misskilningur sé leiðréttur.

„Náttúrufræðistofnun vann mjög gott starf við undirbúning þessa máls og ber vegna sinnar sérstöðu og lögum samkvæmt að vera með í þessu verkefni áfram. Þeir tóku þátt í undirbúningi verkefnisins og ber að þakka þeim það. En nú er verkefnið fætt og komin þriggja manna stjórn. Síðan er samráðsnefnd þar sem þeir eru tilnefndir sem sannarlega hafa skyldur og hlutverk á svæðinu. Síðan er gert ráð fyrir því að margar vísindastofnanir og



**GUÐNI ÁGÚSTSSON**

aðilar sem koma til með að styrkja þetta verkefni munu setjast inn í samráðshópinn. Þar er gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun, Veiðimálastofnun, Umhverfisstofnun og fleiri vísindastofnanir komi inn á þennan vettvang.“

Guðni segir að hann hafi átt viðtöl við Jón Gunnar Ottósson, forstjóra NÍ, og sagt honum frá því að hann hefði aldrei heyrt um nein átök hvað varðar verkefnið. „Mér þykir leitt hvernig málið hefur þróast og við Jón Gunnar urðum sammála um það að ég skrifaði honum bréf strax eftir helgina. Þar fer ég yfir málið og bið þá sérstaklega um að vera með í verkefninu. Þar með tel ég að öllum misskilningi hafi verið eytt.“

- shá

## Hvað er að vera ég?

64 ungskáld takast á við stóra spurningu. Hugmyndaauði, sköpunarkraftur og hæfni nemenda til þess að tjá sig í rituðu máli birtist nú á mjólkurfernum landsins.

Kíktu á öll verkin á [www.ms.is](http://www.ms.is).

**Mjólk, andleg næring á fernum!**



Penninn Húsgögn kynnr:

## Heilsa, vellíðan, athygli og einbeiting nemenda

Einn helsti vinnuvistfræðingur Þýskalands, Dr. phil. Dieter Breithecker, heldur fyrirlestur á vegum Pennans um hvernig góð vinnuaðstaða nemenda getur bætt námsárangur þeirra. Þar skipta húsgögnin miklu máli.

Niðurstöðurnar byggir hann á áralöngum rannsóknum sínum.



Dr. phil. Dieter Breithecker  
Bundesarbeitsgemeinschaft für  
Haltungs- und Bewegungsförderung e.V.

Dr. Breithecker heldur tvo fyrirlestra mánudaginn 7. maí á Akureyri og í Reykjavík:

- Hótel Kea, Akureyri milli kl. 12:00 - 14:00
- Hótel Nordica, Reykjavík milli kl. 16:00 - 17:30

Nánari upplýsingar um Dr. Breithecker er að finna á slóðinni  
<http://www.bag-haltungundbewegung.de/>

Fyrirlesturinn er á ensku og öllum opinn.  
Aðgangur ókeypis.



Bandarísku samtökin Freedom House um frelsi fjölmiðla í heiminum:

## Mesta frelsið er á Íslandi

**FJÖLMIÐLUN** Fjölmiðlar í Vestur-Evrópu nutu mests frelsis í heiminum í fyrra, sérstaklega á Íslandi og í Finnlandi, Belgíu, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, en minnsta frelsið var í Mjanmar, Kúbu, Líbíu, Norður-Kóreu og Túrkménistan. Fjölmiðlar í 195 löndum voru skoðaðir. Fjölmiðlar voru taldir njóta mjög mikils frelsis í öllum löndum í Vestur-Evrópu nema einu. Í Tyrklandi töldust fjölmiðlar aðeins að hluta til frjálsir.

Tæp 40 prósent þjóða heimsins töldust hafa fullt frelsi fjölmiðla, 30 prósent að hluta til og 32 prósent töldust ekki njóta frelsis í fréttalutningi. Áttján prósent íbúa heims-

ins búa í löndum með frjálsum fjölmiðlum meðan 39 prósent hafa frjálsa fjölmiðla að hluta til og 43 prósent njóta ekki frelsis fjölmiðla.

Prent- og tjáningarfrelsi fór minnkandi, sérstaklega í löndum Asíu, fyrrum ríkjum Sovétríkjanna og Mið- og Suður-Ameríku. Í austur- og norðurhluta Afríku hefur frelsi fjölmiðla aukist smávegis síðustu árin en sú þróun stöðvaðist í fyrra.

Ástæður fyrir minna fjölmiðlafrelsi eru fjórar: áföll fyrir lýðræðið, pólitískt ójafnvægi, ofbeldi gagnvart blaðamönnum og löggjöf sem bannar til dæmis móðganir.

Í skýrslu bandarísku samtakanna Freedom House er varað við tak-

### MESTA FRELSIÐ

Ísland  
Finnland  
Danmörk  
Belgía  
Noregur  
Svíþjóð

### MINNSTA FRELSIÐ

Mjanmar  
Kúba  
Líbía  
Norður-Kórea  
Túrkménistan

Heimild: Freedom House

mörkunum á tjáningarfrelsi á netinu.

- ghs

Kaupmenn við Laugaveg ætla að hafa opið fyrsta sunnudag hvers mánaðar:

## Sólin skín á Laugavegi í sumar

**VERSLUN** „Rokið er bara fínt, látum bara blása svolítið um okkur. Svo höfum við ákveðið að sumarið verði gott, við ætlum að hafa sól á Laugaveginum í sumar,“ segir Hilda Gunnarsdóttir, verslunarstjóri Galleríhússins á Laugavegi, hvatamaður stofnunar samtakanna Fólki í bænum – hagsmunasamtaka verslunar og þjónustu við Laugaveg.

Í samtökunum eru kaupmenn og aðrir veitendur þjónustu við Laugaveg og er markmið þeirra að hefja götuna til vegs og virðingar sem helstu verslunargötu þjóðarinnar. Stefnan er að gæða Laugavegin viðlíka lífi og þrífst á Oxford-stræti Lundúna og Stríki Kaupmannahafnar.

Félagsmenn ætla að samræma opnunartíma verslana sinna og fyrstu helgar hvers sumarmánaðar verða þær opnar frá 10-17 á laugardögum og 13-17 á sunnudögum. Þá er von á ýmsum upþakomum til að gleðja sálir borgarbúa og ferðamanna.

Hilda segir samkeppnina harða við stærstu verslanamiðstöðvarnar, Kringluna og Smáralind, en samamburðurinn sé Laugaveginum hagstæður. Flóra kaffihúsa, veitingastaða og verslana sé fjölbreyttari. „Fólk segist ekki nenna að labba upp og niður Laugavegin af því að það er svo langt. Það er samt tilbúið að labba í fleiri klukkutíma í Kringlunni. Hvað ætli



HILDA GUNNARSDÓTTIR Verslunarstjóri í Galleríhúsinu Laugavegi.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

það sé þá búið að labba mikið? Sjálfsagt fjórum sinnum upp og niður Laugavegin,“ segir Hilda og bætir við að bílastæði í miðborginni séu næg.

- bps

120 1886 2006

Varðan – út í lífið er þjómasta fyrir ungt fólk sem lokið hefur námi og er að koma undir sig fótunum.

- 90% lán af markaðsvirði við kaup á fyrstu eign\*
- 100% lán af markaðsvirði á 4,95% vöxtum gegn viðbótarmeðli\*
- Námslokalan
- Yfirdráttarlán á LÍN kjörum í 2 ár
- 90% bílalaán og 50% afskiptur af lántökugjöldum hjá SP-Fjármögnun
- Móttframlag við reglubundinn sparnað
- Freltt kreditkort
- Inngöngugjöld = 20.000 vildarpunktur eða 20.000 kr. ferðaávlun

\*Umsekjumilur skilja að standið er ánammat bankans.

Við lánum þér  
**90%**  
af markaðsvirði  
fyrstu eignar

Þú færð nánari upplýsingar á landsbanki.is, í síma 410 4000 eða í næsta útibúi Landsbankans.



Landsbankinn



**NÝTT**

# LENGRI HELGI Á LAUGAVEGI!

VIÐ HÖFUM LENGT OPNUNARTÍMANN  
FYRSTU HELGI HVERS MÁNAÐAR Í SUMAR

## NÚ ER OPIÐ

FRÁ 13 TIL 17 Í DAG SUNNUDAG

HVERGI Á LANDINU ERU FLEIRI  
VERSLANIR OG VEITINGASTAÐIR EN  
VIÐ LAUGAVEG



### FÓLKID Í BÆNUM

HAGSMUNASAMTÖK VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTU VIÐ LAUGAVEG

WWW.LAUGAV.IS LAUGAV@LAUGAV.IS

GALLERI-HÚSIÐ  
LAUGAVEG 91  
- GALLERI 17  
- EVA  
- CENTRUM

GUST  
LAUGAVEGI 70



KVK  
LAUGAVEGI 27



VINNUFATABÚÐIN  
LAUGAVEGI 76

RÁÐHÚSBLÓM  
BANKASTRÆTI 4

MAÍA  
LAUGAVEGI 86-94

SEATING CONCEPT  
LAUGAVEGI 95



L'OCCITANE  
LAUGAVEGI 76



REYKJAVÍK  
PIZZA COMPANY  
LAUGAVEGI 81



SIGURBOGINN  
LAUGAVEGI 80



G-STAR  
LAUGAVEGI 86-94



COUTURE  
LAUGAVEGI 86-94



MONA  
LAUGAVEGI 66



SÍA  
LAUGAVEGI 86-94



DÚN OG FIÐUR  
LAUGAVEGI 87



LIGGALÁ  
LAUGAVEGI 67



PLAZA MEXICO  
LAUGAVEGI 70

# Ekki verðlækkun á veitingum

Ólíklegt að Neytendastofa birti svartan lista líkt og Neytendasamtökin gerðu, þrátt fyrir að rúmur helmingur veitingastaða hafi ekki lækkað verð. SAF telur lækkun virðisaukaskatts ekki hafa mistekist.

**VERÐLAG** Veitingamenn hækkuðu álagningu sína í kjölfar lækkunar virðisaukaskatts á matvöru hinn 1. mars, segir framkvæmdastjóri Neytendastofu. Þetta sé ein niðurstaða könnunar á áhrif lækkunarinnar.

Samkvæmt könnuninni lækkuðu 53 prósent veitingastaða ekki verð. Lækkunin skilaði sér því mun verr hjá veitingamönnum en hjá stórmörkuðum. Tryggvi Axelson, framkvæmdastjóri Neytendastofu, segir þessa hækkun rýra málstað veitingamanna.

„Þeir hafa beðið um aðgerðir til að bæta samkeppnisstöðuna árum saman,“ segir Tryggvi. Svo hafi þeir nýtt tækifærið til að hækka álagningu, fremur en til verðlækkunar. „Þetta er hin kalda, ljóta staðreynd sem neytendur standa frammi fyrir. Ég myndi þá segja að málstaður veitingamanna væri ótrúverðugur og

það væri nær að spyrja þá hvort [lækkun virðisaukaskatts] hafi mistekist.“

Neytendastofa mun þó líklega ekki fara að fordæmi Neytendasamtakanna og birta lista yfir þá staði sem ekki lækkuðu verð.

„Það hefur verið rætt talsvert hér innandyrna og ekki býið að taka endanlega ákvörðun um það,“ segir Tryggvi. Erfitt sé fyrir stofuna að birta slíkan lista. „Við erum opinber stofnun, en Neytendasamtökin þurfa ekki að fara eftir eins lögbundnum reglum,“ segir Tryggvi og nefnir sem dæmi jafnræðis- og meðalhófsreglur. Neytendasamtökin birtu nýlega lista yfir söluturna sem ekki höfðu lækkað verð eða leyft verðkönnun. Einnig lista yfir sjoppur sem lækkuðu. Til að birta slíkan lista yfir veitingastaði, segir Tryggvi, hefði þurft að hafa alla veitingastaði í landinu með í könnuninni. Annað teldist ósanngjarnt.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, SAF, segir að stjórn samtakanna hafi „miklar áhyggjur af viðbrögðum þeirra veitinga-



**PAR ÚTI AÐ BORDA** Bitinn hækkaði í raun í verði hjá 53 prósentum veitingastaða eftir lækkun virðisaukaskatts 1. mars, samkvæmt könnun Neytendastofu. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar beint.

manna sem ekki lækkuðu verðskrár“. Þeir séu of margir. Samstaða í hagsmunamáli sem þessu myndi auka trúverðugleika SAF gagnvart stjórnvöldum.

Hins vegar hafi lækkun virðisaukaskatts ekki mistekist. „Ég vildi sjá verðkönnun yfir lengri tíma, því verðmyndun er mjög

flókin hjá veitingahúsum,“ segir Erna. Skammtímasjónarmið ráði ferðinni hjá mörgum veitingamönnum. Að sönnu hafi orðið kostnaðarhækkunir en Erna skorar samt á félagsmenn sína, sem ekki lækkuðu verð, að endurskoða afstöðu sína.

klemens@frettabladid.is



**AÐ KJÖRBORÐINU** Vegfarandi gengur hjá kosningaauglýsingum fyrir báða frambjóðendur í frönsku forsetakosningunum, Ségolène Royal og Nicolas Sarkozy, í París. Frakkar ganga í dag að kjörborðinu í úrslitumferð kosninganna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ferðamaður í fangaklefa

Ölvaður ferðamaður sem kom til landsins á laugardagskvöld sýndi dónaskap og áreiðni tollvörð þegar áfengi var tekið af honum við tollskoðun. Maðurinn hlýddi ekki skipunum starfsfólks tollgæslunnar og fóru leikar því svo að hann var handtekinn. Hann var svo færður í fangaklefa þar sem hann var látinn sofa úr sér áfengisvímuna.



TRYGGVI AXELSSON

Frá kr. 1.430.000  
**Getz**

- ABS með ESP hmlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrymi
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

Frá kr. 16.900 á mánuði\*

## Flottur er algjört skilyrði

Fáðu þér Getz og vertu á bil sem uppfyllir öll skilyrði.



Frá kr. 16.900 á mánuði\*

- ✓ Flottur
- ✓ Rúmgóður
- ✓ Öruggur
- ✓ Hagstæður
- ✓ Traust bílaumbod
- ✓ Góð þjónusta



Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bilasamningur miðast við 80% lánsflutfall af kr. 1.430.000 í 84 mánuði og í erlendri myntkúrfu, JPY 50%, CHF 50%.

**HYUNDAI**

www.hyundai.is

Hyundai hefur gæðin

## Alcoa Fjarðaál: Segja umsóknir ekki til sérstakrar skoðunar

**VINNUMÁL** Erna Indriáadóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa Fjarðaáls, segir að samkvæmt upplýsingum fyrirtækisins sé ekki í gangi „sérstök skoðun“ hjá Persónuvernd á eyðublöðum sem eru

notuð við heilsufarsskoðun Alcoa Fjarðaáls. Eyðublöðin hafa borist Persónuvernd en Þórður Sveinsson, lögfræðingur hjá Persónuvernd, staðfesti við



ERNA INDRIÁADÓTTIR

Fréttablaðið í fyrradag að umsóknareyðublöð Alcoa Fjarðaáls væru til skoðunar hjá stofnuninni en sagði hana ekki langt komna.

„Það er fyrirtækið InPro sem annast heilbrigðissskoðanir fyrir Alcoa í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Austurlands. Öll framkvæmd þeirra og meðferð gagna fer eftir íslenskum heilbrigðisstöðlum og lögum um varðveislu og meðferð sjúkraskráa. Heilsufarsupplýsingar starfsmanna Alcoa Fjarðaáls eru geymdar hjá HSA á sjúkrahúsinu í Neskaupstað. Markmið heilsufarsskoðana fyrirtækisins er að tryggja að öryggi og heilsa starfsmanna sé í algerum forgangi. Alcoa Fjarðaál hefur auk þess átt frumkvæði að því að fá leiðbeiningar hjá Persónuvernd um hvernig best væri að standa að heilsufarsskoðun,“ segir í athugasemd sem Erna sendi Fréttablaðinu í gær. - sbt

Betri tímar í ferðaiðnaði:

## Vaxandi tekjur af hótelnunum

**FERÐAIDNADUR** Nýting á herbergjum og tekjur á hvert herbergi á íslenskum hótelnun voru hvortveggja hærri í mars en í sama mánuði í fyrra. Þetta er niðurstaða úr tekjukönnun Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Hotelbenchmark.com. Í fréttabréfi SAF segir að meðalherbergjanýtingin hafi verið 64 prósent í mars miðað við 58,6 prósent í fyrra. Þá hafi tekjur fyrir hvert framboðið herbergi hækkað úr 4.030 krónum í 4.683 krónum. Fjögurra stjörnu hótelin í Reykjavík komi best út með 25,4 prósentu aukningu í tekjum fyrir herbergið á fyrstu þremur mánuðum ársins. - gar

Greiðsluþátttaka uppfærð:

## Styrkur í sér-fæði sjúklinga

**HEILBRIGÐISMÁL** Ný reglugerð um hækkun á styrkjum Tryggingastofnunar ríkisins til kaupa á næringarefnum og sér-fæði fyrir sjúklinga var undirrituð í fyrradag af heilbrigðisráðherra. Reglugerðin tekur til fæðis sem sýnt þykir að sjúklingar þurfi lífsnauðsynlega á að halda.

Með ákvörðuninni er greiðsluþátttaka stofnunarinnar vegna kaupa á sér-fæði uppfærð til samræmis við verðþróun og ábendingar um að innkaupaheimildir dugi ekki fyrir því magni af næringu eða sér-fæði sem næringarfræðingar mæli með.

- kdk



**FALLEGT HANDVERK** Jóna Vernharðsdóttir sýnir ljósmyndara nokkra muni sem félagsmenn í Bólstaðarhlíð hafa unnið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Opið hús í Bólstaðarhlíð:

## Kynslóðabilið verður brúað

**MENNING** Mikið verður um dýrðir í félagsmiðstöðinni í Bólstaðarhlíð 43 í dag. Þar er opið hús svo gestir og gangandi geta komið og kynnt sér starfið.

„Í dag verður sýndur línudans. Svo hefur verið sett upp hér sýning á handverkinu sem unnið hefur verið í vetur,“ segir Jóna Vernharðsdóttir, verkefnisstjóri í félagsmiðstöðinni.

Í vetur hafa börn úr Hlíða-skjólí, frístundaheimili Hlíða-skóla, verið í samstarfi við félagsmiðstöðina í Bólstaðarhlíð. Á sýningunni má til dæmis skoða verkefni þar sem börnin lýsa því hvernig þau halda að þau sjálf verði á efri árum. „Þetta samstarf hefur gengið vel og afrakstur þess má skoða hér um helgina,“ segir Jóna. Félagsmiðstöðin verður opin í dag milli klukkan 13 og 17.

- þo

Verkalýðsfélag Akraness:

## Tveir Pólverjar fá leiðréttingu

**VINNUMARKAÐUR** Verkalýðsfélag Akraness hefur gengið frá leiðréttingu á launum fyrir tvo pólska verkamenn. Leiðréttingin nemur tæplega 100 þúsund krónum á hvorn, samtals um 200 þúsund krónum. Leiðréttingin nær til fjögurra mánaða.

Pólsku verkamennirnir leituðu til félagsins eftir að þeir létu af störfum hjá fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu vegna grunsemda um að hafa ekki fengið laun í samræmi við íslenska kjarasamninga, að því er fram kemur á vef verkalýðsfélagsins.

- ghs

# OKKAR FÓLK

## Í FRAMBOÐI TIL ALÞINGISKOSNINGA 2007



### NORÐVESTURKJÖRDÆMI

1. Jón Bjarnason 2. Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir 3. Björg Gunnarsdóttir 4. Ásmundur Einar Daðason 5. Jenný Inga Eidsdóttir 6. Hjördís Garðarsdóttir 7. Guðmundur Hólmar Jónsson 8. Lárus Ástmar Hannesson 9. Jóna Benediktsdóttir 10. Rósmundur Númason 11. Rún Halldórsdóttir 12. Halldór Brynjúlfsson 13. Telma Magnúsdóttir 14. Hákon Frosti Pálmason 15. Gunnar Njálsson 16. Harpa Kristinsdóttir 17. Lilja Rafney Magnúsdóttir 18. Jón Fanndal Þórðarson



### NORÐAUSTURKJÖRDÆMI

1. Steingrímur J. Sigfússon 2. Púriður Backman 3. Björn Valur Gíslason 4. Dýrleif Skjöldal 5. Ingibjörg Hjartardóttir 6. Jóhanna Gísladóttir 7. Jón Kristófer Arnarson 8. Klara Sigurðardóttir 9. Þórunn Alda Ólafsdóttir 10. Berglind Hauksdóttir 11. Ásmundur Páll Hjaltason 12. Marie Robin 13. Þorsteinn Bergsson 14. Finnur Dellsén 15. Ríkey Sigurbjörnsdóttir 16. Ásbjörn Björgvinsson 17. Jan Eric Jessen 18. Hlynur Hallsson 19. Guðmundur H. Sigurjónsson 20. Málfríður Sigurðardóttir



### SUÐURKJÖRDÆMI

1. Atli Gíslason 2. Alma Lís Jóhannsdóttir 3. Ragnheiður Eiríksdóttir 4. Sigprúður Jónsdóttir 5. Hólmar Tryggvason 6. Jórunn Einarsdóttir 7. Kristín G. Gestsdóttir 8. Arndís Soffía Sigurðardóttir 9. Kári Kristjánsson 10. Guðrún Olga Clausen 11. Pétur Halldórsson 12. Marta Guðrún Jóhannesdóttir 13. Sigurlaug Gröndal 14. Aldís Gunnarsdóttir 15. Agnar Sigurbjörnsson 16. Jón H. Ragnarsson 17. Hildur Hákonardóttir 18. Sævar Kristinn Jónsson 19. Guðrún Jónsdóttir 20. Karl Sigurbjörnsson

# ALLT ANNAÐ LÍF

- með vinstri grænum



# Lykill að fortíðinni



Aðalstræti 16  
www.reykjavik871.is



Minjasafn  
Reykjavíkur

Reykjavík  
**871**±2

Landnámssýningin  
The Settlement  
Exhibition

Landnámssýningin við Aðalstræti veitir gestum tækifæri til að skyggast inn í lífið á landnámsöld. Miðpunktur sýningarinnar er skálarúst frá 10. öld. Einnig má þar finna fornleifar frá því um 871 og eru það elstu mannvistarleifar sem fundist hafa á Íslandi.

Einstök margmiðlunartækni gerir gestum kleift að ímynda sér hvernig lífi heimilisfólks í fyrstu byggð Reykjavíkur var háttað og hvernig umhverfi og landslag borgarinnar var við landnám.



# Athugasemdir við ummæli yfirlæknis BUGL

## UMRÆÐAN

Heilbrigðismál



HELGI VIBORG

Það er að mínum dómi ekki rétt að barnageðdeild sérfræðisþítala eigi að sinna fimm prósentum barna eins og Ólafur Guðmundsson, yfirlæknir, segir í Fréttablaðinu á dögum. Mín skoðun er að nauðsynlegt sé að Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans (BUGL) sinni um einu prósentu barna og geri það vel. Að BUGL eigi að sinna forvarnarvinnu er einhver misskilningur. Slík vinna á að vera og er í verkahring sveitarfélaga. BUGL gæti hins

vegar komið að þeirri vinnu með ráðgjöf, og ætti að gera það.

Starfsemi og skipulag Landspítalans er mér óskiljanlegt. Stofnun sem skipuleggur sig þannig að deildir spítalans telji sig hagnast mest á því að sem flestir landsmenn séu sjúkir og að biðlistar eftir þjónustu séu sem lengstir á lítið skylt við hugtakið heilbrigði og á ekki að vera benduð við háskóla. Það skipulag kallar á að kraftar og hæfileikar okkar fremstu sérfræðinga beinast að því að gera sem flesta sjúka í stað heilbrigðra. Starfsemi heilbrigðiskerfisins tengd hegðunar- og geðrænum erfiðleikum barna er gott dæmi um ógöngur sem rangt kerfið getur sett okkur í. Ólafur telur að BUGL eigi að sinna fimm prósent barna á

landinu á meðan aðrar þjóðir telja að sams konar sérfræðisþjónusta eigi að sinna einu eða í mesta lagi tveimur prósentum barna.

Áhrifin af þessari röngu stefnu eru afar slæm. Hvergi í veröldinni eru fleiri börn skilgreind sjúk en hér á Íslandi. Við erum að gefa 10 til 20 SINNUM fleiri börnum geðlyf en nágrannalönd okkar. Skilaboðin frá heilbrigðisyfirvöldum eru óljós og óábyrg. Stjórnun BUGL undanfarin ár hefur verið sérstök. Áhersla hefur verið á að afla gjafa frá fyrirtækjum og félagasamtökum. Sömu leiðis hafa verið áberandi stórar og oft lítt faglegar yfirlýsingar um slæmt ástand íslenskra barna. Þetta eru mjög slæm skilaboð út í samfélagið. Jafnframt þessu virðast sérfræðingar BUGL vera afar

uppteknir af eigin stofurekstri, svo að foreldrar og sérfræðingar sem eru að vinna með börn í skóla- og félagskerfinu vita oft ekki hvort þeir eru að vinna fyrir BUGL eða sína einkastofu. Þetta vekur upp spurningar um siðgæði stofnunarinnar. Ég tel þörf á meiri ábyrgð og faglegri leiðsögn svo að BUGL standi í alvöru undir því að vera sérfræði- og háskólastofnun.

Svara þarf á faglegan og ábyrgan hátt hvers vegna svo mörg börn á Íslandi eru sjúkdómssgerð og sett á geðlyf. Getur verið að þolmörk vegna orkumikilla og krefjandi barna séu of lág? Er skólakerfið og samfélagið að bregðast þessum börnum og krefjast lausna frá heilbrigðiskerfinu í stað þess að skoða hvornig betur megi sinna krefj-

andi börnum? Við vitum að til eru börn sem eru mjög erfið í hegðun, oft er þetta tímabundinn vandi. Flest þessara barna eru drengir en líka eru til hegðunarlega krefjandi stelpur. Þörfum þessara barna þarf að sinna sérstaklega en ekki sjúkdómssgera þau. Þetta er sérstaklega brýnt þegar um er að ræða foreldra sem eiga í erfiðleikum sjálf, t.d. vegna erfiðra skilnaða, geðrænna erfiðleika eða vegna vímuefnaneyslu svo eitthvað sé nefnt. Þessum foreldrum þarf að hjálpa en ekki sjúkdómssgera börnin. Heilbrigðisyfirvöld þurfa að axla þá ábyrgð og vinna með sveitarfélögum að nauðsynlegum úrbótum.

*Höfundur er sálfræðingur og deildarstjóri Miðgarðs.*

## Frjálslyndir fella stjórnina

### UMRÆÐAN

Kosningar



KRISTINN H. GUNNARSSON

Kostirnir sem blasa við kjósendum eru ákaflega skýrir. Ríkisstjórnin heldur áfram ef hún fær áframhaldandi meirihluta þingsæta.

Stjórnarandstaðan er sameinuð í því að fella ríkisstjórnina og ætlar sér að mynda nýja ríkisstjórn ef það tekst. Framan af kosningabaráttunni lá það nokkuð ljóst fyrir að það myndi takast. En eftir að Íslandshreyfingin kom fram urðu valkostirnir óskýrir, enda það stjórnmalafli ekki hluti af stjórnarandstöðunni og skilgreinir sig pólitískt við hlið stjórnarflokkanna.

Nú er myndin aftur að skýrast, eftir því sem dregur úr fylgi við nýja flokkinn, annars vegar ríkisstjórnarflokkarnir og hins vegar stjórnarandstöðuflokkarnir þrír. Að jafnaði er stjórnarandstaðan með meira fylgi en stjórnarflokkarnir, en þeir fá stundum fleiri þingmenn þrátt fyrir það, vegna dreifingar atkvæða á framboð sem ekki fá mannkjörinn. Frjálslyndi flokkurinn er aftur að eflast og sækja í sig veðrið og þá er ríkisstjórnin við það að falla.

Samfylkingin og Vinstri grænir munu ekki fá meirihluta atkvæða einir og sér og því aðeins fellur ríkisstjórnin að Frjálslyndir geri það með góðri útkomu á kjördag. Það þarf Frjálslynda flokkinn til svo það verði langþráðar breytingar.

*Höfundur er alþingismaður.*



Guðfína S. Bjarnadóttir  
fv. rektor HR, 2. sæti Rvk. Norður



Sigríður Ásthildur Andersen  
Lögfræðingur, 5. sæti Rvk. Norður



Grazyna María Okuniewska  
Hjúkunarfræðingur, 6. sæti Rvk. Norður



Ásta Möller  
Alþingismaður, 4. sæti Rvk. Suður



Dögg Pálsdóttir  
Hæstaréttarlögmaður, 6. sæti Rvk. Suður



Herdís Þórðardóttir  
Fiskverkandi, 4. sæti Rvk. Suðvestur



Arnbjörg Sveinsdóttir  
Alþingismaður, 2. sæti Nordaustur



Ólöf Nordal  
Framkvæmdastjóri, 3. sæti Nordaustur



Björk Guðjónsdóttir  
Forseli bæjarstjórnar, 4. sæti Suður



Unnur Brá Konráðsdóttir  
Sveitarstjóri, 5. sæti Suður



Ragnheiður Elín Árnadóttir  
Aðstoðarmaður ráðherra, 5. sæti Suðvestur



Ragnheiður Ríkhárdsdóttir  
Bæjarstjóri, 6. sæti Suðvestur



Porgerður Katrín Gunnarsdóttir  
Varaformaður og menntamálaráðherra, 1. sæti Suðvestur

## Kjósum sterkan hóp kvenna á þing!

Þessar konur eiga allar góðan möguleika á þingsæti í komandi alþingiskosningum.

Með góðri kosningu Sjálfstæðisflokksins mun hlutur kvenna á Alþingi aukast verulega og fleiri konur sitja í þingflokki Sjálfstæðisflokksins en í nokkrum öðrum þingflokki frá lýðveldisstofnun.

*Nýjir tímar - á traustum grunni*



SJÁLFTÆÐISFLOKKURINN

xd.is

visir

FYRSTUR  
MEÐ  
FRÉTTIRNAR

www.visir.is



Endurminningin merlar æ  
í mána silfri hvað sem var ...

*Grimur Thomsen*

 **spron**  
**75 ára**

# Með framtíðina í huga

Um þessar mundir fagnar SPRON 75 ára afmæli sínu. SPRON leggur ríka áherslu á persónulega og góða fjármálaþjónustu og er í dag leiðandi meðal íslenskra fjármálafyrirtækja hvað varðar ánægju viðskiptavina. Á traustum grunni og með hagnunni viðskiptavina sinna að leiðarljósi horfir SPRON til framtíðar og stefnir áfram að því markmiði að vera í fararbroddi á íslenskum fjármálamarkaði.

Afmæli SPRON verður fagnað með ýmsum hætti á árinu en við hefjum afmælisárið með kaffi og kökum í öllum útibúum SPRON mánudaginn 7. maí.

**Allir velkomnir!**

75 ára

 **spron**





# darana



## BÁTADAGAR UM HELGINA



[www.rs.is](http://www.rs.is)



Helgina 5.-6. maí höldum við veglega bátasýningu að Ánanaustum. Þar sýnum við báta og allt er viðkemur þeim; utanborðsmótora, fiskileitartæki, talstöðvar, GPS siglingatæki, björgunarbúnað og margt fleira. Verið velkomin.  
**Opið laugardag 10-18 og sunnudag 12-18.**



**R. SIGMUNDSSON**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | [rs@rs.is](mailto:rs@rs.is)

 **Samfylkingin**

# Ókeypis námsbækur í framhaldsskólum



**Björgvin G. Sigurðsson**, 1. sæti suðurkjördæmi  
**Katrín Júlíusdóttir**, 2. sæti suðvesturkjördæmi







# Hástökkvari ársins 2007

Sjóvá hreppti titilinn, hástökkvari ársins 2007 í stærstu vinnumarkaðskönnun VR.  
Spurt var um líðan starfsmanna í vinnu, samskipti á vinnustað, viðhorf til stjórnenda fyrirtækja,  
vinnuumhverfi og margt fleira.

Við tökum stolt við viðurkenningunni og stefnum á að efla  
líðsanda og líðan okkar enn frekar.

**SJÓVÁ**

Pú tryggir ekki eftir á!

**AUSTURBUNKI** Fjöruarfi eða fjörúkal (*Cakile arctica*) á norðurströnd Surtseyjar sem var fyrsta plantan sem fannst á eyjunni. Fræin eru búin til þess að fljóta og berast með sjónum á nýjar sandfjörur. Móberg og vatnsrásir sjást hér vel í hlíðum móbergshæðarinnar Austurbunka. MYND/ERLING ÓLAFSSON




# 40 ár frá lokum Surtseyjarelda

Á þessu ári eru liðin fjörutíu ár frá lokum Surtseyjarelda en þeir stóðu í þrjú og hálf ár frá því í nóvember 1963. Surtsey skipar heiðursess í vísindasögu og vitund þjóðarinnar. Eyjan var friðlýst árið 1965 og hefur síðan verið lifandi rannsóknastöð. Surtsey hefur af Íslands hálfu verið tilnefnd á heimsminjaskrá UNESCO yfir náttúruminjar og umferð þangað er aðeins leyfð í vísindaskyni. Náttúrufræðistofnun Íslands opnar sýninguna Surtsey – jörð úr ægi í Þjóðmenningarhúsinu í dag.



**SURTSEY 5. FEBRÚAR 1964** Surtseyjareldar eru með lengstu eldgosum sem orðið hafa hér á landi. Fyrst varð vart við gosið að morgni 14. nóvember 1963, 18 kílómetrum suðvestur af Heimaey í Vestmannaeyjum. Eyja myndaðist þegar 15. nóvember og í lok janúar 1964 var hæð hennar orðin 174 metrar, eða rúmlega 300 metrar frá sjávarbotni. Þegar gosum lauk í júní 1967 höfðu þau staðið í rúm þrjú og hálf ár og var Surtsey þá orðin 2,7 ferkílómetrar að flatarmáli. Neðarsjávargosin mynduðu einnig eyjarnar Syrtling og Jólni en hafrótið braut þær fljótt niður aftur. MYND/SIGURDUR ÞÓRARINSSON



**PÁLBSÆR II Í SURTSEY** Surtsey hefur frá upphafi verið lifandi rannsóknastöð og í þessum kofa, Pálbsær II, eiga vísindamenn athvarf í eyinni. MYND/ERLING ÓLAFSSON



**BALDURSBRÁ** Gróskumikil baldursbrá og melgresi í máfavarpinu í Surtsey. Gígurinn Surtur og móbergshæðin Austurbunni í baksýn. Eftir að þétt máfabýggð tók að myndast barst fjöldi háplöntutegunda til eyjarinnar og er líklegt að flestar þeirra hafi borist með máfunum og öðrum fuglum sem hafa viðkomu í varpinu. Meðal þeirra eru skarfakál, krækilyng, brennisóley, vallarsveifgras og njóli. MYND/ERLING ÓLAFSSON

## Stjórnvöld sýndu framsýni

„Forsendur fyrir tilnefningu Surtseyjar eru tvíþættar: Annars vegar er eyjan einstakt dæmi um þýðingarmikil ferli í landmótun, bergmyndun og jarðeðlisfræði. Hins vegar er Surtsey einstök vegna þess að þar hafa skapast tækifæri til þess að fylgjast með aðflutningi, landnámi og útbreiðslu lífvera á lífvana landi.“ segir Sveinn Jakobs-son, jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Frá upphafi hefur rannsóknunum verið sinnt skipulega í Surtsey og Sveinn segir stjórnvöld hafa sýnt mikla framsýni með friðun eyjarinnar strax 1965. „Bann við óþörfum mannaferðum hefur tryggt að þróun Surtseyjar og framvinda lífríkis í eyinni er óháð afskiptum manna. Vísindarannsóknirnar í Surtsey eru því mikilvægar á mörgum sviðum náttúrufræði og Surtsey er einstök rannsóknastöð um þróun úthafseyja, landnám tegunda og breytingar á lífríki.“




**SVEINN JAKOBSSON JARÐFRÆÐINGUR**

Í tengslum við tilnefningu Surtseyjar á heimsminjaskrána var friðland við eyna stækkað verulega og tók sú stækkun gildi 27. janúar 2006. Friðlýsingin tekur til alls eldfjallsins þar sem það rís af sjávarbotni og til sokkina eldfjallaeyja, Jólnis, Syrtlings og Surtlu auk Surtseyjar sjálfar og hafsvæðisins. Þannig er eldstöðin öll á sjávarbotni 5,8 km löng. Friðlandið er alls ríflega 65 ferkílómetrar að stærð. Sjálf er Surtsey nú aðeins 1,38 ferkílómetrar ofan haflatar en varð stærst 2,64 ferkílómetrar við lok gossins.

# LÍKAMSVIRÐING

## Megrunarlausir dagurinn 2007

SUNNUDAGUR 6. MAÍ



## Heilsa óháð holdafari

Heilsa óháð holdafari (Health at Every Size) er ný nálgun að heilbrigði sem hafnar þeirri hugmynd að grannur vöxtur sé forsenda heilsu og hamingju. Fylgjendur stefnunnar telja þessa ranghugmynd hafa skapað ýmis alvarleg vandamál og vilja þess í stað leggja áherslu á:

- **Að bæta heilsu**  
-áhersla á tilfinningalega, líkamlega og andlega velferð án áherslu á þyngdartap eða „kjörþyngd“.
- **Að bæta sjálfs- og líkamsmynd**  
-að bera virðingu fyrir dásamlegum fjölbreytileika líkamsvaxtar í stað þess að keppa að hinni „réttu“ þyngd eða líkamslögun.
- **Að njóta þess að borða**  
-að borða samkvæmt innri merkjum hungurs og saðningar, matarlystar og næringarþarfar hvers og eins í stað þess að fylgja utanaðkomandi matarplönum, reglum, boðum og bönnum.
- **Að njóta þess að hreyfa líkamann**  
-að stunda reglulega og ánægjulega hreyfingu sem eykur lífsprótt, hreysti og vellíðan í stað þess að hreyfa sig fyrst og fremst í þeim tilgangi að grennast.
- **Að sporna gegn fitufordómum**  
-að gera sér grein fyrir því að líkamsstærð og þyngd segja ekki til um matarvenjur, hreyfingu, persónuleika eða mannkosti. Fegurð og manngildi koma fyrir í öllum stærðum og gerðum.

## Uppruni Megrunarlausis dagsins

Megrunarlausir dagurinn (International No Diet Day) er alþjóðlegur baráttudagur gegn megrun, átröskunum og fordómum í garð feitra. Árið 1992 stofnaði Mary Evans Young, fyrrum sjálfsveltisjúklingur, International No Diet Day til þess að vekja athygli á skaðlegum áhrifum útlitsdýrkunar og mismununar í garð þeirra sem falla utan hins viðurkennda ramma um æskilegan líkamsvöxt. Síðan þá hefur skipulögð dagskrá verið haldin víða um heim árlega þann 6. maí til þess að vekja athygli á þjáningum sem hljótast af þráhyggju um grannan vöxt og almennri andúð á fitu. Á þessum degi eru allir hvattir til þess að láta af viðleitni sinni til þess að grennast, þó ekki væri nema í einn dag, og leyfa sér að upplifa fegurð og fjölbreytileika mismunandi líkamsvaxtar og sjá fyrir sér veröld þar sem megrun er ekki til, þar sem hvers kyns líkamsvöxtur getur verið tákni um hreysti og fegurð og mismunun vegna holdarfars þekkist ekki.

### Á þessum degi viljum við:

- Fagna margbreytilegum líkamsvexti af öllum stærðum og gerðum
- Minna á rétt allra til heilbrigðis, hamingju og velferðar óháð líkamsvexti
- Lýsa yfir opinberum frídegi frá hugsunum um mat, megrun og líkamsvöxt
- Vekja athygli á lítt þekktum staðreyndum um megrun, heilsu og holdafar
- Berjast gegn andúð á líkamsfitu og fordómum vegna vaxtarlags



# Af hverju megrunarlaus dagur?

Allir hafa sérstöðu. Fjölbreytileikinn er ein af fáum, óhrekjanlegum staðreyndum lífsins. Við erum mismunandi á litinn, höfum mismunandi hár, augu, andlit, skoðanir, lífssýn og langanir. Við erum líka mismunandi í laginu. Sum okkar eru mjó og önnur feit. Flest okkar eru einhvers staðar mitt á milli en öll erum við frábrugðin hvort öðru. Í siðmenntuðum samfélögum tökum við fagnandi á móti fjölbreytileikanum, lítum á hann sem eðlilegan og erum þakklát fyrir þá safaríku blöndu mannlífs sem hann elur af sér. Við erum sammála um að allir eigi rétt á sér og enginn skuli vera litinn hornauga.

Þrátt fyrir allan áhuga okkar á umburðarlyndi þá höfum við skapað samfélag sem mismunar fólki eftir líkamsvexti. Í okkar menningu hljóta þeir sem eru grannir sjálfkrafa aðdáun og viðurkenningu en þeir sem eru feitir eru litnir hornauga. Þeim grönnu eru eignaðir mannkostir á borð við dugnað, hófsemi og sjálfsstjórn á meðan feitt fólk er sakað um ofát, leti og skort á sjálfsgöð. Við áttum okkur ekki einu sinni á því að þetta séu fordómar heldur lítum á þetta sem sjálfsgöð sannindi. Einmitt það innsigliar fordómanna.

Afleiðingin er sú að allir vilja vera grannir og enginn vill vera feitur – sem eru erfið lífsskilyrði þegar við erum öll ólík. Við getum ekki öll verið eins.

**Líkamsvöxtur er ekki eitthvað sem við getum valið eftir hentisemi. Afneitun á þessari einföldu staðreynd hefur alið af sér ýmiskonar vandamál, eins og slæma líkamsmynd, þunglyndi og átraskanir.**

Strax á leikskólaaldri eru börn farin að velja því fyrir sér hver þeirra séu feit og hver ekki. Fjölmíðlar sögðu nýlega frá því að skólástúlkur í Reykjavík, allt niður í sjö ára gamlar, væru í megrun og kepptu innbyrðis um hver þeirra væri mjóust. Það er ekki hægt að kenna tískublöðnum um afbrigðilegt hugarfar þessara barna – skýringarnar liggja annars staðar. Þegar komið er í efri bekkinn grunnskóla fer helmingur stelpna í megrun og í framhaldsskólum er einn af hverjum tíu nemendum með einkenni átröskunar. Þetta er ekki eðlilegt. Kynslóð ömmu og afa þekkti ekki átraskanir en nú eru þær meðal algengustu geðraskana ungra kvenna.

Skaðsemi menningar sem upphéfur grannan vöxt og óttast fitu birtist ekki aðeins í

megrun og átröskunum. Feit börn verða iðulega fyrir stríðni í skólanum og þannig læra öll börn hvers konar líkamsvöxtur býður upp á félagslega útskúfun. Er undarlegt að þau leiti örvæntingafullra leiða til að forðast þessi örlög? Bandarískar rannsóknir benda til þess að fordómar í garð feitra barna hafi aukist um 40% á síðustu fjörutíu árum. Fordómar, stríðni og aðkast vegna líkamsvaxtar hafa djúpstæð áhrif á sálarlíf barna og skilja eftir sig spor langt fram á fullorðinsár. Börnum sem er strítt vegna holdafarsins hafa minni sjálfsvirðingu og verri líkamsmynd en önnur. Þau læra að líkami þeirra sé ljótur og óæskilegur og fyrir utan að eyðileggja fyrir þeim barnæskuna dregur það úr löngun þeirra til að hugsa vel um sig. Til hvers að hugsa vel um eitthvað sem manni finnst vera bara drasl?


Átraskanir, fitufordómar og vanlíðan vegna líkamsvaxtar eru samofin vandamál. Þau eru bundin við gildismat okkar og menningu. Ef við ætlum að losna við þau þurfum við samfélagslegar breytingar. Allar þessar þjáningar eru ónauðsynlegar. Þær þekkjast varla í menningarheiminum sem ekki deila áhuga okkar á megrun og grannholda útliti. Það ætti að vera fullkomnlega raunhæft að koma þeim burt. Markmið Megrunarlaus dagsins er að hrinda af stað slíkum breytingum. Lítum í eigin barm. **Búum til umhverfi þar sem allir geta lifað í sátt við líkama sinn þótt hann sé ekki fullkominn.** Hættum að skamma fólk og hrósa því til skiptis eftir því hvernig það er í laginu. Beinum heilsuefningu frekar að lífsvenjum en líkamsvexti og leyfum fjölbreytileika holdsins að njóta sín. Okkur getur ekki liðið vel nema í veröld þar sem er pláss fyrir alla.



**Sigrún Danielsdóttir**

Sálfræðingur og skipuleggjandi Megrunarlaus dagsins

# Staðalímyndir og fordómar



Megrunarlaus dagurinn!  
Ég man þegar ég heyrði fyrst um þetta fyrirbæri, það var í fyrravor og ég var á kafi í skólabókum. Það var á einum af mörgum „hittum“ Feministafélags Ísland þar sem ég heyrði um daginn fyrst og varð létt. Það er alltaf gott að vita að það er til fólk sem setur spurningarmerki við hin ýmsu viðmið í samfélaginu. Fólk sem hefur það markmið að brjóta á bak aftur þær staðlímyndir sem eru svo rótgrónar í hugum okkar og svo virðist sem af nógu sé að taka.

Þrátt fyrir að ég hafi sjálf sett spurningarmerki við það sem ég hef talið óeðlilega líkamsdýrkun og einsleitt holdarfar hafði ég ekki endilega velt fyrir mér hversu rótgrónir þessir fordómar eru um líkamsþyngd fólks.

Á sama tíma í fyrra voru vorprófin framundan og nóg að gera hjá stúdínu á lokasprettinum fyrir útskrift. Ég reyndi að mæta í ræktina á hverjum morgni og þóknast einkabjálfarann mínum. Honum fannst ekki alveg við hæfi að fá sér rauðvín og osta með stelpunum á miðvikudögum. „Veldu þér bara einn nammidag í vikul!“ var slagorðið hans og mér fannst ég, sælkerinn sjálfur, aldrei geta gert honum til hæfis.

**Það kom svo ekki á óvart að ég gafst fljótlega upp á þessum stefnumótum við einkabjálfarann. Það var farið að vera leiðinlegt að hreyfa sig og ég var alltaf með samviskubít yfir því hvað ég lét ofan í mig.**

Eftir að ég hef gefið mér tíma til að velja hugmyndum Megrunarlaus dagsins fyrir mér kom mest á óvart hvernig umræðurnar um daginn, við vini og vandamenn, fóru allar að snúast um eitt og sama viðfangsefnið: Offitu. Hræðslan við offitu er mikil og fólk er mun hræddara um að vera of feitt en óhóflega grannt - í raun þykir allt í lagi að vera alltof grannur.

Það hefur tekið mig smá tíma að átta mig á þessari brenglun, hversu fljót ég sjálf er að líta á of grannan vöxt sem eðlilegan en átt erfiðara með að samþykkja fólk sem er í góðum holdum. Þessir fitufordómar eru kjánalegir þar sem fátt bendir til þess að samasemmerki sé milli holdarfars og heilsu eða persónugerðar. Grannvaxið fólk getur verið afar óheilbrigð á meðan þéttari líkamar geta verið vel nærðir og heilbrigðir.

Það er auðvelt hafa fitufordóma í dag, sérstaklega



vegna þess að ímyndinni af hinum „réttu“ líkama er stanslaust haldið að okkur í auglýsingum, sjónvarpi og kvikmyndum. Líkamsbyggingunni sem við erum öll látin þrá. Grönnum líkðum er stíllt upp sem eftirsóknarverðum og heilbrigðum fyrirmyndum í andstöðu við þéttvaxnari líkama sem eiga að vera okkur víti til varnaðar. Heilbrigð sál í hraustum líkama segir ekkert um hvernig holdarfarir á að vera. Hraustur líkami er ekki alltaf grannur og feitur líkami er ekki alltaf óheilbrigður.

**Forðumst þær fyrirframgefnu hugmyndir sem við höfum um hið eina rétta holdafar. Fögnum margbreytileikanum, sama í hvernig formi hann birtist, og borðum osta á miðvikudögum ef okkur langar til.**



**Marín Þórsdóttir**  
Mannfræðingur

MYNDSKREYTING:  
ANNA MARGARETA NILSSON  
(writeletters@gmail.com)



## Af konum, stelpum og holdi

### Meira töfrandi, fallegr, betri, yngri, klárari, elsku-verðari ... ja og endilega þrýstnari

Fleiri eru feitir en þörf er á vegna þess hve mikil spennan hefur myndast milli matar og manns. Grenningarárátta heils samfélags kemur út í sekt og álagi varðandi sjálfsgæða næringu. Ekkert má borða, maður spennist því upp, bitur á jaxlinn þótt svangur sé eða treður í sig fram yfir skilaboð heilans um fyllingu. Það sem ekki má fyllist rafmagni og verður sjúklega lokkandi. Samfélagið er orðið svo nojað að á hófneyslu er líka ráðist. Fólk sem er bragglegt eða í góðum holdum fær ekki lengur að njóta sín, þar sem ekki minni uppspretta angistar gagnvart fæðunni en heilsutjónið hefur verið fundið upp og kallast ríkjandi fegurðarímynd. Af henni sprettur viljinn til holdleysis. Sem er plága sem kvelur morgun og gerir feitari en annars væri.

Hættum að horfa á myndir af ofurgrönnu fólki og supermódelum af öllum kynjum, lítum undan, flýjum þau, langt inn í skóg... dýrkum frekar óhefðbundna fegurð og andstæðu þess sem talið er fagurt því það gerir hið „fagra“ fagurt. Það sem er öðruvísi er spes. Bungaðar línur eru öðruvísi heillandi en þær naumu, þær höfða til annars smekks en þeirra sem hönnuðu tískuna. Göngumst undir meðvitaða vitundaraðgerð sem sker burt rangar ímyndir fjöl-dáleiðslunnar. Gáum hvað krókóðilaheilinn segir um fegurð. Sá sem slakar á gagnvart holdi sínu, eigin útliti og annarra fær miklu meiri lífs lyst og þar með edlilegri matarlyst. Beibið sem Borat endar með í kvikmyndinni er miklu geðslegra en ofurdrísinn sem hann áður eltist við. Sé vel að gáð.

Göggunarröð mannfélagsins gerir að verkum að allir vilja vera betur metnir og þeir á toppnum vilja absólút halda sínu. En fyrr má nú vera sjúkt því allur massinn ber sig saman við þá sem ímynda-staðallinn telur fínasta í heimi. Fegurð er talin trygging gegn holdlegri einsemd og leiða en vandinn er sá að sama er hvað þú hittir fagra konu – hún vill vera fegurri. Miskunnarlaus grenning er eitt af því sem við reynum að gera til að „laga“ ímynd okkar. Skiljanlega vilja konur skáka á borði tísku og fegurðar, jafnvel þótt þær falli sjálfar úr hor í leiðinni, svo vel hefur tekist að predika í áratugi fegurð holdleysis. Konur eru konum verstar hvað grimma útlitsdóma varðar því þær eiga í innbyrðis slag um þarfanaut sín og stóðhesta – undir gegnsærri klassískri rós. Við viljum öll upp á við á skalanum en ekki niður í gröfina. Ég vil vera falleg, tvítug og karlkyns svo ég geti breytt mér í kyntröll með því að ferðast um lönd dverganna í heiminum. Stórar stelpur geta ekki pantað sér Tælending, það yrði nú meiri hörmungin ...

*Í fullri alvöru... til þess að lukkan eigi meiri séns verður hver og einn og hver og ein að byggja upp sjálfstæði gagnvart ofbeldi ríkjandi ímynda. Það sem mestu skiptir bæði varðandi hamingju og kynþokka er sjálfstraust og innra öryggi.*

Horfum því meira á snilldarlegt breskt sjónvarpsefni og gefum skít í Hollywood kerlingarnar sem eru allar næstum eins. Þær eru bara önnur dýrategund, geimverur, sem hafa það ekkert betra en við nema síður sé. Hvað þá sjálfir nágegnglar tískunnar, my god, doing the catwalk. Skrítnast er að sumum verður ekki illt af að sjá þær. Alveg eins og fyrir áratugum þegar enginn fann fyrir sigarettureyk. Svona erum við vitlaus. Nú tryllumst við, með sama nef og heila og fyrr, ef við finnum óljósan nikótín fnyk úr mikilli fjarlægð. Fyrir tuttugu árum skiptist fólk í gott og vont í fátánlega köldu stríði... og svo framvegis. Í framtíðinni þegar þéttholda konur þykja aftur miklar gyðjur og hinar grönnu bara fyrir takmarkaðan hóp eiga menn eftir að furða sig á tískuhorgrindum okkar tíma og bara oj bara, vannæring, afkynjun og úthaldsleysi.

Af þessu má draga þann lærdóm – eins og hertogaynjan sagði í Alís - að hver tími hæðist að skynjun okkar. Ræktum í okkur sjálfstæði. Enginn vill elska þann sem ekki elskar sig sjálfan. Láttum engan rétta að okkur geðveika staðla og setja okkur undir mæliker. Verum ánægð feit eða grönn og áskilum okkur frelsi til þess að nota eigin fegurðarstaðal eða réttara sagt: nýtum frelsið sem við höfum. Sjálfánægja er miklu líklegri til að færa okkur nær náttúrulegum mörkum holdarfars en vansæld.

Étum til að lifa, hreyfum okkur, bara dönsu, slökum á og drögum úr spennunni milli matar og manns. Njótum þess að vera eins og við erum. Annars stefnir í það að íslenskar lambær fari í dindilstækkun á alþjóðavettvangi og allar hraungjótur fyllist af angist.



**Þórunn Valdimarsdóttir**  
Sagnfræðingur og rithöfundur

MYNDSKREYTING:  
FRANSMAN (DAVID@SCHIMPANZ.SE)



**Birgir Þórarinsson**  
Tónlistarmaður

MYNDSKREYTING: LINDA LOESKOW

Í sumum kjöllurum næturlífsins dansa þær. Hinar nýju gyðjur. Þeim hugnast ekki hin karllægu gildi eða kapplaup þeirra. Hið kvennlega hold bera þær stoltar, hættar í „átaki“. Holdið og varaliturinn njóta sín og höfða til þeirra karla sem vilja konur og eru þreyttir á hálfþritugum „stelpum“ og sjálfskaparvíti þeirra.

*Hvernig er hægt að bera virðingu fyrir þeim sem niðir sjálfan sig og grenjar yfir líkama sínum, sem er bara ósköp venjulegur kvenlíkami eins og þeir hafa alltaf verið?*

Hræðslan við að varpa af sér stelpuímýndinni og verða kona er ósköp sorgleg tilsýndar. Hverskonar manneskjur hræðast það að verða fullorðnar og þroskast?

Fyrir kvennréttindabyltinguna var hinn holdlegi líkami í tísku. En með nýfengnu frelsi við upphaf síðustu aldar komst í tísku að vera strákaleg. Strákar voru frjálisir en konur hlekkjaðar við fortíðina og þess vegna varð auðvitað hið strákslega hluti af tískuímýnd hinnar nýfrjálsu konu. Hinn holdlegi líkami sat þá eftir sem tákmynd hinnar móðurlegu og ófrjálsu konu. Tískan virðist seint ætla að jafna sig á þessum umskiptum en hinar nýju gyðjur næturlífsins láta það ekki aftra sér. Þær skilgreina sína eigin tísku þar sem þær sækja bæði í gamalt og nýtt. Finna sjálfar hvað hentar sínum líkama og hvað dregur fram kynþokkann sem í þeim býr. Á meðan lasburða átröskunarjúklingar ráfa um sýningarvallana, hafa hinar nýju gyðjur áttað sig á því að þetta eru deyjandi ímyndir lítilla stelpna í tilvistarkreppu, og hafa í staðinn endurheimt hinn frumstæða, sköpunarríka og holdlega kvenlíkama.

Megrúnariðnaðurinn mun seint þreytast á því að sjúkdómsvæða holdarfar fólks. Nægir eru peningarnir og þeim eytt í auglýsingar og auðsveipa vísindamenn. Þessi iðnaður er vatn á myllu umvöndunnarsinna því fátt þykir þeim skemmtilegra en að láta fjölbreytileika mannlífsins fara í taugarnar á sér. Þetta leiðindafólk telur það sitt heilaga hlutverk að síða aðra og skikka til að ganga eigin píslargöngu. Siðaboðaskapurinn fellur því miður í ágætis jarðveg hjá almennining því það hefur lengi verið hin besta skemmtun að baknaga annað fólk og hneykslast á lífstíl þess. Sérstaklega verða konur fyrir barðinu á þessum leiðindum, kannski vegna þess að frá því Maríu tókst að fæða sveinbarn án getnaðar hafa óraunhæfar siðferðiskröfur til kvenna þótt sjálfsgæðar. Vald hins félagslega samþykkis er mikið en holdlegu gyðjurnar þýðast það ekki. Þær eru frjálsar.

Jarðvegur umvöndunnarsinna hefur sjaldan verið frjórri en á meðan dansa þær holdlegu og bíða færir.



## Uppgötvanir meðalgrannrar konu

*Í upphafi þessa árs stóð kona, sem telur sig vera meðalgranna, meðvitaða og öfgalusa, í vörumagasíni í Stokkhólmi og virti fyrir sér gínu. Þetta var í fyrsta sinn sem konan hafði séð svona gínu. Hún sagði við manninn sinn: „ Sjáðu feitu gínuna!“ En maðurinn svaraði: „ Hún er litlu feitari en þú“*

Konunni varð hverft við og varð hugsi, því hún taldi sig alls ekki feita, en var nokkuð viss um að gínan væri feit. Hún sá strax að hún hafði gerst sek um öfgar. Gínan var jú feitlagin miðað við aðrar gínur, en varla holdmeiri en meðalmanneskjan, frekar grennri ef eitthvað var. Konan áttaði sig fljótlega á að þetta með að kalla einhvern líkama feitan er afstætt og ræðst af því við hvað er miðað.

En svo fór hún að hugsa til dóttur sinnar sem var feitasta stelpan í bekknum. Þó var dóttirin ekki feit, ekki frekar en gínan. Hún var bara ívið þéttvaxnari en hinar stelpurnar. Konan hafði haft ógurlegar áhyggjur af því að dóttirin gæti fengið á sig stimpilinn „feita stelpa“ og hugsaði með sér að besta ráðið væri að skera niður matargjafir og senda barnið í brjáláða líkamsrækt. Hún ætlaði að vernda barnið sitt gegn því að verða „feita stelpa“ í bekknum. Því það yrði ávísun á erfiðleika, einelti og vanlíðan. En þar sem konan stóð og virti „feitu gínuna“ fyrir sér sá hún að það var ekkert vandamál í lífi barnsins hennar. Vandamálið er í hugsunarhætti sem orðið hefur til í samfélaginu. Hugsunarháttur sem er skakkur og satt að segja dálítið sjúkur. Einhverra hluta vegna er allt í lagi að vera „græneygða stelpa“, það er líka í lagi að vera „ljóshærða stelpa“, en að vera „feita stelpa“ er skömm.

En hvað er að skammast sín fyrir? Jú, kannski má skammast sín fyrir að borða alltof mikið, miklu meira en maður þarf og ofbjóða líkama sínum á þann hátt. Það er stjórnleysi, sem þykir síður til eftirbreytni en yfirvegund. En það er langt því frá að allir sem eru feitir séu stjórnlausir. Hins vegar er fólk svo mismunandi, það er fætt misþungt og mislangt, það er fætt með mismikinn áhuga á mat, mismikla hreyfipörf og svo framvegis. Af hverju skyldum við setja þá sem eru grannir eitthvað ofar í virðingarrstigann en þá sem eru feitlagin? Af hverju hefur allur hinn vestræni heimur komið sér saman um að það sé hin rétta virðingarröð? Getur verið að þetta sé allt á misskilningi byggt og við höfum gleymt að taka með í reikninginn að mennirnir eru misjafnir að lengd og lögun og það sé eðlilegast að meta þá alla jafnt, burtséð frá þynd og hæð? **Hugmyndin um kjörþyngd er líka áhugaverð. Það er að minnsta kosti ekki til nein kjörhæð eða hvað?**

Allt þetta hugsaði hin meðalgranna og meðvitaða kona og sveiflaðist öfganna á milli, sveiflaðist á milli óskrifaðra laga sem allt samfélagið virðist samþykkja til skynsamlegru hugsana um að sumir fæddust til að vera feitir, aðrir til að vera grannir. En hún horfðist í augu við hræðslu sína við „feita“ stimpilinn um leið og hún horfðist í augu við „feitu gínuna“, sem samt var grennri en hún sjálf, en feitari en allar hinar gínurnar, sem voru sjálfsagt búnar að vera í megrun allt sitt líf. Sú feitari var því dæmd til að hafa á sér „feita“ - stimpilinn af því hún fór ekki í vel heppnaða megrun, heldur bar stolt sín kíló. Konunni fannst, eftir alla þessa hugarleikfimi, að gínan ætti að fá nýjan stimpil: „hraustlega gínan“.



**Eva María Jónsdóttir**  
Dagskrárgerðarmaður



## Gínan og amaban

Þegar Kína var keisaradæmi tíðkaðist það að reyra fætur telpubarna. Rist og tær voru brotnar og svo var allt reyrt fast til að tryggja að fóturinn stækkaði ekki. Því minni fætur, því eftirsóknarverðari voru telpurnar í hjónaband þegar þær uxu úr grasi. Það segir sig sjálft að konurnar komust ekki í langa göngutúra á þessum stubbum, enda ekki til þess ætlast. Þeirra hlutverk var að vera trúar eiginkonur á sínum stað og ala eiginmanninum son. Undir trefjunum gróf í sárunum, þau úldnuðu og það þarf ekki auðugt ímyndunarafli til að gera sér í hugarlund hversu hrikalegur sársaukinn hefur verið ævilangt. Margar áttu ekki langa ævi, en það gerði ekkert til því þá tóku aðrar eiginkonur við, yngri og smáfættari. Konur sem gátu ekki flúið þótt menn þeirra misþyrmdu þeim og misbyðu á allan máta. Menn máttu eiga margar eiginkonur. Það var helst meðal bændastéttarinnar sem fætur telpna voru ekki reyrdir. Húsdýr eru jú húsdýr.

Í Evrópu gerðu menn ekki svona en á seinni hluta miðalda og allt fram á 20. öldina voru konur reyrdar frá handakrika, niður að mjöðmum. Því minna sem mittið var, því fýsilegri kostir voru þær á hjónabandsmarkaði. Konum var ekki ætlað að anda. Margar hættu því alveg en það gerði ekkert til því alltaf mátti fá nýja konu. Súrefnisskortur og köfnun voru algeng dánarsök meðal kvenna einkum í efri stéttum. Það var helst meðal bændastéttarinnar að konur sluppu við þessa tísku. Húsdýr eru jú húsdýr.

Okkur nútímafólki hryllir við þegar við lesum um þessar tískur aldanna, tískur sem gerðu konur eftirsóknarverðar í hjónaband, en kom í veg fyrir að þær gætu ferðast frjálsar. Það var tryggt að þær héldu sig á sínum stað og einbeittu sér að því að líta rétt út. Það fór öll þeirra orka í að vera til á annarra manna forsendum.

Í dag eru gínur fyrirmyndin að því hvernig við eigum að líta út og svo hefur verið seinustu áratugin.

**Gínur fitna ekki. Markaðssetningin á gínulíkamanum hefur verið svo öflug að við göngumst sjálfviljugar inn á líkamsform hennar sem hið eina rétta. Fæstar okkar líta út eins og gínur og erum aukinheldur með líkama sem hefur tilhneigingu til að taka breytingum, tútna út og bólga. Þetta helvítis lífandi hold okkar er eins og einhver amaba sem teygist og togast í áttir sem skera í augu og gera okkur síður en svo vænlega kvenkosti samkvæmt því sem kallað er tíska en er í rauninni ekkert annað en andlegt og líkamlegt ofbeldi.**

Þegar þessi amaba hlýðir okkur ekki, reiðumst við út í líkamann. Við refsum honum með því að fara í megrun; neitum honum um þá næringu sem hann þarf, rýrum hann til að líta vel út í augum annarra, passa í föt sem eru hönnuð fyrir konur sem eru ekki stærrí en svosum eitt herðatré. Við fáum okkur salatblað í matinn og ef við erum svo óheppnar að lenda í matarboði þar sem fullur diskur af mat er lagður fyrir okkur, lyftum við gafflinum og pikkum ólúndarlega í matinn. Og ef við grennumst

ekki við þetta, leggjum við hatur á líkamann og refsum honum. Sveltum hann.

Megrunar- og fegrunariðnaðurinn veltir hundruðum milljarða á hverju ári. Það er stöðugt verið að finna upp nýja megrunarkúra til að selja okkur. Skilaboðin um að við séum ekki nógu góðar, þ.e.a.s. nógu mjóar og fagrar, mæta okkur alls staðar. Áreitið er linnulaust og það er alveg sama á hvaða aldri við erum. Okkur er boðið upp á danska kúrinn, kaliforníukúrinn, appelsínukúrinn, kolvetnislauslausa kúrinn, fitusnauda kúrinn, svo aðeins brot af framboðinu sé tekið fram. Það einkennir alla kúrana að í þeim eru útilokuð einhver efni sem líkaminn þarf á að halda til að starfa rétt. Það á einmitt að vera galdurinn.

Þegar við fáum skilaboð frá umheiminum, eða bara spegilmyndinni, um að það sé eitthvað verulega rangt við líkama okkar, bregðumst við við. Hugsum okkur ekki tvisvar um áður en við rjúkum til og fjárfestum í einhverjum megrunargaldrinum. Hikum ekki við að losa okkur við fjármagn sem við höfum haft mikið fyrir að afla, heldur ausum því í vasann hjá einhverjum loddara úti í heimi, sem hefur náð að markaðssetja þá bábilju að hann geti bjargað holdarfari okkar til þess að við getum litið út eins og steindauðar plastgínur.

Megrunarkúrar eru í rauninni ekkert annað en sjálfspynting. Við tökum sjálfar að okkur að misþyrma líkama okkar. Súsum okkar tíma í angist yfir því að líta ekki rétt út og leita leiða til að leiðrétta það, eyðum okkar peningum í að fjárfesta í pyntingunni. Samkvæmt rannsóknum sem gerðar hafa verið í Bandaríkjunum, Kanada og Noregi (Ísland gerir aldrei neinar rannsóknir um lífsgæði kvenna) skerðum við konur sjálfviljugar tekjur okkar að ¼ hluta til að líta betur út. Notum drjúgan hluta þess til að kaupa megrunarbækur- og vörur, krem til að fjarlægja hrukkur og appelsínuhúð og styrkja kollagenfrumur. Það er nefnilega þannig að þegar við höfum náð að verða þrítugar (þær okkar sem ekki hafa þá þegar svelt sig í hel) hefst eðlilegt ferli þar sem slaknar hægt og bitandi á teygjanleika húðarinnar. Við göngum líka með börn og fæðum þau. Við það verður líkaminn fyrir hnjaski. Eðlilega. En við fáum stöðug skilaboð um að það sé hreint ekki eðlilegt og hægt sé að gera eitthvað við því. Til séu pillur og krem sem kosta að vísu hvítuna úr augunum á okkur en geti látið okkur líta rétt út. Og ef við verðum eitthvað máttvana, orkulausar og slappar í allri baráttunni, þá getum við rýrt tekjur okkar enn frekar með því að kaupa fæðubótarefni. Þau eru að vísu rándýr en eitthvað þarf að koma í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu sem bara belgir okkur út.

Aukagrömm eru í huga okkar komin í flokk fíknisjúkdóma. Það er merki um stjórnleysi að vera með aukagrömm. Á hverju hefurðu stjórn ef þú hefur ekki stjórn á líkama þínum? Við lítum framhjá því að í heilbrigðisgeiranum er stjórnleysi skilgreint út frá hegðun en ekki útliti og það er ekki hægt að sjá utan á fólki hvernig sambandi þess við mat er háttáð.

Gínúmyndin er studd af vinnumarkaðinum. Rannsóknir sýna að vinnuveitendur ráða frekar grannar konur en þær sem þéttari eru. Hefur ekkert með hæfni að gera. En fegurðarímyndin sem slík er efni í allt aðra grein.



**Súsanna Svavarsdóttir**  
Rithöfundur og leikskáld

MYNDSKREYTING:  
HANNA CHRISTEL SIGURKARLSDÓTTIR (hannachristel@gmail.com)



## Vodafone leitar að rauðu, traustu og kraftmiklu starfsfólki!

### Innkaup

Vodafone leitar að starfsmanni í stöðu innkaupastjóra á sölu- og þjónustusviði.

### Starfslýsing

Mótun innkaupastefnu fyrir lagervöru til endursölu, vörustjórnun búnaðar og innkaupastýring í samráði við stýrihópa. Samningar við birgja, innlenda og erlenda og yfirumsjón með lager.

### Hæfniskröfur

Við leitum að einstaklingi með mikla reynslu af innkaupum og lagerstýringu. Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á Navision og vera fljótur að tileinka sér nýja hluti. Jafnframt þarf viðkomandi að geta unnið í hópi sérfræðinga í krefjandi rekstrarumhverfi. Gerð er krafa um sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

### Kerfisþjónusta

Vodafone óskar að ráða kerfisstjóra í kerfisþjónustu á tæknisviði. Kerfisþjónusta rekur 300 netþjóna sem keyra á AIX, SUN, SuSe SLES, RedHat og Windows 2003. Deildin rekur einnig SAN og TSM afritunarþjónustu.

### Starfslýsing

Uppsetning á nýjum Windows netþjónum ( vélbúnaður eða VMware), dagleg umsjón Windows umhverfis, og ábyrgð á eftirliti og afritun Windows 2003 server, Exchange og MSSQL. Um er að ræða rúmlega 100 Windows netþjóna sem fer fjölgandi.

### Hæfniskröfur

Tæknimenntun er æskileg og minnst 4 ára reynsla í rekstri á Microsoft kerfum og vélbúnaði. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi þekkingu á Microsoft: 2003 (2000) Server, Exchange og MSSQL. Einnig er gott að þekkja IIS, WMS, Active Directory. Viðkomandi þarf að geta unnið í hópi sérfræðinga í umfangsmiklu og krefjandi rekstrarumhverfi, en gerð er krafa um sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Guðmundsdóttir hjá Hagvangi, kristin@hagvangur.is, 520 4700. Umsóknir óskast útfylltar á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 14. maí nk.

**Við sem störfum undir nýju merki Vodafone ætlum okkur að gera viðskiptavinum kleift að nýta tímann til hins ýtrasta, því hvert augnablik er dýrmætt.**

**Gríptu augnablikið og lifðu núna.**



vodafone

HAGVANGUR



### FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## FÓRSTU ALDREI SUÐUR EÐA LANGAR ÞIG VESTUR?

Félagsmálaráðuneytið f.h. Fjölmenningsseturs óskar eftir að ráða starfsmann í 100% stöðu til að vinna við miðlun upplýsinga um réttindi og skyldur innflytjenda á Íslandi og fjölmenningu.

Í starfinu felst umsjón með vef Fjölmenningsseturs og vinna að þróunarverkefnum í upplýsingamiðlun auk annarra verkefna. Starfið er nýtt og mun starfsmaðurinn því taka þátt í að móta starfið. Skrifstofa Fjölmenningsseturs er staðsett á Ísafirði.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf eða sambærileg menntun.
- Nauðsynlegt er að viðkomandi sé ritfær á ensku og/eða pólsku auk íslensku.
- Þekking á upplýsingamiðlun.
- Frumkvæði í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Vakin er athygli á því að starfið stendur opið jafnt konum og körlum. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármálaráðherra við starfsmenn stjórnarráðsins.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf 1. júní nk. Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Elsa Arnardóttir framkvæmdarstjóri í síma 450 3090.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og störf skulu berast félagsmálaráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík, eigi síðar en 21. maí nk. Umsóknir þar sem óskað er nafnleyndar verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. maí 2007.

## Störf í boði hjá IKEA

### Innréttingadeild

Við erum að leita að fólki til starfa í innréttingadeild. Starfið felur í sér ráðgjöf og sölu á innréttingum til viðskiptavina auk tilfallandi verkefna.

#### Hæfniskröfur:

- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni
- Samviskusemi
- Frumkvæði
- Samskiptahæfni
- Vandvirkni
- Almenn tölvuþekking
- Þekking á Navision er kostur

Um fullt starf er að ræða þar sem unnið er virka daga frá klukkan 10:00 - 18:00 aðra vikuna og 12:00 - 20:00 hina vikuna. Auk þess er möguleiki á helgarvinnu í samráði við yfirmann.

### Helgarstörf

Við erum að leita að fólki í ýmis helgarstörf. Einstaklingar sem eru tilbúnir til að sýna metnað og dugnað í starfi eru hvattir til þess að sækja um.

#### Hæfniskröfur:

- Góð þjónustulund
- Metnaður
- Jákvæðni
- Frumkvæði
- Samskiptahæfni
- Heiðarleiki

IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi,axla ábyrgð og vera mikilvægur hlakur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki. Umsóknum má skila á þjónustuborð IKEA eða fylla út umsóknarform á [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is) Nánari fyrirspurnir skal senda á [neffangi@ikea.is](mailto:neffangi@ikea.is)



**NORÐLENSKA****ÞJÓNUSTUSTJÓRI**

Norðlenska matborðið er eitt stærsta og öflugasta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði kjötvöru. Norðlenska er með starfsstöðvar á Akureyri, á Húsavík, í Reykjavík og á Höfn í Hornafirði. Gæðamál eru í öndvegi hjá fyrirtækinu og um það vitna m.a. fjölmörg verðlaun sem framleiðsluvörur og starfsfólk Norðlenska hafa unnið til í matvælakeppnum, bæði innanlands og utan.

Norðlenska óskar eftir að ráða þjónustustjóra í Reykjavík. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

**Starfssvið**

- Ábyrgð á sölu og þjónustu til verslana
- Sala og þjónusta við verslanir
- Tilboðsgerð
- Gerð söluáætlana og söluskýrslna
- Ábyrgð og eftirfylgni viðskiptasamninga
- Þátttaka í vörubrúnum
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Reynsla af sölumennsku
- Stúdentspróf og/eða iðnmenntun
- Nám í sölumennsku kostur
- Þekking á kjöti og kjötvörum kostur
- Góð tölvu- og tungumálakunnátta
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

**HANS PETERSEN**  
Farsímalagerinn.is**FJÁRMÁLASTJÓRI**

Þann 1. apríl sl. tók nýtt félag, HP Farsímalagerinn ehf., yfir verslunarrekstur Hans Petersen, verslunarrekstur Farsímalagersins.is og heildsölurekstur Strax á Íslandi. Félagið rekur sjö verslanir á höfuðborgarsvæðinu, fimm undir nafni Hans Petersen og tvær undir nafni Farsímalagersins.is auk heildsölu. Áætluð ársvelta hins nýja félags er um 700 milljónir.

HP Farsímalagerinn ehf. óskar eftir að ráða fjármálastjóra til starfa. Um nýtt og krefjandi starf er að ræða. Viðkomandi aðili mun hafa náð samstarf við framkvæmdastjóra og verslunarstjóra í 7 verslunum.

**Starfssvið**

- Yfirumsjón með öllu bókhaldi félagsins
- Gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana
- Ábyrgð fjárstyringar, greiðsluflæðis, innheimtu og uppgjörs
- Umsjón með launavinnslu
- Samskipti við birgja og lánadrottna og gerð sjóðsstreymisáætlana
- Samskipti við banka og fjármálastofnanir
- Önnur mál m.a. endurnýjun upplýsingakerfis og aldursgreining birgða

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði viðskipta-, verk- eða rekstrarfræða
- Starfsreynsla með áherslu á bókhald, reikningskil, áætlanagerð og almenna fjármálastjórnun
- Mjög góð tök á íslenski og enski tungu
- Góð þekking á upplýsingatækni og hagnýtingu hennar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Stjórnunarhæfileikar og frumkvæði í starfi

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

**SI****Samtök iðnaðarins****BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ**

Samtök iðnaðarins vinna að hagsmunum iðnaðarins á öllum sviðum og í nánú samráði við aðildarfyrirtækin. Byggt er á markvissri stefnumótunarvinnu níu starfsgreinahápa og á þriðja tug félaga. Þjónusta við félagsmenn er annars vegar við einstök fyrirtæki og starfsgreinahápa en hins vegar þverfagleg, s.s. í gæðamálum, menntamálum og markaðs- og kynningarmálum. Innan Samtaka iðnaðarins eru rúmlega 1.100 fyrirtæki og félög sjálfstæðra atvinnurekenda.

Samtök iðnaðarins leita að starfsmanni til starfa á bygginga- og mannvirkjasviði. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf á áhugaverðum vettvangi.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Samskipti við verkkaupa og stjórnvöld
- Álitsgerðir og umsagnir um lagafrumvörp
- Þjónusta við félagsmenn og aðildarfélög
- Þátttaka í nefndum og ráðum á sviði mennta-, skipulags-, útboðs- og staðlamála

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi t.d. lögfræði, verkfræði eða tæknifræði
- Reynsla og áhugi á félagsmálum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Vilji og geta til tjáningar í ræðu og riti
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli

Umsjón með ráðningarferlinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. maí. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

**HÁSKÓLASETUR VESTFJARÐA**  
UNIVERSITY CENTRE OF THE WEST FJORDS

Um er að ræða þrjú ný stöðugildi sérfræðinga við Háskólasetur Vestfjarða. Starfssvið sérfræðinganna verður að efla starfsemi Háskólasetursins og finna grundvöll fyrir stofnanir og fyrirtæki á Vestfjörðum að sameinast um rannsóknar- þróunar og nýsköpunarverkefni. Jafnframt er stefnt að því að Háskólasetrið verði í stakk búit til að veita faglega leiðsögn við skipulag rannsókna og undirbúning umsókna í innlenda og erlenda rannsóknarsjóði í samstarfi við Rannís. Lögð verður sérstök áhersla á að aðstoða stofnanir og fyrirtæki á svæðinu við að efla samstarf við erlendar stofnanir og fyrirtæki.

**Sérfræðingur á alþjóðasviði**

Vinnur með stofnunum og fyrirtækjum á svæðinu í þróun verkefna og gerð umsókna í innlenda og erlenda sjóði. Hann sér um gerð verkáætlana og fjármál verkefna í samvinnu við samstarfsaðila. Viðkomandi mun vinna í litlum starfshópi og þarf að geta unnið sjálfstætt.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Umsækjendur skulu hafa lokið framhaldsnámi á háskólastigi.
- Þekking og reynsla á helstu sjóðum og menntaáætlunum Evrópusambandsins æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Verkefnastjóri**

Verkefnastjórinn hefur umsjón með fjölda verkefna á vegum Háskólasetursins, þar á meðal eru Field Schools og sumarháskólar. Viðkomandi mun vinna í litlum starfshópi og þarf að geta unnið sjálfstætt.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Umsækjendur skulu hafa lokið framhaldsnámi á háskólastigi.
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Háskólasetur Vestfjarða er ung stofnun á háskólastigi. Hún hefur það að markmiði að veita fjarnemum á Vestfjörðum fyrirtaks þjónustu, hasla sér völl sem rannsóknarstofnun og bjóða upp á kennslu. Háskólasetur Vestfjarða er staðsett á Ísafirði.

**Störf til eflingar rannsóknar- og háskólastarfsemi á Vestfjörðum****Háskólasetrið á Vestfjörðum auglýsir eftir þremur sérfræðingum****Fagstjóri á sviði Haf- og strandsvæðastjórnunar**

Háskólasetur Vestfjarða undirbýr alþjóðlega þverfaglega námsleið á meistarástigi í Haf- og strandsvæðastjórnun í samvinnu við innlenda eða erlenda háskóla.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun í umhverfis- og auðlindastjórnun eða öðrum tengdum greinum
- Þarf að hafa lokið a.m.k. mastersgráðu
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar um störfin veitir Peter Weiss, forstöðumaður í síma 450 3045. Umsóknarfrestur er til og með 18.06.07.

## MÚRBÚÐIN

Byggingavörusvæðing í Árbaenum

## BÓKARI

Múrbúðin ehf. er örtvaxandi fyrirtæki sem verslar með vörur í byggingariðnaði, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf.

Múrbúðin óskar eftir að ráða bókara til starfa sem fyrst. Um 80 -100% starfhlutfall er að ræða.

### Starfssvið

- Ábyrgð á bókhaldi fyrirtækisins
- Færslur, afstemmingar og undirbúningur bókhalds til endurskoðanda
- Upplýsingavinnsla
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Haldgóð reynsla og þekking á bókhaldi æskileg
- Viðskiptamenntun kostur
- Góð tölvukunnátta
- Nákvæm, öguð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Arnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## DEILDARSTJÓRI ÍSAFIRÐI

Staða deildarstjóra hjá umferðarþjónustu Vegagerðarinnar á Ísafirði er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

### Starfssvið

- Skipulagning og framkvæmd upplýsingagjafar um færð og ástand vega
- Umsjón með símsvörun
- Umsjón með auglýsingum og tilkynningum til fjölmiðla
- Útgáfa bæklinga og leiðbeininga
- Skráning og úrvinnsla gagna

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf (90 einingar)
- Æskileg reynsla á fjölmiðla- eða ferðamálasviði
- Góð tungumálakunnátta
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## FLOKKSTJÓRI BORGARNESI

Staða flokksstjóra hjá þjónustustöð Vegagerðarinnar í Borgarnesi er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

### Starfssvið

- Vinna við viðhald vega t.d. slitlög, stikur, umferðarmerki, ræsi o.fl.
- Skráning verkefna, magntaka og skýrslugerð
- Eftirlit með ástandi vega
- Eftirlit, skráning og stjórnun í vetrarþjónustu

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Réttindi til að aka bifreið sem er meira en 3.500 kg að heildarþyngd
- Tölvukunnátta
- Réttindi til að stjórna vinnuvélum
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. maí nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

## Lögfræðingur

Landssamband Íslenskra Útvegsmanna óskar eftir að ráða lögfræðing. Um er að ræða starf sem felur í sér fjölbreytt verkefni tengd sjávarútvegi á ýmsum sviðum lögfræði. Framhaldsnám og starfsreynsla er kostur en ekki skilyrði.

Umsjón með ráðningu hefur **Hilmar Garðar Hjaltason hjá Capacent**. Umsóknnum skal skila inn til **Capacent, Borgartúni 27**.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí 2007



Landssamband Íslenskra Útvegsmanna eru heildarsamtök útvegsmanna. Viðfangsefni samtakanna eru fjölpætt og felast m.a. í að:

- Vera málsvari félagsmanna í almennum hagsmunamálum.
- Vinna að framförum í sjávarútvegi.
- Stuðla að sjálfbærri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna og vinna að umhverfismálum.
- Gera kjarasamninga fyrir hönd útvegsmanna.
- Taka þátt í alþjóðasamstarfi og vinna með stjórnvöldum í tengslum við samninga við önnur ríki.
- Vera í forsvari við rekstur mála fyrir dómi og gagnvart stjórnvöldum í málum er snerta sérstaklega réttindi félagsmanna.

# Viltu slást í hópinn í spennandi fyrirtæki? MotorMax óskar að ráða sölumenn!



MotorMax var stofnað árið 2006 þegar Yamaha og Gísli Jónsson ehf. sameinuðust undir merkjum MotorMax. MotorMax er til húsa í nýju og glæsilegu húsnæði að Kletthálsi 13. Með sameiningu þessara fyrirtækja varð til ein stærsta og glæsilegasta verslun sinnar tegundar á Íslandi. MotorMax býður upp á vélsleða, fjórhjól, götuhjól, endurohjól, motocrosshjól, sæþotur, hraðbáta, utanborðsmótora og allt annað sem hugurinn gírnist hjá þeim sem stunda mótorsport. Einnig býður MotorMax upp á mikið úrval af hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum.

SKAPINN AUGLÝSINGASTOFA

[www.motormax.is](http://www.motormax.is)

## MotorMax óskar að ráða sölumenn í verslun og varahlutum. Í boði eru störf í nýju og spennandi fyrirtæki sem hefur á boðstólum tæki og vagna sem alla dreymir um!

Viðkomandi verða að vera áhugasamir um vörur fyrirtækisins, samvirkusamir og reglusamir og ekki spillir ef viðkomandi geti hafið störf nú þegar!

Áhugasamir eru beðnir að hafa samband við Jón Helga Sigurðsson (jon@motormax.is) eða Þórarinn Inga Ólafsson (thorarinn.olafsson@motormax.is)

**MotorMax**

Klettháls 13 · 110 Reykjavík · Sími 563 4400 · Fax 563 4401

### » Ráðningarþjónusta

## Ert þú í atvinnuleit? Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

## Leitar þú að starfsmanni?

Kostir þess að nýta sér þjónustu **HH Ráðgjafar**:

- » **Vinnusparnaður**  
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- » **Enginn auglýsingakostnaður**  
Við sjáum um að auglýsa starfið eins og þörf krefur án þess að til komi aukakostnaður.
- » **Priggja mánaða ábyrgð**  
Ef starfsmaður hættir eða er sagt upp störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- » **Markviss leit**  
Nýr hugbúnaður gerir leit mjög markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn til starfsins.

Nánari  
upplýsingar  
í síma  
561 5900

**HH**  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» Kannaðu málið á [www.hhr.is](http://www.hhr.is)

HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

### » Ráðningarþjónusta

## Störf í vinnslu, verslunum og eldhúsi

Vegna aukinna umsvifa eru laus til umsóknar nokkur störf hjá fyrirtæki í vinnslu, sölu og útflutningi.

Um er að ræða öflugt fyrirtæki á sviði hráefnavinnslu, dreifingu og sölu innanlands og erlendis. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru m.a. veitingahús, verslanir, fyrirtæki og stofnanir og rekur fyrirtækið ennfremur fjölda verslana.

### » Störf í vinnslu:

Fyrirtækið kappkostar og er þekkt fyrir fyrsta flokks hráefnavinnslu og gæði vöru. Leitað er að **vandvirkum og metnaðarfullum** einstaklingum til starfa í vinnslu. Reynsla af fiskvinnslustörfum kostur. Vinnutími er frá kl. 06:00 til kl. 14:00/15:00.

### » Störf í verslunum:

Í glæsilegum verslunum fyrirtækisins er boðið uppá úrval girnilegra og gómsættra gæðarétt. Þar fá viðskiptavinir persónulega og vandaða þjónustu og ráðgjöf varðandi allt sem viðkemur hráefni og eldamennsku.

Leitað er að einstaklingum með frammúrskarandi þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum til starfa við sölu og ráðgjöf til viðskiptavina. Reynsla/menntun á sviði matreiðslu er kostur.

### » Störf í eldhúsi:

Kappkostað er að fylgjast með nýjungum og bjóða viðskiptavinum fjölbreytta og framandi rétti ásamt hinu hefðbundna.

Leitað er að hugmyndaþróun og matelskandi einstaklingum til starfa í eldhúsi. Reynsla/menntun á sviði matreiðslu er kostur. Vinnutími er frá kl. 07:00 til kl. 15:00.

Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu **HH Ráðgjafar** [www.hhr.is](http://www.hhr.is) og eru áhugasamir beðnir um að sækja um störfin þar.

**HH**  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskilóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

**AMGAUKARAF**

## Einstaklingur á aldrinum 20 - 40 ára óskast til starfa.

Viðkomandi þarf að hafa eftirfarandi kosti :  
Hæfileiki í mannlegum samskiptum  
Fljót(ur) að læra  
Reyklaus  
Um er að ræða framtíðarstarf

Nánari upplýsingar um hvernig sækja skal um starfið er að finna á heimasíðu okkar [www.aukaraf.is](http://www.aukaraf.is)



## Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vesturlandi auglýsir eftir

### Rekstrar- eða viðskiptafræðingi í starf fjármálastjóra

Verksvið fjármálastjórans snýr að umsjón fjármála og rekstrar. Í starfinu felst færhagseftirlit, að halda utan um starfsmannamál, áætlangeroð sem snýr að rekstri þjónustunnar, umsjón tölvumála og upplýsingakerfis. Þátttaka í stefnumótun og markmiðasetningu.

Í þjónustu svæðisskrifstofunnar er leiðarljósið mannvirðing og mannúð.

Menntun og hæfniskröfur:

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi góða samskipta og samstarfshæfileika og virði aðra á jafnréttisgrundvelli.

Áskilið er háskólamenntun í rekstrarfræði eða viðskiptafræði og góð alhliða tölvukunnátta.

Svæðisskrifstofa Vesturlands er staðsett í Borgarnesi

Umsóknarfrestur er til 16. maí n.k.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Þorgrímsson framkvæmdastjóri og Árni Þorsteinsson fjármálastjóri í síma 437 1780 netfang: [magnus@sfvesturland.is](mailto:magnus@sfvesturland.is). Laun skv. gildandi kjarasamningum.

Skriflegar umsóknir sendist til Svæðisskrifstofu Vesturlands Bjarnarbraut 8 - 310 Borgarnes



## KANNT ÞÚ Á MÓTORHJÓL?

N1 vill ráða starfsmann á mótörhjólaverkstæði við Funahöfða til að annast almennar viðgerðir og þjónustu.

### Hæfniskröfur:


- Þekking og reynsla af mótörhjólaviðgerðum
- Nákvæm vinnubrögð
- Stundvísi
- Þjónustulund og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarni Finnbogason í síma 440 1240. Áhugasamir geta sótt um á [www.n1.is](http://www.n1.is)

### N1 BÍLAPJÓNUSTA

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílategndrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

SÍMI 440 1100  
WWW.N1.IS



# AppliCon

## STÆKKAR HÓPINN

**AppliCon** er alþjóðlegt ráðgjafa- og hugbúnaðarfyrirtæki í SAP og MICROSOFT lausnum. Fyrirtækið hefur vaxið hratt og hefur nú á að skipa um 160 ráðgjöfum á Íslandi, Danmörku, Svíþjóð og Bretlandi. Starfsumhverfið er krefjandi, fjölbreytt og skemmtilegt og byggir á liprum samskiptum og miðlun þekkingar til að auka ávinning viðskiptavina AppliCon. Vegna aukinna umsvifa leitar AppliCon nú að öflugum og heilsteyptum einstaklingum í fjölbreytt og skemmtilegt störf. Við hjá AppliCon viljum ráða einstaklinga sem hafa metnað til að ná árangri í starfi og eru tilbúnir að takast á við spennandi og krefjandi verkefni í alþjóðlegu umhverfi.

### LAUNAFORRITARAR

#### STARFSSVIÐ

Þróun lausnar, hönnun og forritun í SAP fyrir launakerfi AppliCon, innleiðing og notendaaðstoð.

#### MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

Þekking á launavinnslu, menntun og/eða haldgóð þekking á sviði tölvunarfræði eða kerfisfræði.

### RÁÐGJAFAR Í MANNAUÐS- OG LAUNALAUSN SAP

#### STARFSSVIÐ

Þróun, greining, innleiðing, kennsla og notendaaðstoð við launa- og mannauðshluta SAP.

#### MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

Reynsla og/eða þekking af launavinnslu og almenn þekking á starfsmannamálum.

### RÁÐGJAFAR Í VIÐVERULAUSN SAP

#### STARFSSVIÐ

Þróun, hönnun, innleiðing og notendaaðstoð.

#### MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

Þekking og reynsla á viðverukerfum og áhugi á að setja sig inn í tæknilega hlið SAP.

### RÁÐGJAFAR Í SAP TÆKNIUMHVERFI

#### STARFSSVIÐ

Ráðgjöf, uppsetning og rekstur SAP lausna. Tæknileg útfærsla, rekstrarmál og stillingar á SAP kerfum o.fl.

#### MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

Reynsla/menntun í rekstri tölvukerfa og gagnagrunna. Æskileg reynsla af Unix og/eða Windows stýrikerfum sem og Oracle og/eða Microsoft SQL gagnagrunnum.

### RÁÐGJAFAR Í BANKALAUSNUM SAP

#### STARFSSVIÐ

Greining, ráðgjöf og kynningar á hugbúnaðarlausnum SAP. Þátttaka í hönnun verkferla hjá viðskiptavinum. Innleiðing og stillingar ásamt tengingum við önnur kerfi.

#### MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

Háskólamenntun á sviði viðskipta eða raungreina. Góð reynsla af ráðgjöf og/eða fjármálaþjónustu er kostur.

### RÁÐGJAFAR Í FJÁRHAGSLAUSNUM SAP

#### STARFSSVIÐ

Greining verkferla, hönnun lausna og innleiðing á SAP fjárhagskerfum.

#### MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

Háskólamenntun á sviði viðskipta- eða raungreina og hæfni í mannlegum samskiptum.

Góð reynsla af ráðgjöf og/eða fjármálatengdum störfum er kostur.

### RÁÐGJAFAR OG FORRITARAR Í MICROSOFT

#### STARFSSVIÐ

Forritun og ráðgjöf fyrir viðskiptavinum í Microsoft lausnum svo sem SharePoint, BizTalk, Dynamics CRM og SQL Reporting Services.

#### MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

Menntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegu.

Að minnsta kosti tveggja ára reynsla í ráðgjöf og/eða þróun hugbúnaðar.

### VERKEFNASTJÓRAR

#### STARFSSVIÐ

Skilgreining og stýring verkefna hér á landi og erlendis.

#### MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

Reynsla af innleiðingu hugbúnaðarverkefna, háskólamenntun á sviði viðskipta eða raungreina æskileg.

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 14. MAÍ NK.

Áhugasamir sendi umsókn til Ernu Agnarsdóttur, [era@applicon.is](mailto:era@applicon.is), sem einnig veitir nánari upplýsingar.



# Lagerstjóri - Birgðabókari

## WAREHOUSE

Við erum að leita að kraftmiklum einstaklingi til að stjórna vörulagernum okkar og einnig til þess að sjá um birgðabókhalda.



**ALLSAINTS**

*Whistles*

**SHOE STUDIO**

### Starfslýsing

- Umsjón með móttöku vörusendinga og verðmerkingar
- Skipulagning á lager
- Bókun pantana og sendinga
- Stofnun vörunúmera og birgja
- Endurkröfur á birgja
- Verðbreytingar fyrir útsölur og tilboð
- Vörutalningar: talning og skráning
- Söluskýrslur

### Hæfniskröfur

- Reynsla af Navision
- Grunnþekking á Excel
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Vilji til að vinna yfirvinnu stöku sinnum
- Þarf að eiga auðvelt með að vinna með öðrum og einnig með að vinna sjálfstætt
- Sveiginlegur og jákvæður

Við hvetjum alla áhugasama til að sækja um. Umsóknir sendist á netfangið: [kboland@hbu.is](mailto:kboland@hbu.is). Umsóknarfrestur: **11. maí n.k.**

## Sölustarf

Traust tölvuverslun í Reykjavík óskar eftir að ráða öflugan sölumann í framtíðarstarf. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi sölustarf á tölvutengdum vörum ásamt tilfallandi verkefnum. Vinnutími frá kl. 9 til 18, virka daga.

### Helstu hæfniskröfur eru:

Frumkvæði og metnaður í starfi  
Góð framkoma og rík þjónustulund  
Sjálfráust og mikil færni í mannlegum samskiptum  
Góð tölvukunnátta er nauðsynleg

Viðskomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir sendist til auglýsingaeyðildar

Fréttablaðsins eða á [box@frett.is](mailto:box@frett.is) is fyrir 13. maí merktar: "Sölustarf - 2007"

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

## Kennarar

Verzlunarskóli Íslands óskar að ráða kennara fyrir næsta skólaár í eftirtaldar námsgreinar:

- viðskiptagreinar (hagfræði)
- sögu
- raungreinar (efnafræði)
- íslensku

### Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðkomandi grein.
- Reynsla af kennslu á framhaldsskólastigi æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

### Við bjóðum:

- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Ingi Ólafsson aðstoðarskólastjóri, [ingi@verslo.is](mailto:ingi@verslo.is) eða í síma 5 900 600. Umsóknarfrestur er til 11. maí og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá til Verzlunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík eða á netfangið [ingi@verslo.is](mailto:ingi@verslo.is).

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 1200 nemendur. Skólinn er bekkjarskóli en nemendur ljúka prófum í viðkomandi námsáfangum um júl og vor. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Einnig býður Verzlunarskólinn upp á fjarnám. Verzlunarskólinn er mjög tæknivæddur og er aðstaða til náms og kennslu öll hin besta. Við skólann starfa um 80 kennarar og annað starfsfólk.

# Framkvæmdastjóri

## SPRON óskar eftir að ráða til starfa öflugan framkvæmdastjóra SPRON Factoring.

### Helstu verkefni:

- Ábyrgð á daglegri stjórnun og rekstri SPRON Factoring
- Samskipti við erlenda þjónustuaðila
- Áframhaldandi uppbygging ört vaxandi fyrirtækis
- Samskipti við viðskiptavini og öflun nýrra viðskiptavina

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærileg menntun
- Reynsla af stjórnunarstörfum skilyrði
- Góð ensku- og dönskukunnátta
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa frumkvæði og góða skipulagshæfileika

Nánari upplýsingar veitir Lárus Sigurðsson, stjórnarformaður SPRON Factoring, í síma 550-1200.

Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu SPRON, [starfsmannathjonusta@spron.is](mailto:starfsmannathjonusta@spron.is), fyrir 18. maí nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

SPRON Factoring sérhæfir sig í þjónustu við fyrirtæki á sviði fjármögnunar, innheimtu, færslu viðskiptamannabókhalda, áhættustýringar og greiðslufallstrygginga. SPRON Factoring er í meirihluta eigu SPRON. Aðrir eigendur eru m.a. Sparisjóðurinn í Keflavík, Icebank og Midt factoring í Danmörku.



# Vagnstjórar óskast til sumar-afleysinga og til vinnu um helgar!

Upplýsingar um starfið veitir Steindór Steinþórssón í síma 540 2712 og [steindor@bus.is](mailto:steindor@bus.is)

Hæfniskröfur:  
Meirapróf, rútupróf.  
Reynsla æskileg.

**Strætó bs.**

Óskum eftir hársnyrtinemum og hársnyrtisveini í almenna stofuvinnu og önnur æðislega spennandi verkefni. Áhugasamir kíki á staðinn að Tryggvagötu 28 og spjalli við Hrund ... eða sendi upplýsingar á hrund6@hive.is

**SENER**  
HÁRSNYRTISTOFA



Grandaskóli óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:

### Proskapjálfi.

Um er að ræða 60 - 70% starfshlutfall.

### Yfirmaður mótuneytis.

Óskað er eftir matráði til að hafa umsjón með nemendamötuneyti skólans.

Umsóknarfrestur er til 14. maí næstkomandi.

Nánari upplýsingar gefa Börkur skólastjóri borkur@grandaskoli.is og Inga aðstoðarskólastjóri inga@grandaskoli.is, sími 5611400.

Grandaskóli stendur við sjávarsíðuna í vesturbæ Reykjavíkur. Nemendur eru um 310 talsins í 1. - 7. bekk og við skólann starfa um 50 starfsmenn. Mikill stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi skólans og í hópnum ríkir fagmennska og metnaður.



### Óskum að ráða:

#### Grunnskólakennara á yngsta stig og miðstigi 100 % starf

Skoðuðu aðstæður og vertu með í liði sem byggir upp.

Upplýsingar um störf gefa Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í sínum 5404700 og 8215007, netfang: sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is og

Guðlaug Erla Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri í sínum 5404700 og 8215009 netfang: gudlaug.erala.gunnarsdottir@alftanesskoli.is

Umsóknir sendist Álftranesskóla, 225 Álftranesi. Umsóknarfrestur til 20. maí 2006

Sjá einnig vefina www.alftanesskoli.is og www.alftanes.is Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ.

Skólastjóri



### Staða framkvæmdastjóra

Staða framkvæmdastjóra Samfés, samtaka félagsmiðstöðva á Íslandi, er laus til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi í framsækið og krefjandi starf. Um er að ræða fullt starf frá og með 20. júlí 2007.

#### Starfssvið:

- Dagleg stjórnun samtakanna
- Verkefna og viðburðastjórnun
- Áætlanagerð og fjármálastjórnun
- Almannatengsl

#### Hæfniskröfur

- Háskólamenntun æskileg
- Reynsla af stjórnun
- Hæfni til að hafa umsjón með rekstri og fjármálastjórnun samtakanna
- Reynsla og/eða þekking á starfi samtakanna og félagsmiðstöðva
- Góðir samskiptahæfileikar
- Gott vald á íslensku, ensku og einu norðurlandamáli
- Góð tölvukunnátta

#### Í umsókninni skal eftirfarandi koma fram:

- Ástæða umsóknar
- Stutt æviágrip
- Menntun
- Starfsferill
- Umsagnaraðilar

Umsóknarfrestur er til 18. maí 2007. Upplýsingar veitir Hafsteinn Snæland framkvæmdastjóri Samfés í síma 897-5254.

Umsóknir skal senda með netpósti á samfes@samfes.is eða í pósti til Samfés, Hinu Húsinu, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík.

## ÍSTAK

### LAGERSTARF

ÍSTAK óskar eftir að ráða starfsmann á útilager. Viðkomandi þarf að hafa lyftararéttindi. Starfsreynsla í byggingariðnaði er æskileg.

Í starfinu felst móttaka og afgreiðsla til og frá vinnu-svæðum Ístaks auk umsýslu og viðhalds búnaðar sem geymdur er á lagersvæðinu.

Upplýsingar um störf og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.

## Sölumaður

Sérlega glæsileg mikið endurnýjuð 79,7 fm sérhæð í einu glæsilegasta húsi í miðbæ Reykjavíkur. Eignin skiptist í tvennt. Annarsvegar góða 2-3 herb.sérhæð með bilskúr og hinsvegar 38,6 fm stúdíóíbúð sem kjörin er til útleigu. Stúdíóíbúðin stendur á lóð bak við húsið við hlöðna á bilskúrum. Húsinu og lóð hefur verið sérlega vel við haldið. Járn á þaki er um 15 ára gamalt. Skipt var um skólþ fyrir 5 árum síðan. Lóð og dren tekið í gegn fyrir 2 árum og húsið málað að utan.



**RE/MAX LIND**

Pórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Gunnar Sölufultrúi 822 3702 gv@remax.is

Snorri Sölufultrúi 699 4407 snorri@remax.is

## Snæfoksstaðir

801 Selfoss  
Opíð hús í dag 15:00 - 16:00

**Verð: 24.900.000**  
Stærð: 56,90  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 1992  
Brunabótamat: 9,9

Sumarhús við Snæfoksstaði í Grímsnesi. Fallegt sumarhús á þessum skemmtilega stað í Grímsnesinu. Í kringum húsið er stór pallur og heitur pottur. Lóðin er hektari að stærð og er leigulíð í falllegu skógrækrarsvæði. Þrjú svefnherbergi eru í húsinu og svefnloft. Stofa og eldhús eru samliggjandi en útgengt er á pall úr stofu. Í forstofu er fatahengi. Baðherbergi er með sturtu og innréttingu. Spónaparketi er á gólfum. Utageymsla er við útgang. Stutt er í gólfvöll og alla þjónustu.



**RE/MAX LIND**

Pórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Gunnar Sölufultrúi 822 3702 gv@remax.is

Snorri Sölufultrúi 699 4407 snorri@remax.is

## Núpalind 6

201 Kópavogur  
Opíð hús í dag 15:00-15:30

**Verð: 39.900.000**  
Stærð: 209,70  
Fjöldi herbergja: 6  
Byggingarár: 2000

Fallega 6 herbergja íbúð á efstu hæð í góðu lyftuhúsi ásamt tveimur stæðum í bilageymslu. Komið er inn í forstofu með flisum á gólf og skápum. Það eru fimm svefnherbergi í íbúðinni, öll með parketi á gólfum, þar af rúmgott hjónaherbergi með fataherbergi, þrjú barnaherbergi með skápum og eitt rúmgott herbergi sem í dag er notað sem sjónvarpsherbergi. Stofan og boðstofa eru samliggjandi með parketi á gólf. Eldhúsið er mjög rúmgott með flisum á gólf. Baðherbergið er flisalagt í hólf og gólf.



**RE/MAX LIND**

Pórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Gunnar Sölufultrúi 822 3702 gv@remax.is

Snorri Sölufultrúi 699 4407 snorri@remax.is

## Strandgata 81

220 Hafnarfjörður  
Opíð hús í dag kl. 16:00 - 16:30

**Verð: 22.900.000**  
Stærð: 113  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 1958  
Brunabótamat: 15,5

Fallega 3-4 herbergja sérhæð í góðu þrjúbýli. Úr forstofu er gengið inn í stórt hol. Eldhúsið er upprunalegt og vel með farið og með góðum borðkrók. Baðherbergið hefur nýlega verið endurnýjað með góðum sturtuklefa og flisalagt í hólf og gólf. Hjónaherbergið er rúmgott með góðum skápum og einnig er barnaherbergið með skápum. Hitt barnaherbergið hefur verið útbúið sem rúmgott sjónvarpsherbergi en auðvelt er að breyta því aftur í svefnherbergi. Stofan er rúmgóð og björt með falllegu útsýni.



**RE/MAX LIND**

Pórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Gunnar Sölufultrúi 822 3702 gv@remax.is

Snorri Sölufultrúi 699 4407 snorri@remax.is

## Stóraborg 4

311 Borgarnes  
Bókaðu skoðun í síma 822 3702

**Verð: 16.600.000**  
Stærð: 67,1  
Fjöldi herbergja: 3  
Byggingarár: 2005  
Brunabótamat: 17

Glæsilegt sumarhús í landi Eskiholts í Borgarfirði, sem stendur á einum besta útsýnisstað á landinu. Tölvert kjarr er á landinu og er lóðin mjög fallleg. Húsið er í um 50 mín akstri frá höfuðborginni, ca.10 km. frá Borgarnesi á leið norður. Sumarhúsið er 67,1m<sup>2</sup> en því fylgja teikningar og byggingarréttur fyrir 24m<sup>2</sup> gestahúsi. Náttúruparadis stutt frá höfuðborginni. Orkuveitan er komin með vatnið á staðinn. Lóðin er leigulíð en fæst keypt á góðu verði.



**Fálkahraun 14**  
220 Hafnarfjörður  
Opíð hús sunnudag kl. 14.00 - 14.30

**Verð: 48.900.000**  
Stærð: 181,5  
Fjöldi herbergja: 5-6  
Byggingarár: 2000  
Brunabótamat: 30.320.000  
Bílskúr: já


Komið er inn í forstofu með góðum skápum og flisum á gólf. Úr forstofu er gengið inn í þvottarhús með flisum á gólf og hinsvegar inn í hol. Úr holi er gengið inn í hjónaherbergi með góðum skápum og parket á gólf. Eldhús með hvítri innréttingu og gaseldavél, hol og eldhús með korkflisum á gólf. Flisalagt baðherbergi með sturtuklefa og nettri innréttingu. Stofan er opin með borðstofu með útgengi út í garð. Stigi úr holi uppá efri hæð sem kemur inn í sjónvarpshol. Gengið út á 30 fm. svalir úr sjónvarpsholi. Flisalagt baðherbergi með baðkari. Tvö góð svefnherb. á efri hæð, auðvelt að gera þrjú. Góður 32 fm. bílskúr sem gefur möguleika á að gera aukaherbergi. Virkilega fallegt umhverfi og barnvænt. Stutt í skóla og alla þjónustu. Eign sem vert er að líta á.



**Ásvallagata 31**  
101 Reykjavík  
Opíð hús í dag kl. 16:00-16:30

**Verð: 33.900.000**  
Stærð: 9  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 1930  
Brunabótamat: 12.550.000

Við kynnum perlu í miðborg Reykjavíkur. Miðhæð í þriggja hæða fjölbýli sem hefur hlotið endurnýjun lífdaga. Íbúðin er öll endurnýjuð á þessu ári á vandaðan og smekklegan hátt, svo sem innréttingar, eldhús- og baðtæki, gólfefni, flisar á baði, málning o.fl. Eikar parket er á gólf í stofum, herbergjum, eldhúsi og á gangi íbúðar en falllegar og stórar flisar eru á gólf baðherbergis. Falleg innrétting frá INNEX er í eldhúsi og eru skápar í hjónaherbergi í stíl við þær. Baðherbergi er einkar smekklegt með vandaðri innréttingu, upphengdu salerni. Handlaug er ofan á borðplötu með stílhreinu frístandandi blöndunartæki. Sturtubotn er mjög stór og flisalagður og gler á baðherbergi er sandblásið. Í íbúðinni spilar gamli og nýji tíminn skemmtilega saman þar sem rósettur, gereft og loftlistar fengu að halda sér í bland við



**Íðufell 2**  
111 Reykjavík  
Opíð hús í dag kl. 15:00-15:30

**Verð: 15.900.000**  
Stærð: 68  
Fjöldi herbergja: 2  
Byggingarár: 1973  
Brunabótamat: 9.810.000

RE/MAX LIND KYNNIR: Skemmtileg tveggja herbergja íbúð sem er búíð að gera mikið upp. Komið er inn í flisalagða forstofu. Eldhús er opið og með nýlegum innréttingum og er búíð að rífa niður millivegg að hluta og er það pláss nýtt sem borðpláss. Flisar eru á gólf eldhúss. Stofa er inn af eldhúsi og er plastparket á gólf. Stofan er rúmgóð og með góðu vinnuhorni. Plastparket er í svefnherbergi. Gott skápláss er í svefnherbergi. Blokkin er álklaedd að utan og því viðhaldslítill.



**Öldugrandi 1**  
107 Reykjavík  
Opíð hús sunnudag kl. 17.00 - 17.30

**Verð: 22.500.000**  
Stærð: 105,5  
Fjöldi herbergja: 3  
Byggingarár: 1983  
Brunabótamat: 14.320.000  
Bílskúr: Já

Þriggja herbergja íbúð á 1. hæð með staði í bílgeymslu. Íbúðin skiptist í sér forstofu með góðum skápum. Eldhús með upprunalegum innréttingum, flisar á gólf. Stofa með útgengi út á svalir sem vísa út í snyrtilegan garð. Hjónaherb. með góðu skápláss. Barnaherb. gólfenni plastparket. Baðherb. með baðkari og tengi fyrir þvottavél og þurrkara. Mjög góð umgengni í sameign. Stutt í alla þjónustu og frábært útsýni úr eldhúsi og barnaherbergi. Geymsla í kjallara. Staði í bílgeymslu.



**Lækjasmári 15**  
201 Kópavogur  
Opíð hús í dag kl. 16.00 - 16.30

**Verð: 26.600.000**  
Stærð: 102,9  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 1994  
Brunabótamat: 19.125.000  
Bílskúr: Innistæði

RE/MAX LIND Árni 893 4416. Góð íbúð í rölegu, grónu hverfi, þar sem stutt er í alla þjónustu. Björt, vel skipulögð 4ra herbergja á 2.hæð. Góð geymsla og stórt staði í kjallara. Viðarmyndstrað plastparket í holi, stofu og í herbergjum en flisar eru á gólfum í eldhúsi, í baðherbergi, í forstofu og í þvottaherbergi. Baðherbergi er flisalagt í hólf og gólf og er með hvítri innréttingu og baðkeri. Í eldhúsi er góður borðkrókur, en inn af eldhúsi er þvotta- og geymsluherbergi. Svalir í suður.



**Mariubaugur 135**  
113 Grafarholti  
Opíð hús í dag kl 17.00 - 17.30.

**Verð: 23.600.000**  
Stærð: 96,4  
Fjöldi herbergja: 3  
Byggingarár: 2002  
Brunabótamat: 16.800.000  
Bílskúr: nei

RE/MAX LIND Árni 893 4416. Góð íbúð á frábærum útsýnisstað, þar sem stutt er í alla þjónustu. Björt, falleg 3ja herb. á 3.hæð. Ein íbúð á stigapalli, aðeins þrjár íbúðir á stigagangi. Korkflisar eru á öllum gólfum nema á baðherbergi, sem er flisalagt í hólf og gólf. Á baði er hvít innrétting og baðker. Í eldhúsi er góður borðkrókur, en inn af eldhúsi eru þvotta- og geymsluherbergi. Barnaherbergið er einkar stórt, 14 m2. Skemmtilega skipulögð íbúð, þar sem rýmið nýlist vel. Svalir til suðurs.







**RE/MAX LIND**

Pórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Gunnar Jónsson Sölufulltrúi 669 1005 gj@remax.is

Berglind Þyri Sölufulltrúi 864 0803 berglindg@remax.is

**Eskihlíð 21**  
105 Reykjavík  
Opð hús í dag kl. 15:00 - 15:30

**Verð: 21.900.000**  
Stærð: 83  
Fjöldi herbergja: 3  
Byggingarár: 1946  
Brunabótamat: 10.900.000

Remax Lind kynnir fallega 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í Hlíðunum. Eignin er staðsett í botnlanga á rólegum stað. Komið er inn í flisalagða lokaða forstofu. Úr forstofu er komið inn í hol með fatahengi. Hjónaherbergi er stórt með skápum. Stofan er björt og falleg með elkarparketi og snýr út í garð. Gott barnaherbergi er í íbúðinni. Eldhúsið er með góðri innréttingu og korkflisum á gólf. Baðherbergi er flisalagt í hólf og gólf með sturtu. Geymsla og þvottahús eru í sameign.




**RE/MAX LIND**

Pórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Gunnar Jónsson Sölufulltrúi 669 1005 gj@remax.is

Berglind Þyri Sölufulltrúi 864 0803 berglindg@remax.is

**Fellsmúli 13**  
108 Reykjavík  
Opð hús í dag milli kl. 15-15:30

**Verð: 25.800.000**  
Stærð: 116,9  
Fjöldi herbergja: 4-5  
Byggingarár: 1964  
Brunabótamat: 15.700.000  
Bílskúr: nei

Re/max Lind kynnir 4-5 herbergja íbúð á 3ju hæð í botnlanga. Íbúðin samanstendur af eldhúsi með nýlegri innréttingu og gaseldavél. Stór stofa/borðstofa með útgengi út á svalir. Innaf stofu er stúkað af rúmgtottsíónvarpshol. Inná herbergisgang eru tvö barnaherbergi, annað með skáp. Hjónaherbergi með skápum og baðherbergi með baðkari. Gott alrými er í miðju íbúðar sem hægt er að nýta sem vinnuástaða t.d. Þetta er falleg eign á góðum stað miðsvæðis í Reykjavík. Berglind sýnir.




**RE/MAX LIND**

Pórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Gunnar Jónsson Sölufulltrúi 669 1005 gj@remax.is

Berglind Þyri Sölufulltrúi 864 0803 berglindg@remax.is

**Krókavað 21**  
110 Reykjavík  
Opð hús í dag kl. 16:00 - 16:30

**Verð: 34.900.000**  
Stærð: 127,5  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 2005  
Brunabótamat: 20.950.000

Remax Lind kynnir bjarta og stórglæsilega 4ra herbergja jarðhæð í Norðlingaholti með einstóku útsýni allan fjallahringinn. Góð flisalagð forstofa með hita í gólf og skápum sem ná upp í loft. 3 rúmgóð svefnherbergi ásamt stóru þvottaherbergi og geymslu. Glæsilegt baðherbergi með nuddbaðkari og upphengdu salerni. Stofa, borðstofa og eldhús mynda stórt og bjart fjölskyldurými með útgengi í góðan garð. Grunnskóli og leikskóli er í næsta nágrenni. Falleg eign á frábærum stað.




**RE/MAX LIND**

Pórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Gunnar Jónsson Sölufulltrúi 669 1005 gj@remax.is

Berglind Þyri Sölufulltrúi 864 0803 berglindg@remax.is

**Njálsgata 80**  
101 Reykjavík  
Opð hús í dag kl. 17:00 - 17:30

**Verð: 22.900.000**  
Stærð: 85  
Fjöldi herbergja: 3-4  
Byggingarár: 1937  
Brunabótamat: 11.000.000

Remax Lind kynnir fallega 4ra herbergja 85 fm íbúð í miðbænum. Í íbúðinni eru tvö rúmgóð svefnherbergi, annað með góðum skápum upp í loft. Eldhús er með góðu skáplássi, nýri eldavél og góðu búi. Baðherbergi er flisalagt í hólf og gólf með baðkari, handklæðaoefni og upphengdu salerni. Stofa og borðstofa eru samliggjandi með útgengi út á suðursvalir. Gott þvottahús og geymsla er í snyrtilegri sameign. Miklar endurbætur hafa átt sér stað nýlega á húsinu að utan og á sameign.




**RE/MAX LIND**

Pórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Gyflí Gylfason Sölufulltrúi 693 4085 gyflif@remax.is

**Pórðarsveigur 28**  
113 Reykjavík  
Opð hús í dag kl. 14:00 - 14:30

**Verð: 28.900.000**  
Stærð: 116,4  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 2005  
Brunabótamat: 21.945.000  
Bílskúr: Bílskyl

Björt 4 herbergja íbúð á fallegum stað í Grafarholti. Íbúðin er á 1. hæð með sérinnngangi. Stofa og borðstofa mynda stórt og bjart fjölskyldurými, með útgengi í góðan garð sem liggur að grónum skógi í suðurrátt. Eldhúsið er með vandaðri eikarinnréttingu og inn af því er þvottahús. Rúmgóðir skápar eru í öllum herbergjum. Baðherbergi er flisalagt í hólf og gólf, með upphengdu salerni ásamt baðkari m/sturtu. Sampykki er fyrir því að byggja rúmlega 40fm sólpall út í garð í suðurrátt.




**RE/MAX LIND**

Pórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Gyflí Gylfason Sölufulltrúi 693 4085 gyflif@remax.is

**Sóleyjarhlíð 3**  
Hafnarfjörður  
Opð hús sunnudag kl 15-15:30

**Verð: 24,5**  
Stærð: 99  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 1994  
Brunabótamat: 15.050.000  
Bílskúr: nei

REMAX LIND kynnir fallega 4 herbergja íbúð á góðum stað í Setbergi. Íbúðin er á 3. hæð í litlu fjölbýli. Forstofa er parkettlögð og með skáp. Eldhúsið er með hvítri beyki innréttingu og eru flisar á milli skápa, borðkrúkur og nýleg gaseldavél. Plastparket er á stofu og borðstofu, útgengt er á svalir úr stofu. Svalirnar eru rúmgóðar og snúa í suðvestur. Þrjú góð svefnherbergi og eru öll með skápum og gólfefni eru einnig plastparket. Baðherbergi með fallegri innréttingu




**RE/MAX LIND**

Pórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Gyflí Gylfason Sölufulltrúi 693 4085 gyflif@remax.is

**Stekkjarberg 6**  
Hafnarfjörður  
Opð hús Sunnudag kl 16-16:30

**Verð: 24,9**  
Stærð: 103,5  
Fjöldi herbergja: 5  
Byggingarár: 103,5  
Brunabótamat: 16.050.000  
Bílskúr: nei

Remax Lind kynnir; Fallega 5 herbergja endaíbúð á þriðju og efstu hæð við Setberg í Hafnarfirði. Lýsing eignar; Forstofa er með flisum. Eldhús er með ljóstri innréttingu, helluborði, ofn, víftu, tengi fyrir uppþvottavél. Baðherbergi er með flisum á gólf og við baðkar, og skáp. Fjögur svefnherbergi með skápum. Gólfefni; nýlegt plastparket er á gólfum, nema baðið og þvottahúsið er flisalagt. Utgegt er á flisalagðar svalir úr stofu. uppl s. 6934085




**RE/MAX LIND**

Pórarinn Jónsson hdl. lögg. fasteignasali

Hannes S. Sölufulltrúi 699 5008 hannes@remax.is

Berglind Þyri Sölufulltrúi 864 0803 berglindg@remax.is

**Veghús 9**  
112 Reykjavík  
Opð hús í dag milli kl. 16-16:30

**Verð: 25.900.000**  
Stærð: 121  
Fjöldi herbergja: 4-5  
Byggingarár: 1989  
Brunabótamat: 16.250.000  
Bílskúr: nei

Remax Lind kynnir fallega 4ra herbergja íbúð á 2.hæð. Í risi á 4.hæð er sérgeymsla með 2 gluggum sem er vel hægt að nýta sem herbergi. Í íbúðinni eru tvö góð barnaherbergi og hjónaherbergi með góðum skápum. Stórt baðherbergi með góðri innréttingu og baðkari. Þvottahús er innan íbúðar. Eldhús er með hvítri sprautlakkadri innréttingu í háglans, góður borðkrúkur. Stofa/borðstofa með útgengi út á stórar svalir. Berglind sýnir eignina.



## Hestvík

Við Þingvallavatn  
Hestvík við Þingvallavatn

**Verð: Tilboð**

Stærð: 100,1 fm.  
Fjöldi herbergja: 7  
Byggingarár: 1968  
Brunabótamat: 13.915.000  
Bílskúr: 28 fm.

RE/MAX Lind kynnir: Um er að ræða 2 sumarhús ásamt gestahúsi og á einum vinsælasta staðnum við Þingvallavatn. Húsin standa í gróður- og skjólsælli hlíð og er virkilega fallegt útsýni frá þeim til norðurs yfir vatnið. Húsin eru í ágætu standi og hefur verið vel við haldið í gegnum árin. Stærri húsið skiptist í 2 svefnherbergi, stofu með stórum gluggum, eldhús og baðherbergi á efri hæð og 2 svefnherbergi og góða geymslu á neðri hæð. Góður pallur nánast alveg umhverfis húsið og að auki er búið að byggja pall vestan við húsið þar sem gert var ráð fyrir að setja heitan pott. Minna húsið skiptist í stofu með stórum gluggum, eldhús horn og svefnloft á efri hæð og gott geymslupláss undir húsinu. Vestan við húsið stendur til viðbótar hús með herbergi og salerni. Pallur umhverfis húsið. Hér er um algera perlu að ræða.



## Hrauntunga 2

200 Kópavogur  
Opið hús 15:00 - 15:30

**Verð: 27.900.000**

Stærð: 97,3 fm.  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 1966  
Brunabótamat: 17.460.000  
Bílskúr: 28 fm.

Vel skipulögð 4 herbergja íbúð á jarðhæð í grónu hverfi í suðurhlíðum Kópavogs. Eignin skiptist í forstofu, eldhús, salerni, þvottahús, bjarta stofu og 3 svefnherbergi. Að auki fylgir eigninni sérstæður bílskúr og skjólgóður pallur í garðinum. Komið inn í forstofu, t.v. er eldhús með hvítri víðar innréttingu og flisum milli efri og neðri skápa. Þá kemur svefnherbergi með fataskáp og er útgengi út í garð. Þar næst er annað svefnherbergi nokkuð rúmgott með fataskáp og suðurlugga. Við enda gangs er lítið herbergi sem í dag er tölvuherbergi. Stofan er rúmgóð og björt og er ágætis útsýni úr stofu til suðvestur yfir voginn. Inn af stofunni er hjónaherbergi með skáp. Til hægri frá forstofu er smekklegt baðherbergi sem er flísalagt í hólf og gólf og með sturtuklefa og upphengdu salerni. Þvottahúsið er með góðum hirslum.



## Höfðasel 3

Akranes  
Góður fjárfestingakostur- Allt húsið er til sölu  
Aðeins 64.108 kr / fm

**Verð: 74.500.000**

Stærð: 1.162,1  
Byggingarár: 2004  
Brunabótamat: 75.150.000

**1162,1 fm iðnaðarhúsnæði með 5 stórum innkeyrsludryum stendur á 5.000 fm leigulöð.**  
Húsnæðið skiptist í: 450 fm vélarverkstæði, 90fm milli lofti (2 góðar skrifstofur, kaffistofu og salerni) 559,5fm vélasal, 50fm pressuhús og 12,6fm sementssiló.  
**Innandyra er einnig:** Gott búningsherbergi með nógu skáplássi, nýjar sturtur, 3 salernisaðstöður og sérinnangangur í öll hólf.

### Ath:

- Lægri fasteignagjöld en í Reykjavík
- Hagstæðara fermetravæðing en á höfuðborgarsvæðinu
- Möguleika á að hólfu niður í 100 fm einingar og leigja út eða selja sér
- Heimild til að byggja við húsið

Góður og mjög lítið notaður 5 tonna hlaupaköttur getur fylgt.



## Sumarbústaður

á lóðina þína

**Verð: 6.5**

Stærð: 74,5  
Fjöldi herbergja: 4

Bústaðurinn kemur með öllu, hurðum, gluggum, parketi, klæðningum, pakjárnri, ásamt 70m2 verönd o.fl. Bústaðurinn er ósamsettur og kemur í einingum. Hann er tilbúinn til innréttinga og kominn til landsins. Ísl. teikningar og samþykktir ísl. staðlar. Gólfíotúrinn niðri er 74,47 m2 og svefnloftið er 46,75 m2. Þrjú svefnherbergi, góð stofa, baðherbergi, geymsla, stórt svefnloft og stór verönd. Hagstæð og góð kaup. Nánari upplýsingar veitir Skúli í síma 897-0798



## Lækjarvegur 3

311 Borgarbyggð  
Helgártúrin þinn hingað.

**Verð: 15.000.000**

Stærð: 60,1 fm  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 1995  
Brunabótamat: 12.200.000

RE/MAX LIND kynnir flottan 60 fm sumarhúsið á 9000 fm leigulöð með frábæru útsýni til allra átta. Í göngufæri frá bústaðnum er góður busi-lækur. Góð verönd er kringum bústaðinn. Í bústaðnum eru 3 svefnherbergi og gott svefnloft. Góð innrétting er í eldhúsi og björt og góð stofa. Mikill og glæsilegur gróður umliggur bústaðinn. Stutt er í alla verslun og þjónustu hvort sem það er Borgarnes eða Baula. Stutt er í gólf. Þessi flottu bústaður er laus við kaupsamning. Pantaðu skoðun núna





**RE/MAX HEIMILI OG SKIP**



**Eyjaholt**  
Meðalfellsvatn í Kjós  
Aðeins 30mín frá Reykjavík!

**Verð: 29,9**  
Stærð: 117  
Fjöldi herbergja: 5  
Byggingarár: 2007

Tvö frístundarhús við meðalfellsvatn í Kjós. Húsin eru á steyptum sökkli með steyptri gólfplötu og hiti er í gólf. Húsin eru á tveimur hæðum, lofthæð niðri 2,5m og uppi lægst 0,6m en hæðst 3,0m. 90fm sólpallur er á neðri hæð og 25fm svalir á efri hæð með útsýni yfir meðalfellsvatn. Lóðirnar eru leigulóðir og um 2850fm að stærð. Innréttingar eru sérsmíðaðar úr eik en allar borðplötur eru granit. Náttúrusteinn er á neðri hæð en eikarparket á efri hæð. Öll lýsing inni og úti er halögen lýsing. Húsin eru bjálkahús smíðuð úr 18x18cm límrésbjálkum(rakastig 14@). Húsin eru forsmíðuð af bjálkahúsaverksmiðju Eistlands "Palmatin" og allt efni sérválið(Baltic fura veturfell). Húsin eru staðsett austanvert meðalfellsvatn (ca. 300m frá vatni) á ný skipulögðu frístundarsvæði. Í húsunum er kalt vatn, rafmagn,



**RE/MAX HEIMILI OG SKIP**

**Lágseyla**  
Innri Njarðvík  
Opið hús í dag kl. 17.30-18.00

**Verð: 33,9**  
Stærð: 222  
Fjöldi herbergja: 5  
Byggingarár: 2001  
Brunabótamat: 36.2  
Bilskúr: 40

Kornið inn í flíslagt anddyri með millihurð og skáp. Eldhús er með flisar á gólf og fallega u-laga kirsuberja innréttingu. Sjónvarpshol er með flisar á gólf. Stofa er rúmgóð með parketi og útgengt er út í garð bæði að framan og aftan. Baðherbergi er með flisar á gólf, góð innrétting við vask, upphengt salerni, hornbaðkar, handklæðabofn og sturtuklefa. Fjögur svefnherbergi með parketi á gólf og skápum. Þvottahús, flisar á gólf útgengt út í bakgarð og innangengt í bilskúr frá þvottahúsi. Húsið er innst í



**RE/MAX HEIMILI OG SKIP**

**Fífumói 8**  
Njarðvík  
Opið hús í dag kl. 16.30 - 17.00

**Verð: 23.500.000**  
Stærð: 163  
Fjöldi herbergja: 5  
Byggingarár: 1976  
Brunabótamat: 19.750.000  
Bilskúr: Já

Hér er 161 fm íbúð sem að miklu leyti hefur verið tekin í gegn. Eldhús var endurnýjað fyrir 4 árum, gólf, innréttingar og tæki. Baðherbergi nýtekið í gegn. Eldhús er einnig með náttúruflisum á gólf, innrétting úr hlyn, ofn, helluborð og vífa, borðstofa er í hluta eldhúss, hægt að ganga beint inn í þvottahús. Fjögur herbergi eru í húsinu. Herbergin eru með parketi á gólf og eru skápar í hjónaherbergi og einu barnaherberg, eign sem vert er að kíkja á.




**RE/MAX HEIMILI OG SKIP**

**Klapparbraut 5**  
Garður

**Verð: 25.400.000**  
Stærð: 182  
Fjöldi herbergja: 5  
Byggingarár: 2001  
Brunabótamat: 20.850.000  
Bilskúr: Já

Húsið er byggt árið 2001 og er 142fm á stærð ásamt 40 fm bilskúr. Stór verönd er bakatíl. Húsið er staðsett fyrir miðju í lokuðum botnlanga. 60 fm af gegnheilu stafaparketi getur fylgt húsinu. 5 svefnherbergi eru í húsinu. Nánari lýsing: Kornið inn í forstofu með fatahengi, innangengt í stórt forstofuherbergi með parketli á gólf. Eldhús er með flisar og fallegri viðarinnréttingu. Stofa er rúmgóð samtengt við hol. Góð eign á barnvænum stað, stutt í skóla og leikskóla.




**RE/MAX HEIMILI OG SKIP**

**Beykidalur**  
Njarðvík  
Fáar íbúðir eftir

**Verð: 18 - 22.5**  
Stærð: 86 - 120  
Fjöldi herbergja: 3-4  
Byggingarár: 2007  
Bilskúr: mögul.

Húsið stendur á góðum stað þar sem er stutt í alla þjónustu og greið leið til höfuðborgarinnar. Allur frágangur er eins vandaður og kostur er og sérstök áhersla er lögð á að hver sé út af fyrir sig og hafi sitt sér þrátt fyrir að búið sé í fjölbýli. Til dæmis má nefna sérgarðar fyrir neðri hæðir. Séríngangar eru fyrir hverja íbúð og hlóðeinangrun milli húsa langt umfram þær kröfur sem gerðar eru til fjölbýlis. Einnig er lögð áhersla á sameiginlegt útvistarsvæði með leiktækjum fyrir börn og aðstaða fyrir grill.



**RE/MAX HEIMILI OG SKIP**

**Lindartún**  
Garður  
Bókaðu skoðun!

**Verð: 18,6**  
Stærð: 105  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 1995  
Brunabótamat: 18,3  
Bilskúr: réttur

Gott steypt 4ra herbergja parhús. Húsið skiptist í hjónaherbergi, tvö barnaherbergi, eldhús, þvottahús, anddyri og stofu sem er útgengt á verönd með heitum potti. Stór og góð innrétting í eldhúsi og geymslufof yfir húsinu. Íbúðin er staðsett innanlega í lokuðum botnlanga.





**Veghús 17**  
Grafarvogur  
Opíð hús í dag milli 13:00 og 13:45

**Verð: 24,9**  
Stærð: 114,5  
Fjöldi herbergja: 3  
Byggingarár: 1990  
Brunabótamat: 15,7  
Bílskúr: Já.

Mjög falleg og björt endiábygd á annari hæð með innbyggðum bílskúr. Samtals 114,5fm. Komið er inn í flisalagt hol með góðum skápum. Sér þvottaherbergi. Baðherbergi með glugga og er það flisalagt í hólf og gólf. Stórt og gott eldhús með borðkrók og glugga. Góð stofa þar sem útgengt er á stórar svalir sem snúa í suð-vestur. Nýtt fallegt elkar parket er á íbúðinni. Sér bílskúr fylgir eigninni. Sameign og húsið voru nýlega endurbætt og líta mjög vel út. Verið velkomin í opíð hús.

Þórunn Þórðardóttir  
lögg. fasteignasali  
694 1799  
thorunn@remax.is

Heiðar Feykr  
Sölufulltrúi  
694 1799  
heidar@remax.is

**Grettisgata 16**  
101 Reykjavík  
Opíð hús í dag kl. 17.00-17.30

**Verð: 37.800.000**  
Stærð: 127,1 fm  
Fjöldi herbergja: 4-5  
Byggingarár: 1930  
Brunabótamat: 18.950.000

Skemmtileg 5 herb. stór og björt hæð með rislofti. Komið er inn í stórt opíð og bjart rými sem er stofa og eldhús, HTH innrétting með viðborðspítum. Þvottahús innaf eldhúsi. 3 mjög stór herbergi. Stórt hol. Linoleum gólfdukur á öllum herbergjum, skápar í herbergjum. Góð lofthæð. Af stígapalli er gengið inn í gott baðherbergi, lítið mál er að opna úr alryminu inn á bað. Óeinangrað risloft yfir íbúðinni. Frábær eign með mikla möguleika í hjarta borgarinnar og miðbæjarflórana allt um kring.

Jónas Örn  
Jónasson hdl.  
lögg. fasteignasali  
520 9550

Guðbjörg  
Sölufulltrúi  
894 5401  
guly@remax.is

**Freyjugata 34**  
101 Reykjavík  
Opíð hús í dag kl. 17:00-17:30

**Verð: 16.300.000**  
Stærð: 53,4 fm.  
Fjöldi herbergja: 2  
Byggingarár: 1932  
Brunabótamat: 7.290.000

Tveggja herbergja kjallaraíbúð í virðulegu húsi í Þingholtunum! Rúmgott og bjart eldhús með gluggum í tvær áttir. Stofa og herbergi dúklögð og er herbergið innaf stofunni. Baðherbergi með sturtu. Pak var endurnýjað árið 2001. Rafmagn endurnýjað að hluta. Sameiginlegt þvottahús og þurrkerbergi. Geymslusíur á háalofti. Garður er sameiginlegur og er þar garðhús sem nýtt er sem hjólagæymsla. Þessi íbúð er tilvalin fyrir þau sem eru að kaupa í fyrsta skipti.

Jónas Örn  
Jónasson hdl.  
lögg. fasteignasali  
520 9550

Jóhanna Kristín  
Sölufulltrúi  
698 7695  
jk1@remax.is

**Laugateigur 13**  
105 Reykjavík  
Opíð hús í dag kl. 16:00-16:30

**Verð: 39.000.000**  
Stærð: 136,1  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 1947  
Brunabótamat: 19.150.000  
Bílskúr: Já

Mikið endurnýjuð, stílhrein og falleg sérhæð í vel við höldnu húsi í Teigahverfinu – rétt við Laugardalinn. Nýuppsett eldhús og baðherbergi. Íbúðin skiptist í tvær samliggjandi stofur, tvö svefnherbergi, stórt hol, eldhús og baðherbergi. Parket á gólfum. Baðherbergi flisalagt í hólf og gólf. Í eldhúsi er borðplata úr fallegum náttúrusteini. Tæki fylgja. Gaseldavel. Korkur á gólf. Sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús í sameign. Bílskúr. Fallegur og vel hirtur garður með gnótt rífsberjarunna.

Jónas Örn  
Jónasson hdl.  
lögg. fasteignasali  
520 9550

Jóhanna Kristín  
Sölufulltrúi  
698 7695  
jk1@remax.is

**Sólheimar 8**  
108 Reykjavík  
Opíð hús í dag kl. 15:00-15:30.

**Verð: 44.900.000**  
Stærð: 219,3 fm  
Fjöldi herbergja: 5-6  
Byggingarár: 1965  
Brunabótamat: 28.590.000  
Bílskúr: Já

Stór og glæsileg 182,2 fm. sérhæð í fallegu og grónu hverfi auk 37,1 fm. Bílskúrs. Úr anddyri er gengið inn í rúmgott hol. Þaðan er opíð inn í stórglæsilegar stofur, auk eldhúss með fallegum, nýjum innréttingum. Inn af eldhúsi er stórt og rúmgott búr og þvottahús með miklu skáplássu. Í holi er einnig nýgerð gestasýrting. Úr holi er innangengt í svefnálmu með þremur svefnherbergjum og baðherbergi. Ný sólstofa með hita í gólf og stórar svalir. Gólfefni eru parket og flisar. Sjáið og sannfærst!

Jónas Örn  
Jónasson hdl.  
lögg. fasteignasali  
520 9550

Jóhanna Kristín  
Sölufulltrúi  
698 7695  
jk1@remax.is

**Þórsgata 15**  
101 Reykjavík  
Opíð hús í dag kl 16:00-16:30

**Verð: 18,9**  
Stærð: 62,3  
Fjöldi herbergja: 2  
Byggingarár: 1920  
Brunabótamat: 9,3

Anddyri með pergóparketi á gólf. Eldhúsið er með hvítri nýlegri eldhúsinnréttingu. Eldhúsið er rúmgott og ber vel borðaðstöðu. Baðherbergið er flisalagt, sturtuklefi. Nýlegur vaskur og handklæðaofn. Stofan er rúmgöð og björt. Parket er á stofu. Inn af stofunni er stórt herbergi með skápum. Góð lofthæð er í íbúðinni. Snýrtíleg lóð. Árið 1999 voru holræslalagnir endurnýjaðar, að sögn seljenda. Gert hefur verið við þak og þakkanter endurnýjaður. Húsið er steniklætt og því að mestu viðhaldslítið.

Valdimar  
Jóhannesson  
lögg. fasteignasali

Einar Karl  
Sölufulltrúi  
895 8525  
kall@remax.is

**Perlukór 1A**  
203 Kópavogur  
Opíð hús í dag kl 14:30-15:00

**Verð: 49,9**  
Stærð: 172,0  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 2006  
Brunabótamat: 33  
Bílskúr: Bílskylfi

Einkar glæsileg íbúð á góðum stað í Kórahverfinu í Kópavogi. Íbúðin er staðsett á 2. hæð. Eigninni fylgir staði í bílagæmslu. Komið er inn í stóra flisalagða forstofu með góðum skápum. Hjónaherbergið er rúmgott og hol þar fyrir framan með fataskápum. Þar við hlið er baðherbergi með sturtu. Herbergisgangur með tveimur góðum barnaherbergjum, bæði með skápum. Þar er annað baðherbergi, baðkar, upphengt klósett og góð innrétting. Stofan er stór og björt. Úr stofunni er útgengt á stórar svalir. Borðstofa er samtengd stofu og eldhúsi. Í eldhúsinu er falleg hvít sprautulökkuð innrétting. Halógenlýsing í loftum að hluta. Fjarstyrking á ljósum í stofu. Þvottahús við hlið eldhúss. Íbúðin er öll flisalögð. Geymsla fylgir eigninni í kjallara. Glæsileg eign sem vert er að skoða. Sjáið fleiri myndir á www.remax.is/senter

Valdimar  
Jóhannesson  
lögg. fasteignasali

Einar Karl  
Sölufulltrúi  
895 8525  
kall@remax.is








**RE/MAX SENTER**




**Ásakór 1**  
203 Kópavogur  
Opíð hús í dag milli 15:00-15:30

**Verð: 39.900.000**  
Stærð: 192  
Fjöldi herbergja: 5  
Byggingarár: 2006  
Brunabótamat: 29.000.000  
Bílskúr: Já

Nýja 5 herbergja íbúð á efstu hæð með bílskúr. Komið er inn í forstofu með skápum úr eik. Baðherbergin er með fallegum flisum og góðum innréttingum, baðkar og vegghengt salerni. Svefnherbergin eru mjög rúmgóð og með góðum skápum. Eldhúsinnréttingar ná alveg upp í lof, keramik helluborð. Blástursofn og gufugleyfir. Öll tækin eru með burstaðri stál áferð. Þvottahús með tengi fyrir þvottavél, þurrkara og skolvask. Geymsla á jarðhæð. Íbúðin er afhend án gólfefna utan flisar á baðherbergi. Afhending við kaupsamning.

Valdimar Jóhannesson lógg. fasteignasali

Svava Sölufrú 898 3023 svava@remax.is

**RE/MAX SENTER**

**Ástún 2**  
200 Kópavogur  
Opíð hús í dag milli 16:30-17:00

**Verð: 18.700.000**  
Stærð: 79  
Fjöldi herbergja: 3  
Byggingarár: 1982  
Brunabótamat: 13.050.000

Góða 3ja herbergja íbúð á 4 hæð í góðu fjölbýli á besta stað í Kópavogi. Íbúðin er 79,4fm og er síðan geymsla sem er ekki talin inn í þeim, 8 fm í kjallara. Komið er inn í góða forstofu með nýju parketi á gólf og skáp. Baðherbergið er með fallegri innréttingu, baðkari og flisum á gólf. Eldhús með víðarinnréttingu, flisum á milli skápa, flisar á gólf. Stofan er rúmgóð með parketi á gólf og gengið þaðan á góðar norðvestursvalir. Tvö góð svefnherbergi með skápum. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni. Eign sem vert er að skoða.

Valdimar Jóhannesson lógg. fasteignasali

Svava Sölufrú 898 3023 svava@remax.is





**RE/MAX SENTER**

**Kópavogsbraut 43**  
200 Kópavogur  
Opíð hús í dag kl 15:00-15:30

**Verð: 35,9**  
Stærð: 148,4  
Fjöldi herbergja: 5  
Byggingarár: 1969  
Brunabótamat: 20,8  
Bílskúr: Já

Góð efri hæð í vesturbæ Kópavogs. Flísalögð forstofa, stigi upp. Stofa, hol og borðstofa, út úr stofu er gengið út á suðursvalir. Eldhúsið er með nýlegri kirsuberja innréttingu, gashelluborð, borðkrókur. Frá holi koma tvö herbergi. Í svefnherbergisálfu eru svo tvö önnur herbergi og baðherbergi. Íbúðin er öll parkettlögð. Baðherbergið er nýlega uppgert, flisar á gólf og veggjum, baðkar. Þvottahús er dúkalagt. Húsið var málað að utan fyrir tveimur árum einnig pakki. Garður sameiginlegur. Bílskurinn er 24,1 fm.

Valdimar Jóhannesson lógg. fasteignasali

Hrónn Sölufrú 824 4797 hronn@remax.is





**RE/MAX SENTER**

**Holtsgata 3**  
101 Reykjavík  
Opíð hús í dag milli 15:00 - 15:30

**Verð: 22.900.000**  
Stærð: 68,3  
Fjöldi herbergja: 2  
Byggingarár: 2006  
Brunabótamat: 14.960.000  
Bílskúr: bílageymsla

RE/MAX SENTER KYNNIR: Fallega íbúð í nýju fjölbýlishúsi á góðum stað í Vesturbænum. Í göngufæri við miðbæinn. Fallegar innréttingar úr eik. Góður fataskápur er í svefnherbergi. Baðherbergi er með baðkari og góðri innréttingu. Þvottaherbergi er innaf íbúðinni. Stórar suður svalir. Íbúðin afhendist án gólfefna að undanskildu baði og þvottahúsi sem er flísalagt. Eignin er laus við kaupsamning.

Valdimar Jóhannesson lógg. fasteignasali

Nanna Sölufrú 899 9493 nanna@remax.is






**RE/MAX SENTER**

**Rauðavað 21**  
110 Reykjavík  
Opíð hús í dag kl. 15:00 - 15:30

**Verð: 30.500.000**  
Stærð: 117,7 fm.  
Fjöldi herbergja: 4  
Byggingarár: 2004  
Brunabótamat: 22.150.000  
Bílskúr: Staði

Falleg fjögurra herbergja íbúð á 2. hæð við Rauðavað í Norðlingaholti. Íbúðin er alls 117,7 fm. auk merkts bílastæðis í upphitaðri bílageymslu. Komið er inn í flísalagða forstofu með skápum, inn á gang, þar er rúmgott hjónaherbergi með skápum, tvö herbergi með skápum og góðum gluggum, stór stofa/borðstofa með útgangi á stórar flísalagðar svalir, opið eldhús með stórra innréttingu, ísskáp, frysti, og uppþvottavél, allt sem fylgir, flísalagt þvottaherbergi með vaski og öllum tengingum, og parketlagðri geymslu með glugga, sem hægt er nýta sem gestaherbergi. Öll gólf eru lögð nýju eikarparketi, nema forstofa, baðherbergi og þvottahús. Smekklegar álmilagardínur eru fyrir gluggum. Allir sólþekkir og borðplötur í eldhúsi eru úr dökkku graniti. Skemmtilegt útsýni er út yfir Heiðmörkina og nágrenni.

Valdimar Jóhannesson lógg. fasteignasali

Bjarni Sölufrú 821-0654 bjarni@remax.is






**RE/MAX SENTER**

**Lindarbraut 22**  
170 Seltjarnarnes  
Opíð hús mánudag kl. 17:30 - 18:00

**Verð: 65.000.000**  
Stærð: 179,1 fm.  
Fjöldi herbergja: 5  
Byggingarár: 2004  
Brunabótamat: 30.270.000  
Bílskúr: 34,3 fm.

Glæsilegt og vel hannað parhús á tveimur hæðum með innbyggðum rúmgóðum bílskúr. Húsið er alls 179,1 fm., með svölum bæði til suðurs og vesturs, og fallegu útsýni. Komið er í rúmgott anddyri/forstofu, og tvö barnaherbergi þar til hægri, og gestasnyrtling með sturtu. Á efri hæð er stór stofa, mikil lofthæð, góðir gluggar, útgangur á vestur svalir, falleg borðstofa, útgangur á suður svölum, og stórt eldhús með svartri sprautulakkaðri innréttingu. Á neðri hæðinni eru rúmgott hjónaherbergi með einkabaðherbergi með hornbaðkari, stórt fataherbergi, geymsla og rúmgóður bílskúr. Hiti er í gólfum. Sérhannað fallegt steinteppi er á öllum gólfum, ýmist ljóst eða svart. Skjólíggður suður garður, rými fyrir verönd. Aðkeyrsla að bílskúr er hellulögð og upphituð. Falleg eign á mjög vinsælum stað á góðu verði.

Valdimar Jóhannesson lógg. fasteignasali


Bjarni Sölufrú 821-0654 bjarni@remax.is

# Tjarnabyggð í Árborg

Búgarður - Einbýli

Verð:  
48.700.000

RE/MAX  
Senter



Ljós. PÁLL PÉTURSSON

Sýnishorn af frágangi...



Ljós. PÁLL PÉTURSSON

Sýnishorn af frágangi...



Ljós. PÁLL PÉTURSSON

Sýnishorn af frágangi...

## Sameinaðu heimilið, sumarþústaðinn og hesthúsið á einum stað

Glæsileg einbýlishús – búgarður – á stórrí eignarlóð í Tjarnabyggð í Árborg, milli Selfoss og Eyrarbakka. Búgarðabyggð. Hús sem sameinar þægindi bæjarlífs og friðsæld, fegurð og viðsýni sveitalífs. Nýr lífsstíll. Byggðin er í aðeins um 40 mínúta akstri frá Reykjavík.

Hönnuðir eru EON Arkitektar ehf., og byggingaraðili er Trésmiðja Suðurlands ehf.


Húsið er um 160 fm. og er skipulagt með kjarna í anddyri/skála, sem er með arni, og tvær álmur, aðra álmuna með aðalsvefnherbergi, sem er með salerni og skápum, tveimur svefnherbergjum, og baðherbergi með sturtu og gufubaði, og hina álmuna með geymslu, eldhúsi, borðstofu og stofu. Stigi er úr skála upp í koniaksstofu, sem einnig er með arni, og út á 35 fm. svalir.

Úti er hellulagt í kring um húsið, og stór verönd fyrir framan útidyr og verönd út frá úti arni í skjólgarði. Að auki er þar stór sólpallur sem afmarkast af álmum hússins. Þá er heitur pottur við húsið. Húsin eru afhent fullbúin að utan sem innan. Að utan er húsið klætt með Lerkipanel. Að innan eru öll gólfefni komin, flísar og parket, allar innréttingar upp settar, öll tæki í eldhúsi og á baði, þrjár arnar, veggefni eru ýmist gips, parketefni eða múrsteinshleðsla. Möguleikar eru á efnisvali kaupenda.

Rennihurðir eru út á sólpall úr aðalsvefnherbergi, af gangi og úr stofu.

Einnig fylgir með í kaupunum fullbúið 37 fm. gestahús, með tveimur herbergjum og flísalögðu baðherbergi með sturtu.

Lóðirnar eru frá 9.700 fm. upp í 18.700 fm. Á þeim má byggja alls 1.500 fm., og 9 metra upp. Upplýstir reiðstígar, alls 16 km. liggja í kringum og þvert yfir byggðina. Ýmsir möguleikar eru á ræktun enda er landið kjörið til ræktunar. Útsýni er fallegt, fjallahringur til vesturs og norðurs, og til sjávar og allt til Vestmannaeyja.



Útfærsluhugmyndir:

Íbúðarhús  
Gestahús  
Bílageymsla  
Hesthús  
Reiðhöll  
Vélageymsla



Valdimar  
Jóhannesson  
Löggiltur fasteigna-,  
fyrirtækja og skipasali.

### Fleiri möguleikar:

Við húsin má flétta hinum ýmsu möguleikum, s.s. eins og hesthúsi, reiðskemmu, vélaskemmu, bílskúr eða vinnustofu. Hægt er að taka eina staka einingu eða flétta möguleikana saman að vild.

Sölumenn RE/MAX Senter veita allar nánari upplýsingar um möguleika og verð. Einnig er möguleiki á annari útfærslu á einbýlishúsinu, sjá t.d. myndir hér að neðan.

Sölumenn RE/MAX Senter veita allar nánari upplýsingar



Bjarni  
Sölufulltrúi  
821 0654  
bjarni@remax.is



Garðar Hólm  
Sölufulltrúi  
899 8811  
gardar@remax.is

## Fjárfesting til framtíðar - Einstakt klasaskipulag - 4 km frá Selfossi



Aðrar útfærslur á húsum...



Aðrar útfærslur á húsum...

## Verkstjóri

Hamrafell ehf í Hafnarfirði leitar að verkstjóra í fiskvinnslu.

Umsóknir sendist á hamrafell@hamrafell.is.

Nánari upplýsingar í síma 565 0830 eða 896 3939.



Rafha ehf. er framsækið fyrirtæki sem flytur inn og selur heimilistæki og innréttingar frá heimsþekktum framleiðendum á borð við Electrolux, AEG, Zanussi og Lineadecor. Rafha leggur metnað sinn í að bjóða fyrsta flokks þjónustu, fjölbreytt úrval og gott verð.

## SÖLUSTARF

Rafha ehf. leitar að metnaðarfullum og árangursdrifnum sölumönnum með ríka þjónustulund og geta hafið störf sem fyrst.

### Starfslýsing

- ▶ Sala og ráðgjöf til viðskiptavina á heimilistækjum
- ▶ Almenn afgreiðsla og frágangur sölu
- ▶ Utstillingar og umsjón með verslun í samráði við verslunarstjóra

### Hæfniskröfur

- ▶ Reynsla af sölustörfum
- ▶ Rík þjónustulund og góð framkoma
- ▶ Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- ▶ Öguð vinnubrögð og samvirkusemi
- ▶ Snyrtimennska

### Í boði er

Þægilegur vinnustaður með fjölbreytt verkefni og góð laun fyrir rétta

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að sækja um með því að senda inn umsókn á netfangið rafha@rafha.is. Umsóknarfrestur er til og með 13. maí.

**Rafha ehf.**

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500  
www.rafha.is

# JetX

**Primera Air**  
OPERATING SINCE 2004

JetX with head office in Kópavogur is an Icelandic Airline which operates in Europe for on behalf of Primera Air and other operators. Our airline continues to grow and due to our new strategy and growth, we would like to expand our Continuing Airworthiness / Engineering and production management activities. JetX will for summer 2007 operate three MD80 and three Boeing 737-800. The Engineering department will be responsible for continuing Airworthiness tasks for the MD80 fleet, with the long term goal to take the responsibility of the fast growing B737-800 fleet.

For time being we have following vacant positions:

### Airframe Engineer

Responsible for airframe and engines which includes but not limited to:

- Airworthiness Directive within airframe and engines.
- Issue of Technical Orders
- Maintenance Programme

### Avionic and reliability Engineer

Responsible for avionics (instrument, navigation and electrical systems) which includes but not limited to:

- Airworthiness Directives within avionics
- Issue of Technical Orders
- Reliability Programme according to MSG3 logics

### Engineer Planning

Responsibility:

- Long and short term planning
- Technical records
- Maintenance software

Common requirement are:

- Aeronautic education as engineer or experienced licensed technicians
- Good English language skills in written and spoken
- Good knowledge in JAR OPS1, EASA Part M and NAA requirements

Depending on the candidates we will appoint one of the engineers above to also take the appointment as

### Engineering Manager

for this department

Responsibility:

- Manage Engineering department
- Liaison with the ICAA regarding Continuing Airworthiness matters
- Manage airworthiness review process
- Perform annual development tasks

Requirements:

- Long time experience to perform engineering duties
- Good management skills

### Production Manager for B737 and MD80 fleet

Responsibility:

- Establish and coordinate with our contracted Part 145 all line and base maintenance activities including spare provision etc.
- Liaison and select new maintenance providers

Please send application to email [job@jetx.is](mailto:job@jetx.is) before end of **May 18, 2007**.

If you have any questions please call Director Technical Operations, Odd Gomsrud on mobile +354 663 2700.

**JetX • Hlíðasmári 12 • 201 Kópavogur • Sími 517 6000 • Fax 517 6001**

## Laus störf hjá Límtre Vínmet í Borgarnesi

### Störf á sölusviði

#### Söludeild

Óskað er eftir starfsmanni í söludeildina í Borgarnesi. Starfið felst í sölu á framleiðslu- og endursöluvörum fyrirtækisins ásamt ráðgjöf til viðskiptavina.

Æskilegt er að umsækjendur uppfylli eftirfarandi kröfur:

- Iðnmenntun og/eða reynsla af sölu á byggingarvörum
- Tölvuþekking Word og Excel
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Kunnátta í ensku eða dönsku
- Þjónustulund gagnvart viðskiptavinum

#### Afgreiðsla

Óskað er eftir starfsmanni í afgreiðsluna í Borgarnesi. Starfið felst í tiltekt og þökkun á framleiðslu og endursöluvörum fyrirtækisins ásamt afgreiðslu til viðskiptavina.

Æskilegt er að umsækjendur uppfylli eftirfarandi kröfur:

- Lyftarapróf nauðsyn
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Samstarfshæfileikar og þjónustulund

Allar nánari upplýsingar um störfin veitir G. Arnar Sigurðsson forstöðumaður sölusviðs, í síma 530 6045.

Límtre Vínmet er rótgróið fyrirtæki sem býður upp á góða starfsaðstöðu í Borgarnesi. Mötuneyti á staðnum.

### Störf á framleiðslusviði

#### Blikksmiðja

Óskað er eftir að ráða blikksmiði eða menn vana blikksmiði í blikksmiðju fyrirtækisins í Borgarnesi. Verið er að leita að mönnum í öll allmenn blikksmiðastörf bæði í sumarafleysingar og í framtíðarstörf.

#### Járnsmiðja

Óskað er eftir að ráða vélvirkja, járnsmiði eða menn vana slíkum störfum í járnsmiðju fyrirtækisins í Borgarnesi. Verið er að leita að mönnum í öll almenn járnsmiðastörf og í viðhald á vélum og tækjum bæði í sumarafleysingar og í framtíðarstörf.

#### Völsunar- og saumdeild

Óskað er eftir að ráða starfsmenn til sumarafleysinga í saum- og völsunardeildir fyrirtækisins í Borgarnesi. Um er að ræða almenn framleiðslustörf og stjórnun véla.

Allar nánari upplýsingar um störfin veitir Aðalsteinn Símonarson, forstöðumaður framleiðslusviðs, í síma 530 6046.

#### Skrifstofustarf – bókhald

Óskað er eftir að ráða starfsmann í sumarafleysingar á skrifstofu fyrirtækisins í Borgarnesi. Um er að ræða hefðbundin skrifstofustörf, s.s. færsla bókhalds, afstemmingar, innheimtu, umsjón með rafrænum keyrslum o.fl.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegum störfum eða hafi menntun á sviði viðskipta.

Allar nánari upplýsingar veitir Stefán Logi Haraldsson, framkvæmdastjóri, í síma 893 9597.

**Límtre Vínmet**  
ÁREIDANLEIKI - ÞJÓNUSTA - ÁRANGUR



# GARÐABÆR

www.gardabaer.is

## Garðaskóli Kennarar

Eftirfarandi kennarastöður eru lausar til umsóknar í Garðaskóla fyrir skólaárið 2007-2008:

- Náttúrufræði 100% staða
- Tónmennt og samfélagsfræði 100% staða

Á næsta skólaári verða í Garðaskóla um 440 nemendur í 8.-10. bekk. Í 8. bekk er bekkjarkefni en í 9. og 10. bekk radast nemendur í hópa eftir frammistöðu og áhuga (valgreinar). Í hverri námsgrein vinna kennarar saman í hóp undir stjórn fagstjóra. Umsjónarkennarar hvers árgangs vinna saman undir stjórn deildarstjóra.

Nemendur Garðaskóla í 10. bekk stunda nám í framhaldsáföngum sem veitir þeim punkta í framhaldsnámi. Félagsmiðstöðin Garðalundur hefur aðsetur í skólahúsnæðinu og á milli skóla og félagsmiðstöðvar er nán samvinna.

**Umsóknarfrestur er til 20. maí nk.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ. Umsóknir með upplýsingum um nám og fyrri störf berist til skólastjóra, 820 8594 eða aðstoðarskólastjóra 820 8595 sem veita nánari upplýsingar.

Deildarstjóri skóladeildar

Fræðslu- og menningar svið



# GARÐABÆR

www.gardabaer.is

## Starfsmenn á gæsluleikvöllinn Fitjavöll

Gardabær auglýsir eftir starfsmönnum á gæsluleikvöllinn Fitjavöll við Lækjarfit í Gardabæ.

Um er að ræða 50% starf e.h., frá 15. júní til 15. ágúst 2007 við að gæta barna á aldrinum 2ja til 6 ára á gæsluleikvelli.

Æskilegt er að umsækjendur séu 20 ára eða eldri og hafi reynslu af starfi með börnum.

Laun skv. kjarasamningi Starfsmannafélags Gardabæjar.

**Umsóknarfrestur er til 25. maí nk.**

**Upplýsingar veitir:**  
Hulda Ósk Gränz, daggæslufulltrúi á bæjarskrifstofu Gardabæjar  
sími: 525 8500 og 820 8565  
netfang: huldao@gardabaer.is

Daggæslufulltrúi

Fræðslu- og menningar svið



## Frá Kvinnaskólanum í Reykjavík

Vegna forfalla eru laus til umsóknar kennslustörf við skólann veturinn 2007-2008 í eftirtöldum greinum:

**Enska 75-100% starf**  
**Franska 50% starf**  
**Saga 25% starf**

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf berist skólanum að Frikirkjuvegi 9 eigi síðar en 20. maí nk. Ekki þarf sérstakt umsóknareyðublað.

Umsækjendur þurfa að hafa full réttindi til kennslu á framhaldsskólastigi í ofantöldum greinum. Ráðningartíminn er frá 1. ágúst nk. Launakjör eru skv. kjarasamningi framhaldsskólakennara og stofnana-samningi Kvinnaskólans. Öllum umsóknum verður svarað.

Skólameistari eða aðstoðarskólameistari veita nánari upplýsingar í síma 580-7600.

Skólameistari



# Áhugaverð störf í Skútuvoði



## Viltu vinna 15 daga í mánuði?

**Viljum ráða áhugasaman og ábyrgan vaktstjóra í verslun okkar í Skútuvoðinum**

### Ábyrgðarsvið

- Öll almenn sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Umsjón í versluninni í fjarveru rekstrarstjóra
- Pantanir frá vöruhúsi
- Önnur tilfallandi störf

### Hæfniskröfur

- Leitum að einstaklingi með góða þekkingu á byggingarvörum
- Tölvukunnátta æskileg
- Stjórnunarhæfileikar
- Búa yfir þjónustulund og samskiptahæfni

Unnið er að jafnaði 15 daga í mánuði og þar af er unnin önnur hver helgi. Unnir eru 2 dagar aðra vikuna og 5 daga hina. Vinnutími á virkum dögum er frá 09:00 – 21:00. Á laugardögum er unnið frá 16:00 – 21:00 og á sunnudögum frá 13:00 – 21:00.

## Viljum einnig ráða þjónustulundað og duglegt starfsfólk í eftirtalin framtíðarstörf:

**Starfsmann í málningardeild**

**Starfsmann í lykasmíði og afgreiðslu í deildum**

**Öflugan lagerstarfsmann**

## Hlutastörf

### Kaffi Garður

- Leitum að þjónustulundum og duglegum starfsmanni í hlutastarf. Vinnutíminn er virka daga frá 12:00 – 18:00. Einhver laugardagsvinna.

### Íhlaupa- og hlutastörf í verslun Húsasmíðjunnar og Blómavals.

- Leitum að starfsmönnum sem eru tilbúnir til að taka að sér starf frá 18:00 – 21:00 nokkra daga í viku og jafnvel einhverja helgarvinnu. Um helgar er unnið á laugardögum frá 16:00 – 21:00 og á sunnudögum frá 13:00 – 21:00.

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmíðjunnar, Guðrúnar Kristinsdóttir, [atvinna@husa.is](mailto:atvinna@husa.is), fyrir 13. maí. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmíðjunnar [www.husa.is](http://www.husa.is)

### Húsasmíðjuskólinn

Við rekum skóla þar sem starfsmenn sækja námskeið. Haldin eru um 100 námskeið á ári og námsvísir er gefinn út vor og haust.

### Starfsmannafélag

Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér m.a. um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttavíðburði og útleigu sumarhúsa.

### Heilsuefling

Fyrirtækið og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt starfsmanna.

### Viðskiptakjör

Við bjóðum starfsmönnum góð kjör.

## Fyrir alla

Húsasmíðjan hvetur alla, á hvaða aldri, sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

Húsasmíðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvára á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmíðjuverkslanir eru 21 á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 80.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmíðjunni starfa að jafnaði um 750 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

[www.husa.is](http://www.husa.is)



REYKJANESBÆR

## RAFÍTARKENningar

### TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar óskar eftir að ráða rafítarkennara frá og með næsta skólaári. Um er að ræða störf sem myndu skiptast milli tveggja kennara, alls um 140%.

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar er einn af stærstu tónlistarskólum landsins. Þar fer fram metnaðarfullt skólastarf með fjölbreyttu námsframboði.

Við skólann starfar sérstök rytmísk deild með deildarstjóra. Innan deildarinnar eru starfrækt nokkur rytmísk samspil auk þess sem deildin starfar náið með léttisveit (big-band) og öðrum hljómsveitum skólans.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Haraldur Árni Haraldsson, skólastjóri eða Karen J. Sturlaugsson, aðstoðarskólastjóri, í síma 421 1153 á dagvinnutíma.

Launakjör eru samkvæmt samningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag. Umsóknarfrestur er til 20. maí nk. og skulu umsóknir merktar Tónlistarskóli sendar skólastjóra Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Austurgötu 13, 230 Reykjanesbær.

Starfsþróunarstjóri.

Fræðslusvið

[www.reykjanesbaer.is](http://www.reykjanesbaer.is)



BM-VALLA

## Meiraprófsbílstjórar

Vegna mikilla verkefna framundan er BM Vallá að leita að kraftmiklum, duglegum og samviskusömum starfsmönnum með meirapróf til starfa hjá fyrirtækinu. Við erum að leita að **steypubílstjórum, efnisbílstjórum og bílstjórum á útkeyslubíla**. Starfsmönnum sem geta unnið sjálfstætt, eru nákvæmir, hafa gaman af mikilli vinnu og geta unnið undir álagi. Bæði er verið að leita að starfsmönnum í framtíðarstörf og sumarafleysingar.

Bílstjórar eru í mörgum tilfellum í beinum samskiptum við viðskiptavinum og þurfa því að hafa góða framkomu og þjónustulund.

Bílafloti og tækjakostur fyrirtækisins er í mjög góðu ástandi, að miklum hluta nýr eða nýlegur og vel útbúinn til að auðvelda starfsmönnum vinnuna.

Framundan er mikil vinna og góð laun í boði. Unnið er eftir bónuskerfi sem gefur góða tekjumöguleika.

Allar nánari upplýsingar gefur Einar Einarsson í síma 860 5042.

Sendið umsóknir og fyrirspurnir á [einar@bmvalla.is](mailto:einar@bmvalla.is)



HÚSASMÍÐJAN  
...ekkert má!

## Laus störf hjá Marel

### Okkur vantar starfsfólk í framleiðslu:

- **Laghent fólk**

Við leitum að fólki sem er laghent og tilbúið að læra. Um er að ræða störf í snyrtilegu starfsumhverfi við samsetningu á tækjum og búnaði. Við veitum góða þjálfun og leitum að áhugasömum einstaklingum sem vilja vinna á fjölbreytilegum og góðum vinnustað.

- **Rafvirkjar**

Rafvirkjar sinna fjölbreytilegum og krefjandi verkefnum við frágang rafbúnaðar fyrir framleiðsluvörur Marel. Þeir sjá einnig um stillingu og prófun tækja og búnaðar.

- **Málmiðnaðarmenn**

Málmiðnaðarmenn vinna við smíði úr ryðfríu stáli, samsetningu og frágang tækja og búnaðar. Við leitum að áhugasömum og hæfileikaríkum málmiðnaðarmönnum og veitum þjálfun í smíði samkvæmt gæðakröfum Marel.

Störfín henta jafnt konum sem körlum.

Umsóknarfrestur er til 21. maí nk. Vinsamlegast sækjið um á heimasíðu Marel: [www.marel.is](http://www.marel.is). Nánari upplýsingar veita Magnús Þór Ásmundsson, framkvæmdastjóri framleiðslu, sími 563 8000, [magnus@marel.is](mailto:magnus@marel.is) og Hörður Valgeirsson, framleiðslustýringu, sími 563 8000, [hordurv@marel.is](mailto:hordurv@marel.is).



Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki sem er í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaíðnað. Hjá okkur starfar fjöldi sérfræðinga með mikla reynslu. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 2100 starfsmenn í 5 heimsálfum, þar af 370 manns á Íslandi.

### Hvernig vinnum við í framleiðslu Marel?

Í framleiðslu Marel hf er unnið í sellum eða litlum, sjálfstæðum liðum. Sellan er samábyrg fyrir að uppfylla kröfur og væntingar viðskiptavina um gæðavöru, þökkun og útskipun búnaðar á afhendingardegi. Í sellunni er lögð er áhersla á að fólk fái að vinna sjálfstætt og að því sé treyst fyrir sínu vinnusviði. Góð samvinna og liðsandi skiptir miklu máli. Við leggjum einnig áherslu á símenntun.

### Hvað segja starfsmenn?

“Manni er treyst til að gera hlutina”

- Sjálfstæð vinnubrögð
- Fjölbreytt verkefni
- Sveigjanleiki í vinnutíma

“Þú færð ekki betri vinnuaðstöðu”

- Snyrtileg og örugg
- Gott mötuneyti
- Barnaherbergi

“Ég nota íþróttaaðstöðuna mikið”


- Heilsuvernd í fyrirrími og íþróttastyrkir
- Tveir íþróttasalir, tækjasalur, Boot Camp, skvass, hlaupahópur og yoga

“Góður starfsandi og góðir vinnufélagar”

- Virkt félagslíf
- Öflugt starfsmannafélag
- Þrjú sumarhús



	<h2>Rafvirkjar – Tækjastjórar</h2>	
<p>Við leggjum mikla áherslu á að ráða til okkar kraftmikla og framsækna einstaklinga.</p> <p>Við bjóðum góða starfsaðstöðu og erum stolt af starfsandanum og þeim metnaði sem hjá okkur ríkir.</p>	<p><b>ÍAV óskar eftir rafvirkjum til starfa á höfuðborgarsvæðinu</b></p> <p><b>Hæfniskröfur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sveinspróf í rafvirkjun æskilegt en ekki skilyrði</li> <li>• Góð samskiptafærni</li> <li>• Sjálfstæð vinnubrögð og vandvirkni í starfi</li> </ul> <p>Unnið er samkvæmt uppmælingu.</p> <p>Nánari upplýsingar um starfið veitir Erik Ágústsson í síma 530 4200, netfang: erik@iav.is</p> <p><b>ÍAV óskar eftir tækjastjórum til starfa í efnisnánum félagsins</b></p> <p><b>Hæfniskröfur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Réttindi til að stjórna jarðytum og hjólaskóflum</li> </ul> <p>Um er að ræða störf í Lambafelli við Þrengslaveg á Hellsisheiði og Stapafelli á Reykjanesi.</p> <p>Nánari upplýsingar um starfið veitir Niels Einar Reynisson í síma 530 4200, netfang: niels@iav.is</p> <p>Umsóknir skulu sendar Dagmar Viðarsdóttur mannauðsstjóra, á netfangið dagmar@iav.is merktar „rafvirki“ eða „tækjastjóri“.</p> <p>Við skorum á konur jafnt sem karla að sækja um störf hjá okkur.</p>	
	<p>ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins og býr yfir áratuga reynslu í mannvirkjagerð. Verkefni ÍAV eru á öllum sviðum byggingariðnaðar, hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, mannvirkjagerð eða opinberar byggingar. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 550 manns.</p>	
<p>Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200</p>		



### Flúdaskóli auglýsir eftir kennurum til starfa næsta vetur.

Kennara vantar í íslensku á unglíngastigi, smíðakennslu, tónmenntir og umsjónarkennara á yngsta stig.


Sérkennara eða þroskaþjálfara vantar í stöðu umsjónarmanns stuðningsbrautar.


Flúdaskóli er einsetinn dreifbýlisskóli með rúmlega 190 nemendum frá 1. - 10. bekk. Helstu áhersluþættir eru Fjölgreindarkenning Gardners og Lesið í skóginum með skólum. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans <http://www.fludaskoli.is>

Fyrirhuguð er ferð til Finnlands í upphafi næsta skólaárs þar sem heimsóttir verða skólagarskólar.

Umsóknarfrestur er til 16. maí 2007.

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Pétursdóttir skólastjóri í síma 4806611/8471359, netfang gudrunp@fludaskoli.is eða Ragnhildur Birgisdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 4806612 netfang ragnhildur@fludaskoli.is





## Verkfræðingur eða tæknifræðingur

Við leitum eftir byggingaverkfræðingi eða byggingatæknifræðingi til starfa á tæknideild fyrirtækisins. Viðkomandi munu m.a. starfa við tilboðsgerð, áætlanagerð og uppgjörsmál ásamt því að koma að rýni hönnunargagna og samningagerð.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Byggingaverk- eða tæknifræðimenntun
- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Reynsla af störfum á verkfræðistofu æskileg

### Verkefnastjóri

Við leitum eftir byggingaverkfræðingi eða byggingatæknifræðingi til að stjórna verklegum framkvæmdum.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Byggingaverk- eða tæknifræðimenntun
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda
- Stjórnunarhæfni
- Árangursdrifni og frumkvæði

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál

Upplýsingar um stöfin veitir Kári Arngrímsson í síma 420-6400 á skrifstofutíma.

Umsóknnum skal skila á heimasíðu Atafli, [www.atafl.is](http://www.atafl.is) eða sendast til skrifstofu Atafli, Lyngás 11, 210 Garðabær

Umsóknarfrestur er til 15 maí 2007.

Atafl er eitt af stærri verktakafyrirtækjum landsins með verkefni víða um land. Starfsmenn fyrirtækisins eru á þriðja hundrad. Aðalskrifstofa fyrirtækisins er staðsett í Garðabæ.



## VANTAR ÞIG AUKAVINNU

Þurfum að bæta við okkur áhugasömu og duglegu starfsfólki í helgar- og aukavinnu í verslun EGG á Smáratorgi í Kópavogi. Óskað er eftir einstaklingum sem eru 18 ára og eldri.

**Hæfniskröfur:**

- Þjónustulund og þægileg framkoma.
- Almenn tölvukunnátta.
- Heiðarleiki og samviskusemi.
- Snyrtimennska og stundvísi.

Umsóknir berist til Elínar Björnsdóttur verslunarstjóra, [elinb@egg.is](mailto:elinb@egg.is).





### Gerdaskóli

Garðbraut 90, 250 Garði  
www.gerdaskoli.is, gerdaskoli@gerdaskoli.is

#### Eftirfarandi kennara vantar til starfa skólaárið 2007-2008.

- Kennara til almennrar kennslu á byrjendastigi.
- Kennara til heimilisfræðikennslu, ein staða.
- Kennara í textilmennt, 70% staða.
- Þróttakennara, ein staða.

Nánari upplýsingar gefur skólustjóri í síma 422 7020.

## GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR

Inhouse er ungt og skemmtilegt fyrirtæki sem vantar grafískan hönnuð í fullt starf.

Við sækjumst eftir hressum aðila sem hefur reynslu af hönnun fyrir prent. Samviskusemi og sjálfstæð vinnubrögð skilyrði.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Þekking á photoshop, illustrator og indesign er nauðsynleg.

Umsóknir, verkmöppur og ferilskrá berist á [inhouse@inhouse.is](mailto:inhouse@inhouse.is)

Umsóknarfrestur er til 11. maí.

inhouse



## KÓPAVOGSBÆR

### Frá Lindaskóla

#### Laus störf næsta skólaár:

- Enskukennari á eldra stigi
- Tölvukennari 100% starf

Upplýsingar gefur skólustjóri í síma 554 3900 og 861 7100.

Umsóknarfrestur er til 15. maí.

Laun samkv. kjarasamningi KÍ. og Launanefndar sveitarfélaga.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - [www.job.is](http://www.job.is)

## Matráðsmaður

### Laust starf hjá Landgræðslu ríkisins

#### Starfssvið

- Matargerð og framreiðsla á máltíðum fyrir starfsfólk og gesti Landgræðslunnar.
- Þrif í eldhúsi og mótuneytisaðstöðu
- Önnur verkefni sem starfinu tengjast.

#### Kröfur um þekkingu og hæfni

- Góð þekking á matvælum og matargerð.
- Ábyrgð, skipulagshæfni, vandvirkni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð samskiptahæfni, þjónustulund og aðlaðandi framkoma.

#### Vinnustaður

Gunnarsholt, Rangárvallasýslu.

#### Vinnufyrirkomulag:

Unnið er á vöktum frá 7:00 til 15:00 og 10:00 til 20:00 virka daga.

#### Launakjör

Samkvæmt kjarasamningum ríkisins.

#### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Jóna María Eiríksdóttir, fjármálastjóri, netfang: [jonamaria@land.is](mailto:jonamaria@land.is), í síma: 488-3000.

#### Umsóknarfrestur

Skriflegar umsóknir ásamt upplýsingum um fyrri störf og menntun eða reynslu berist Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti, 851 Hella, eða á netfangið [jonamaria@land.is](mailto:jonamaria@land.is). Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. **Umsóknarfrestur er til 15. maí n.k.**



Landgræðsla ríkisins

## Starfsmaður í skráningardeild

Icepharma er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í sölu- og markaðssetningu á heilbrigðisvöru- og lækningatækjum. Fjöldi starfsmanna er rúmlega 70. Icepharma er skipað hæfu starfsfólki með mikla þekkingu á íslenskum lyfja- og heilbrigðismarkaði. Það á að baki langan starfsaldur og hefur margþætta menntun á sviði lyfja-, viðskipta-, og hjúkrunarfræði.

icepharma

**Hæfniskröfur**  
Háskólamenntun á heilbrigðisviði (lyfjafræði, hjúkrunarfræði eða sambærileg menntun).  
Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu norðurlandamáli.  
Góð almenn tölvuþekking.  
Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.  
Fagmennska og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Starfssvið**  
Umsjón með öllu sem lýtur að nýskráningu lyfja og viðhaldi markaðsleyfa.  
Samskipti við lyfjafyrirtæki, heilbrigðisyfirvöld og dreifingaraðila.

Umsóknir óskast sendar til Icepharma, merkt "Skráning", fyrir 11. maí nk.

Upplýsingar veitir Sigríður Bríet Smáradóttir.  
Netfang: [sigridurbriet@icepharma.is](mailto:sigridurbriet@icepharma.is)

Lynghálsi 13 · 110 Reykjavík · Sími 540 8000 · Fax 540 8001 · [www.icepharma.is](http://www.icepharma.is)



## Aðstoðarverslunarstjóri óskast!

### Framtíðarstarf

#### Við leitum að aðstoðarverslunarstjóra milli tvítugs og þrítugs sem hefur áhuga á að undirbúa opnun fyrstu verslunar okkar á Íslandi - Toys "R" Us í Kópavogi

##### Hefur þú brennandi áhuga á að hjálpa litlum og stórum viðskiptavinum okkar?

Sem aðstoðarverslunarstjóri í Toys "R" Us færðu að vinna í nútímalegu fyrirtæki sem jafnframt er stærsta keðja leikfangaverslana í heimi. Hjá okkur er alltaf nóg að gera og hver dagur býður upp á ný verkefni.

##### Sem aðstoðarverslunarstjóri...

hefur þú umsjón með starfsmannaráðningum, hvatningu, sölu, viðskiptaþjónustu, lager og þú þarft að sjá til þess að tekið sé vel á móti viðskiptavinum í versluninni. Þú þarft að hafa vilja og hæfni til að þroskast með ört vaxandi fyrirtæki sem býður upp á góða frama möguleika.

##### Við bjóðum þér...

menntun við okkar eigin TOP-TOY Academy til þess að þjálfja þig í starfi aðstoðar verslunarstjóra. Við leggjum ávallt mikla áherslu á persónulega og faglega þróun. Þess vegna eru góðir möguleikar hjá okkur, og þú setur sjálf/ur mörkin fyrir því hversu langt þú vilt ná...

##### Hæfniskröfur

Reynsla af verslunarstörfum. Þú ert að eðlisfari, opin, með góða þjónustulund og leggur þig fram til þess að læra eitthvað nýtt í fagi sem er í stöðugri þróun.

Þú færð starfsþjálfun í annarri TOYS "R" US verslun á Norðurlöndunum.

##### Starfsumsóknir tilkynnast fyrir 11.maí n.k.

Nánari upplýsingar veita Robert Lexberg sölustjóri í síma +46 70 689 3915 eða Ole Bay starfsmannastjóri í síma +45 4616 3856.

Sendu umsóknina þína með tölvupósti til [job@toys.dk](mailto:job@toys.dk) með viðeigandi fylgiskjölum merkt „Ísland“

Okkur vantar einnig starfsfólk í verslunina sem vill taka þátt í þeirri áskorun að byggja upp glænýja TOYS "R" US verslun. Sendu okkur umsókn ef þú hefur áhuga.




www.blikkras.is • blikkras@blikkras.is • s: 462-7770, fax 462-7737

## Blikkrás ehf. óskar eftir að ráða blikksmiði og blikksmiðanema

Til greina koma einnig aðrir iðnaðarmenn, sem vilja prufa blikkið Einnig vantar aðstoðarmenn og fólk til sumarstarfa. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á [www.blikkras.is](http://www.blikkras.is), eða á skrifstofu okkar.

*Blikksmiði er fjölbreytt, hreinlegt og skemmtilegt starf, sem hentar báðum kynjum. Við hvetjum því konur jafnt sem karla að sækja um.*



### Tækni stjóri

Við leitum að starfsmanni til að hafa yfirumsjón með tæknimálum Reykjavíkurhotela og stjórna tækni- og uppstillingamönnum ráðstefnudeildar á Grand Hótel Reykjavík.

Viðkomandi aðili þarf að hafa mjög góða alhliða tækniþekkingu s.s. á tölvukerfi, sem og hljóð og myndbúnað, og geta unnið sjálfstætt.

Snyrtimennska, stundvísi, þjónustulund og tungumálakunnátta er áskilin.

**Einnig vantar starfsfólk í eftirtalin störf: Concierge, framreiðslunema og salarmann.**

Umsóknarfrestur er til 15. maí.

Vinsamlegast sendið umsóknir á Ingólf Einarsson, aðstoðarhótelstjóra, [ingolfur@grand.is](mailto:ingolfur@grand.is)



Grand Hótel Reykjavík er fjögurra stjörnu ráðstefnuhótel með 13 sali og 313 herbergi.

| Sígtúni 38 | 105 Reykjavík | [www.grand.is](http://www.grand.is) |



## Standsetningar

Íshlutir ehf óska eftir starfsmanni í standsetningar á nýjum vélum. Starfið felst að standsetja nýja vörubíla og þungavinnuvélar.

Upplýsingar gefur Samúel Sigurðsson í síma 575 2407 eða 693 3213.

Íshlutir ehf Völuteig 4 270 Mosfellsbæ. Sími 575 2400.



RAM

### Lífeindafræðingur óskast til starfa

Rannsóknastofan í Mjódd er rannsóknastofa í blóðmeina- og meinafræði og eru þar framkvæmdar allar helstu rannsóknir á blóði og í þvagi. Við leitum nú að lífeindafræðingi í fullt starf.

Umsóknir með upplýsingum um umsækjanda sendist til Rannsóknastofunnar í Mjódd, Þönglabakka 6, 109 Reykjavík, eða á [solrun@setrid.is](mailto:solrun@setrid.is) fyrir 12. maí n.k. Upplýsingar ekki veittar í síma.



## Járnsmiður/málmiðnaðarmaður.

### Fyrirtækið Járnsmiðja Óðins ehf

**Leitar að** járnsmiðum eða einstaklingum með svipaða starfsreynslu til starfa. Um framtíðarstarf er að ræða. Ráða þarf í tvær stöður.

**Starfið** felst í fjölbreyttri nýsmiði og uppsetningum. Sjá heimasíðu fyrirtækisins [www.jso.is](http://www.jso.is).

**Áhersla** er lögð á frumkvæði, áreiðanleika, léttu lund og þjónustulipulurð auk sjálfstæðra vinnubragna og samstarfshæfni.




Haldbær reynsla af sambærilegu er kostur. Allur tækjabúnaður er góður og nýlegur.

Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 557-9300.

→ [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

# Forstöðumaður sölu- og markaðssviðs



Flugfélag Íslands óskar eftir að ráða öflugan leiðtoga í krefjandi starf forstöðumanns sölu- og markaðssviðs.

Forstöðumaður sölu- og markaðssviðs ber ábyrgð á öllum rekstri sölu- og markaðssviðs og heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

Undir sölu- og markaðssvið fellur öll sölu- og markaðssetning á starfsemi félagsins innanlands sem utan, allur stöðvarrekstur félagsins á 8 stöðum innanlands, vöruafgreiðsla, leiguflugdeild, fríhöfn, þjónustuver og markaðsdeild ásamt áætlunar- og tekjustýringardeild.

Samtals eru starfsmenn sviðsins ríflega 100.

#### Starfið:

- » Daglegur rekstur sölu- og markaðssviðs
- » Yfirumsjón með starfsmannamálum sviðsins, þjálfun og upplýsingamiðlun
- » Yfirumsjón með auglýsingamálum og kynningarstarfsemi
- » Samskipti við innlenda og erlenda samstarfsaðila
- » Vöruþróun
- » Fargjaldaútreikningar og verðlagning
- » Stefnumótun og áætlanagerð

#### Hæfniskröfur:

- » Háskólamenntun á sviði viðskipta
- » Marktæk reynsla af rekstri og stjórnun
- » Þekking á sölu- og markaðsmálum
- » Góðir skipulags- og leiðtogahæfileikar
- » Jákvætt hugarfar og leikni í mannlegum samskiptum
- » Góð tölvu- og tungumálakunnátta

#### Umsóknarfrestur:

Skriflegar umsóknir berist starfsmannastjóra Flugfélags Íslands eigi síðar en 14. maí 2007. Rafrænar umsóknir óskast sendar á netfangið [ingig@flugfelag.is](mailto:ingig@flugfelag.is)

*Flugfélag Íslands er arðbært, markaðsdrifið þjónustufyriræki, leiðandi í farþega- og fraktflutningum, og þjónar flugrekendum og aðilum í ferðaiðnaði.*

*Eitt af markmiðum félagsins er að hafa ætíð á að skipa hæfum og liprum liðsmönnum sem sýna frumkvæði og hafa jákvætt viðhorf.*

*Hjá Flugfélagi Íslands starfa um 280 manns sem allir gegna lykilhlutverki í starfsemi þess.*



FLUGFÉLAG ÍSLANDS







## HÍBYLI

SUÐURGATA 7, 101 REYKJAVÍK, • www.hiblyli.is • hiblyli@hibyli.is  
SÍMI 585 8800 • FAX 585 8808

### OPIN HÚS Í DAG

#### NESHAGI 9 - LAUS STRAX



#### OPÍÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG KL. 15-16

Mikið endurnýjuð 3ja herb. 81 fm íbúð í lítið niðurgröfnum kjallara í góðu fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í stóra stofu, tvö góð svefnherbergi, eldhús með nýjum tækjum og flísalagt baðherb. Nýtt massíft eikarparket á gólfum. Allar innréttingar og hurðir uppgerðar og sprautlakkaðar. Veggir heilsparlaðir og málaðir. Húsið er nýlega steinað að utan. gler og gluggar endurnýjaðir.

V. 22,8 m. áhv. 14 m. LAUS STRAX.

*Sigurjón tekur á mótí gestum  
í dag sunnudag kl. 15-16*

#### ROFABÆR 45 - LAUS STRAX



#### OPÍÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG KL. 15-16

Glæsileg nýstandsett 2ja herb. 60 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í rúmgóða stofu með suðursvölum, eldhús með nýjum innbyggðum tækjum frá Whirlpool - helluborð, vífta, uppvottavél, ísskápur. Svefnherbergi með innb. skápum. Baðherb. með nýjum tækjum og þvottavél, flísalagt í hólf og gólf. Nýtt eikarparket á gólfum og allar innréttingar nýjar.

V. 17,5 m. LAUS STRAX.

*Margrét tekur á mótí gestum  
í dag sunnudag kl. 15-16*

Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali.

## Draumahús 530 1800

Suðurhólar 2, 2.hæð - 111 Rvk

**Opíð hús í dag kl. 15:00 - 17:00**



20.900.000

106,1 fm 4 herbergja endaíbúð á 2 hæð í fjölbýli við Suðurhóla. Skólar og önnur þjónusta er í stuttu göngufæri.

Góð eign á góðum stað.

**Anna tekur á mótí gestum.**

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar  
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801  
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

## MIÐBORG

Laugavegur 182 4. hæð • 105 Rvk

**Sími 533 4800**

Björn Þorri, hdl., lögg. fast.sali. – Karl Georg, hrl., lögg. fast.sali.

**Miðborg kynnir opið hús frá 14.00 til 16.00 sunnudaginn 6. maí að Gaukshólum 2 bjalla merkt 4A**



Mjög góð og mikið endurnýjuð 81,2 fm 3-4ra herb. íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í hol, stofu, eldhús, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Þvottahús er sameiginlegt á hæðinni fyrir 4 íbúðir. Búð er að endurnýja hurðar, gólfefni, skápa og innréttingar. Í kjallara er geymsla og sameiginleg hjólageymsla. Húsvörður er í húsinu alla daga nema sunnudaga. Myndavélakerfi er á bílplani og andyri.

**Opíð hús frá 14.00 til 16.00**

## TIL SÖLU ÓDÝR EINBÝLISHÚSALÓÐ Á SELFOSSI

Lóðin er 950 m<sup>2</sup> og er staðsett í nýju hverfi. Á lóðinni má byggja allt að 280 m<sup>2</sup> hús. Lóðin er einstaklega vel staðsett og í göngufæri frá nýjum grunnskóla og við hlið fyrirhugaðs leikskóla. Fyrirspurnir sendist á: einbyli@gmail.com



## FASTEIGNA- MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPÍÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is  
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Sumarbústaður við Þingvallavatn  
í landi Nesja við Hestvík**  
Til sýnis í dag sunnudag frá kl. 14-17



Sumarbústaður á einum fegursta stað við Þingvallavatn í landi Nesja, Nesjaskógur, Grafningshreppi. Bústaðurinn er 48 fm auk 12 fm baðstofulofts. Arinn í stofu. Stór verönd til suðurs og norðurs er við bústaðinn. **Einstakt útsýni. Leiguland 12 ár eftir af leigusamningi, afgirt og skógi vaxið. Verðtilboð.**

**Bústaðurinn verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-17**  
Kristján og Gunnilla sýna 552 1222  
Verið velkomin



## Viðskiptahúsið

FASTEIGNIR • FYRIRTÆKI • SJÁVARÚTVEGUR

Jóhann Ólafsson, löggiltur FFS, Jón Sigfús Sigurjónsson Hdl. & löggiltur FFS



Félag fasteignasala

## Kynning Skúlagötu 17, í dag sunnudaginn 6. maí

Viðskiptahúsið kynnir fasteignir við strendur  
Spánar, Mallorca og Mexíkó.

Um er að ræða fullbúnar gæðaeignir  
frá hinu virta byggingafélagi á Spáni,  
**TM Real Estate Group.**

Kominn er nýr DVD diskur sem inniheldur  
upplýsingar um svæðin, eignirnar og næsta nágrenni.

Opíð verður frá kl. 14:00 – 16:00

Kíkið við og við tökum hlýlega á mótí ykkur!



Þorbjörg Stefánsdóttir  
Markaðsstjóri  
Sölumaður  
Gsm: 862 9171  
thorbjorg@vidskiptahusid.is



Jóhanna Halldórsdóttir  
Sölumaður  
Gsm: 868 4112  
noa@vidskiptahusid.is



Petra Dís Magnúsdóttir  
Sölumaður  
Gsm: 898 9347  
petra@vidskiptahusid.is



Jón Svan Sigurðsson  
Sölumaður  
Gsm: 891 8803  
jonsvan@vidskiptahusid.is

















# Með dauðann á hælunum

Í hvert sinn sem ég rek augun í íþróttaskóna inni í skáp, fæ ég sting í hjartað. Þarna eru þeir enn, mörgum árum eftir að ég keypti þá, svo glansandi nýir, enn algerlega ónotaðir. Það er þessi stingur þarna sem á endanlega eftir að koma mér í gröfina, samviskubitið sem leggst yfir sálina, áhyggjurnar sem læðast um æðarnar og herpingurinn fer beint í hjartað. Á morgun, segi ég við sjálfa mig, og leggst upp í sófa.

Í sjónvarpinu er allt hressa fólkið í flottu göllunum og gegnslitnu íþróttaskónum og glottir með sínum hvítum tönnum framan í mig. Það talar um kólesteról og kalóriur, herta fitu og hreyfingarleysi. Það reynir að lokka mig upp úr sófanum, vill fá mig í líkamsræktarstöð. En því meir sem það æpir, hoppandi og skoppandi á skjánum eins nútíma elixír-salar, því meir fer það í taugarnar á mér. Fyrr mun ég dauð liggja en að ganga til liðs við þessa kraftaverkasala. Ég sný mér á hina hliðina.

Í stíl við þjóðartaktinn taka fjölmiðlar það að sér að hræða okkur upp úr skónum í sama áróðursstíl og líkamsræktarstöðvarnar. Helmingur Íslendinga er of feitur, of slappur, of fitu-hertur. Hvergi annars staðar finnast fleiri skyndabitaðir miðað við höfðatölu. Engin önnur þjóð á sér stærra bílaflota, fleiri álver, meira svifryk. Engin önnur þjóð vinnur lengri vinnuviku en Íslendingar. Ergó: Ef það er ekki stressið sem mun drepa þjóðina, þá er það svifrykið... við erum öll dauðans matur.

Og dauðinn hefur boðið mér í mat. Ef það er ekki fransbrauð og mayones, þá er það allt þetta sem er svo auðvelt að matreiða: íslenskur aðalsmatgur eins og bjúgu, slátur, saltkjöt, hangikjöt er það sem endar oftast í mínum potti, ef það er ekki pizza eða pasta. Og í þann mund sem ég varla dreg andann af áhyggjum yfir því hvernig blóðinu mínu vegni, eftir einhverja stórfréttina í sjónvarpi eða tilkomumikla sjúkrasögu frá vini, þá tekst mér að ná andanum á nýjan leik með því að hugsa um alla þá ógnvænlegu fitu sem Íslendingar hafa torgað undanfarnar aldir, og samt ávallt trúnað á toppi lista yfir langlífasta fólk heims. Og þá líður mér betur.

En innst inni hef ég áhyggjur af þessu, og satt best að segja verð ég að viðurkenna að ég hef svo miklar áhyggjur að ég held að „áhyggjur“ verði mitt banamein. Dauðinn býr við hvert horn. Í stað þess að ríghalda í tölfæðina, ætti ég auðvitað að troða mér í íþróttaskóna, hlaupa út í svifrykið og anda að mér menguninni, borða erfðabreytt grænmeti og drekka diet kók sem sest fyrir í heilaberki mínum. En ég leyfi mér líklegast að gera það „á morgun“ því ég hef aldrei verið of feit. Og samkvæmt öllum upplýsingum sem á mér dynja er það fitan sem dregur mann til dauða.

En viti menn, það er alls ekki svo. Alvöru rannsóknir, þessar sem aldrei birtast í fjölmiðlum, benda til þess að það sé mun hættulegra að vera of grannur en að fá á sig smá spik. Það er líkamanum óeiginlegt og einfaldlega stórhættulegt, sérstaklega ef fólk er með alls konar tilfæringar til að halda sér ofurgrönnu, lætur gleppast yfir þeim gagnslausu vörum sem lofa kílóamissi, kaupir svo stórhættulegar matvörur auglýstar sem „light“ eða sykurlausar. Gerviefnin setjast í ólíklegustu innviði líkamans, hlaðast upp í innflyflum og drepa okkur að lokum.

**Nú er úr vöndu að ráða. Ætla ég mér að drepast feit eða grönn? Ætli svifrykið drepi mig, súkkulaðið eða sigarettan? Mengunin, maturinn eða megrunin? Kólesterólið, kílóin eða kaffið? Herta fitan, hangikjötið eða hreyfingarleysið? Því meir sem ég velti því fyrir, því meir sem ég læt gleppast af umræðunni, því meir hlaðast upp áhyggjurnar og því meiri líkur á því að ég drepist.**

Ég er því að hugsa um að henda íþróttaskónum og halda uppi viðteknum hætti. Því eftir á að hyggja hef ég aldrei lífað óheilbrigðu lífi: ég fer í sund eins og allir landsmenn gera, ég er sífellt á hlaupum á eftir blessuðum börnunum eins og flestir landsmenn gera, við förum í göngutúr reglulega með hundinn sem ég held að margir landsmenn geri, og þó við borðum mat fullan af kólesteróli og kalórium, þá laumast stundum gellur, ýsa, kinnar og þorskur í pottinn, sem eru nefnilega það sem hefur haldið lífinu í Íslendingum í gegnum aldirnar og gert þá að þessu langlífa fólki.

Ég held við séum barasta í besta lagi og ættum að reka dauðann burt af hælum okkar. Við þurfum ekki flottan galla og nýja íþróttaskó til að sýna hreysti okkar. Við þurfum að hrísta af okkur sífelldan áróðurinn, losa okkur við svifryk, minnka mengun og í stað þess að keyra í sund, held ég að það sé ágætis hugmynd að labba þangað.

Heil þjóð, eins og pólitíkusarnir segja, kom sér saman um að reka burt af landinu klámráðstefnu. Samt er klám selt á hverju götuhorni á Íslandi: á videóleigum, á bensinstöðvum, í bókabúðum, á netinu og ég veit ekki til þess að nokkur pólitíkus hafi fett fingur út í það. Ef ég væri pólitíkus, myndi ég nota krafta mína til gagnlegri verka og kalla á þjóðina til að reka burt alla þá sem selja dýrum dómi vörur sem kallast ólíkum nöfnum en falla allar undir það að plokka pening af fólki sem hefur áhyggjur af þyngd sinni og þar af leiðandi heilsu. Í langflestum tilvikum er um gagnslausar vörur að ræða sem til langtíma lítið eru stórhættulegar heilsu fólks.

Er ekki kominn tími til að sjá hlutina í víðara samhengi, losa sig við fárið og fara út í göngutúr? Á endanum er það hreyfingin sjálf, burtséð frá kílóunum, sem heldur okkur á lífi. Hún eykur súrefnisstreymi, víkkar sjóndeildarhringinn og kemur í veg fyrir sjónvarpsgláp. Það eitt minnkar áhyggjurnar og stóreykur þar af leiðandi lífslíkur. Lífið heil.



## Kolfína Baldvinsdóttir

(Megrunarlaus og með auknar lífslíkur eftir að hún henti íþróttaskónum)

STELPU & SKÓ MYNDSKREYTING:  
ANNA KOLBACK ([www.myspace.com/annakolback](http://www.myspace.com/annakolback))

BJÚGU MYNDSKREYTING:  
SIGNÝ KOLBEINSDÓTTIR ([www.signyk.net](http://www.signyk.net))

## Fimm goðsagnir um heilsu og þyngd

### Goðsögn #1: Offita veldur alvarlegum sjúkdómum.

**Staðreynd:** Við vitum það ekki. Tölfæðileg tengsl eru á milli offitu og heilsubrestra á borð við háþrýsting, fullorðinssykursýki og hjarta- og æðasjúkdóma, en fylgni segir ekki til um orsök. Fjölmargir aðrir þættir geta haft áhrif, s.s. sífelldir megrunarkúrar, þyngdarsveiflur, lélegt mataræði, hreyfingarleysi og álag vegna fordóma. Hægt er að bæta flesta „offitutengda kvilla“ með breyttu mataræði og aukinni hreyfingu án marktækra breytinga á líkamsþyngd.

### Goðsögn #2: Grönnum vexti fylgir minnst heilsufarsleg áhætta

**Rangt:** Sú þyngd sem tengist lægstu dánartíðni er yfirleitt nálægt efri mörkum kjörþyngdar eða innan marka fyrir ofþyngd\*. Nýleg rannsókn frá CDC-stofnuninni í Bandaríkjunum sýndi að „of þungt“ fólk hafði lægstu dánartíðnina og lítil tengsl voru milli þyngdar og dánartíðni fyrr en komið var upp í þyngdarstuðul 35 (alvarleg offita). Rannsóknir sýna einnig að lágur þyngdarstuðull, jafnvel innan kjörþyngdarmarka, tengist líka aukinni dánartíðni.

### Goðsögn #3: Þyngdartap bætir heilsu og lengir líf

**Staðreynd:** Þetta er ennþá óstaðfest tilgáta. Það hefur aldrei tekist að ná fram varanlegu þyngdartapi hjá nógu stórum hópi fólks í tilraunaáðstæðum til að meta langtímaáhrif á heilsu og lífslíkur. Langtímarannsóknir benda til þess að þyngdartapi fylgi aukin dánartíðni, jafnvel eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa reykinga og fyrirliggjandi sjúkdóma.

### Goðsögn #4: Megrunaraðferðir eru öruggar og áhrifaríkar

**Rangt:** Engar megrunaraðferðir hafa reynst bæði öruggar og áhrifaríkar til lengri tíma. Megrun leiðir yfirleitt til þyngdartaps í stuttan tíma en flestir eru komnir í sömu þyngd innan fárra ára. Megrun er auk þess áhættuþáttur fyrir ofát, frekari þyngdaraukningu og átraskanir. Segja má að megrun sé í besta falli gagnslítill og í versta falli skaðleg.

### Goðsögn #5: Þrýstingur um grannan vöxt og hræðsluáróður valda ekki skaða heldur hvetja til heilbrigðs lífennis og sporna gegn offitu

**Rangt:** Rannsóknir undanfarna áratuga benda ekki til þess að þessar aðferðir séu gagnlegar. Þvert á móti sýna langtímarannsóknir að megrunartilraunir spá fyrir um þyngdaraukningu, óheilbrigðar lífsvenjur, ofát, hreyfingarleysi, reykingar og átraskanir. Auk þess elur stöðugur megrunaráróður á ótta við að fitna, vantrausti til eigin líkama, trufluðu sambandi við mat, óánægju með líkamsvöxt og fitufordómum.

\*Þyngdarstuðull er reiknaður út frá kg/m<sup>2</sup>. Þyngdarstuðull undir 18,5 er of lágur, kjörþyngd er á bilinu 18,5 – 24,9, ofþyngd er frá 25-29,9 og offita 30 og yfir. Kona sem er 1,68 m. á hæð telst of þung ef hún vegur yfir 70 kg. en of feit ef hún er 85 kg. Fengið af heimasíðunni [www.healthyweight.net](http://www.healthyweight.net) og birt með leyfi höfundar.



# Hvort vegur þyngra: Tölurnar á vigtinni eða velliðan?



*Ekki alls fyrir löngu kom góð vinkona mín að máli við mig og sagði farir sínar ekki sléttar. Hún var búin að stunda æfingar samvisskusamlega um þriggja mánaða skeið í einni af heilsuræktarstöðvum höfuðborgarsvæðisins en árangurinn virtist láta á sér standa. Vigtin var enn að sýna sambærilegar tölur, vinkonu minni til mikillar gremju. Þegar ég fór að spyrja hana nánar út í málið kom reyndar í ljós að henni leið mun betur en áður, hafði mun meiri orku og naut þess betur að takast á við hin ýmsu verkefni daglegs lífs. Vöðvastyrkurinn hafði aukist, sömuleiðis úthaldið og hún var ekki frá því að fötin hefðu víkkað aðeins. Þrátt fyrir þetta var vinkona mín hálf buguð af vonbrigðum yfir slökum árangri af öllu erfiðinu. Til hvers að vera að standa í að hreyfa sig ef það sést ekki á vigtinni?*

## Markmiðasetning í samræmi við útlitskröfur

Í fyrsta lagi er spurning af hverju vinkonu minni leið svona, af hverju mat hún árangurinn af þjálfuninni fyrst og fremst út frá því sem vigtin sýndi? Ekki er ólíklegt að þarna hafi spilað inn í ýmiss konar skilaboð um ákjósanlegt útlit sem dynja á okkur úr öllum áttum. Það getur haft áhrif á okkur hvernig t.d. ættingjar, vinir og samstarfsfólk fjallar um eigið útlit og annarra og ekki þarf að hafa mörg orð um fyrirmyndirnar sem birtast í fjölmiðlum. Einnig er mögulegt að mikil umræða um offitu geti ýtt enn frekar undir að fólk leggi að jöfnu útlit og heilbrigði án þess að velja fyrir sér öðrum þáttum sem skipta ekki síður máli þegar heilsa og lífsgæði eru annars vegar.

## Vigtin segir ekki allan sannleikann

Einstaklingar sem eru svipaðir í útliti geta vegið mjög mismunandi þar sem talan á vigtinni segir aðeins til um heildarþyngd líkamans svo sem vöðva, beina og fitu. Vigtin segir lítið til um það sem meira máli skiptir þegar heilbrigði er annars vegar, svo sem samsetningu (hlutfall fitu og vöðva) og afkastagetu líkamans, andlega líðan og félagslega virkni. Því er mikilvægt að hafa hugfast að það er ekki sjálfkrafa hægt að leggja að jöfnu að vera grannur og heilbrigður. Vissulega er æskilegast fyrir heilsuna að vera hvorki of feitur né of grannur en hins vegar skiptir ekki síður máli í hvernig almennu líkamlegu, andlegu og félagslegu formi við erum. Hvor ætli upplifi meiri lífsgæði, grannur einstaklingur sem hreyfir sig lítið og lokar sig af eða þéttvaxnari einstaklingur sem gengur til vinnu, dansar salsa tvisvar í viku og lifir virku félagslífi?

## Allir ættu að hreyfa sig daglega, óháð holdafari

Mannlíkaminn er hannaður fyrir hreyfingu en bregst að sama skapi illa við mikilli kyrrsetu. Með því að hreyfa okkur smyrjum við liðamót og losum andlega og líkamlega spennu. Við færum líkamanum súrefni og næringarefni og losum hann við úrgangsefni. Með tímanum styrkjast bein og vöðvar og hjarta- og æðakerfið verður afkastameira. Allt þetta stuðlar að því að við höfum meiri orku til að takast á við verkefni daglegs lífs og til að gera það sem okkur finnst skemmtilegt. Algengir fylgifyrirlit langvarandi kyrrsetu eru hins vegar stíðleiki, kraftleysi, verkir og vanlíðan ásamt því að líkurnar á ýmsum sjúkdómum aukast til muna. Því er ljóst að hreyfing hefur fjölbætta þýðingu fyrir heilsu og lífsgæði og er öllum mikilvæg óháð aldri, kyni eða þyngd.

## Öll hreyfing skiptir máli

Almennar hreyfiráleggingar miða við að fullorðnir hreyfi sig rösklega í minnst 30 mínútur samtals daglega og börn hreyfi sig rösklega í minnst 60 mínútur daglega. Öll hreyfing er betri en engin og aukinni hreyfingu fylgir aukinn ávinningur. Allir ættu að geta fundið hreyfingu við hæfi. Í fyrsta lagi er hægt að vera vakandi fyrir því að velja hreyfingu í stað hreyfingarleysis í daglegu lífi s.s. að ganga eða hjóla til vinnu, vinna heimilisverkin rösklega og velja stigann í stað lyftunnar. Varðandi frekari þjálfun er mikilvægast að velja sér það form hreyfingar sem veitir manni ánægju og lífsgleði, nema auðvitað sé verið að keppa um sæti á Ólympíuleikunum. Sumir eru meira afreksmiðaðir og fá mikið út úr því að sjá árangur t.d. með því að lyfta auknum þyngdum eða hlaupa á styttri tíma. Aðrir leggja meira upp úr upplifuninni og félagskapnum. Allt telst með og ekkert er öðru æðra.

Lífið snýst vonandi hjá flestum um mikilvægari hluti en tölu á vigtinni eða þessa eða hina fatastærðina. Fyrir hinn almenna borgara hlýtur að skipta meira máli að hafa orku til að takast á við dagleg verkefni, sinna því sem okkur er kærast og almennt njóta lífsins. Ef tekst að leggja aukna áherslu á hið síðarnefnda aukum við líkurnar á að fólk eins og vinkona mín njóti þess að hreyfa sig í samræmi við áhuga og getu og upplifi fjölbættan ávinning þess, óháð því hvað vigtin segir.



Gígja Gunnarsdóttir

Verkefnistjóri hreyfingar hjá Lýðheilsustöð

MYNDSKREYTING:  
LINDA LOESKOW ([www.this.is/linlo](http://www.this.is/linlo))



## Fordómar ýta undir óheilbriggt líferni

Neikvæð viðhorf í garð feitra eru mörgum hindrun í því að hreyfa sig. Fólk skammast sín fyrir líkama sinn og fer síður út að ganga eða í sund þar sem það gæti orðið fyrir illum augngotum eða aðkasti. Erlendar rannsóknir sýna að stór hluti feitra verður fyrir fordómum í daglegu lífi og feitar konur verða oftar fyrir ónotum af hendi ókunnugra en karlmenn.

Feit börn og unglingar verða einnig fyrir fordómum og getur það haft neikvæð áhrif á sjálfsvirðingu og löngun til þess að hugsa vel um sig. Í ljós hefur komið að börnum og unglungum sem er strítt hafa verra sjálfsmat, eru ólíklegri til þess að hreyfa sig og leiðast frekar út í ofát en önnur.

Á hinn bóginn sýna rannsóknir að þéttvaxnir unglingar sem eru ánægðir með sig hreyfa sig meira og þyngjast síður með árunum. Rannsakendur skýra þetta með því að þeir sem eru ánægðir með líkama sinn hugsa betur um hann og leiðast síður út í óheilbriggt líferni en hinir. Við hugsum betur um það sem okkur þykir vænt um. Þess vegna ætti barátta gegn fitufordómum að vera sjálfsgæður hluti af almennri heilsuefingu.

MYNDSKREYTING:  
LÓA HLÍN HJALMTÝSDÓTTIR ([www.freewebtown.com/drarni](http://www.freewebtown.com/drarni))



Jólin eru hættuleg  
feita fólkinu

**GRANNUR**  
án sultar

eftir ERIK OLAF-RANSEN

LÁTIÐ BÓKINA

**GRANNUR**  
án sultar

Í jólapaldda feita fólkinu.  
— Verð kr. 55,00.

**GRANNUR —án sultar**

greinir ýtarlega frá hinum nýju og árangursríku megrunaraðferðum, sem byggja á vísindalegum tilraunum og hafa blótis eindregin meðmæli hinna merkustu lækna. — Mínnú þess, að veruleg offita er fólki á miðjum aldri jafnhættuleg og alvarlegur hjartasjúkdómur. — Kristín Ólafsdóttir lekur íslensku bókina.

**IDUNN — Skeggjagötu 1 — Sími 12923**

Auglýsing í Morgunblaðinu frá árinu 1959. Hvað ætli hafi nú orðið um þessa árangursríku og vísindalega staðfestu megrunaraðferð?



## „Bad things happen when good people do nothing“

Þessi spöku orð mælti Bob nokkur Marley sem mig grunar að hafi verið nokkurn veginn í kjörþyngd. Góðar hugmyndir fæðast á hverjum degi og örfáum er gefið að hrinda þeim í framkvæmd – til allrar lukku fyrir okkur hin, samfélagið og komandi kynslóðir.

Ein slík hugmynd fæddist hjá Mary Evans Young og þann 6. maí fyrir 15 árum var fyrsti alþjóðlegi megrunarlási dagurinn haldinn hátíðlegur. Ef ég fengi öllu að ráða væru allir dagar megrunarlásir – en þó væri leyfilegt, í einn dag á ári, að rifja upp hallærislegar megrunaraðferðir, trénaðar staðalmyndir og þá gömlu góðu daga „þegar fólk var ennþá að fara í megrun, abbabbabb“. Sá dagur rennur upp fyrir en síðar.

Ég er gríðarleg áhugamanneskja um jafnrétti kynjanna og reyni að bregða jafnréttisskapalóninu á allt mann- og kvenlegt. Það þarf engan snilling til að sjá að megrun er náfrænka útlitsdýrkunar, sem er stjúpustir klámvæðingar, sem aftur speglast í því að konur eru þolendur í heimi sem innréttaður var af körlum. Sífelld yngri stúlkur eru gagntekna af vigtinni. Gott fólk; ætlum við að standa aðgerðarlaus hjá? Ætlum við að spyrna við fótunum eða finnst okkur í lagi að fermingarbörn fari í megrun?

Konur eiga að vera grannar og eru minntar á það á hverjum degi. Á forsiðum blaða, í útvarpi, í bíó. Það er hvergi stundarfríður fyrir áróðri um grannar og fallegar konur. Íslensk tímarit eru undirlögð af hallelújaboðskap um konur sem misstu tugi kílóa. Ég samgleðst þeim innilega en minni á að feitar konur eru líka forsiðustúlkur.

**Ég sit oft til borðs með konum sem borða sig ekki saddir. Sem narta í matinn eins og fuglar, sem panta sér forrétt eða „smárétt“ í kvöldmat. Þessar konur eru æðislegar, fallegar og kynþokkafullar en fara svangar í háttinn af hræðslu við að fitna. Það er ljótt að vera feitur segja blöðin, það er óhollt að vera feitur segja læknarnir, það er merki um skort á sjálfstrausti að hafa mjúkar línur og þrýstinn barm.**

Gott fólk á ekki að standa hjá og gera ekki neitt, við eigum öll að láta okkur þetta varða. Við gætum byrjað á því að hrósa ekki stelpum og konum í hástert fyrir að vera grannar, jafnvel horaðar. Stundum finnst mér sem konur hrósi ekki öðrum konum nema fyrir líkamsvöxt þeirra!

Konur geta litið vel út fyrir margra hluta sakir, þær geta haft lokkandi blik í augum, heilbrigt og glansandi há, dásamlega þrýstinn rass, breið og falleg læri, yndislegan húðlit, sérstakt bros. Svo ekki sé talað um hugmyndaauði, sanngirni, kímigáfu og réthugsun. Það sem gerir manneskju að manneskju.

Breytum þankaganginum. Í trylltum heimi sem keyrir áfram í fimmta gir og sturtar yfir okkur óæskilegum skilaboðum um allt mögulegt er þankagangur eitthvað sem við getum haft sæmilega stjórn á. **Byrjum strax í dag.**



**Oddný Sturludóttir**  
Borgarfulltrúi og rithöfundur

MYNDSKREYTING:  
ULRIKA-ALINDE LÖFGREN (ulrikaalinde@gmail.com)



## Eru tiskublöðin sökudólgurinn?

Í umræðu um megrun og átraskanir er oft bent á óraunhæfa fegurðarstaðla tísku- og kvikmyndaheimsins og gefið í skyn að þeir séu upphafið og endirinn á þessum vanda. Það er rétt að margar fyrirætur og leikkonur í dag eru sjúklega grannar og rannsóknir sýna að það hefur slæm áhrif á líðan og líkamsmynd stúlkna að hafa slíkar fyrirmyndir fyrir augum. **Í raun ætti að vera viðvörðunarskilti á tiskublöðum, eins og sigarettupökkum, sem segir: „Varúð! Þú verður óánægð með sjálfa þig ef þú flettir þessu blaði“.** Engu að síður er það mikil einföldun að segja ofurgrannar fyrirætur einu ástæðu þess að ungar stúlkur finni fyrir þrýstingi um að vera grannar. Allt samfélagið leggur áherslu grannholda útlit og sá þrýstingur birtist í ýmsum myndum. Til dæmis bendir ný rannsókn við Minnesota-háskóla í Bandaríkjunum til þess að umfjöllun fjölmiðla um megrun hafi ekki síður slæm áhrif á unglingsstúlkur. Auk þess birtist dýrkun á grönnum vexti og andúð á fitu líka hjá vinum, fjölskyldu, skólafélögum, kennurum, íþróttabálfurum og fleirum. Kannski ættum við að hætta að einblína svona á tiskublöðin og líta frekar aðeins í eigin barm. Tölum við sífelld um hvað við erum óánægð með líkama okkar? Nálgumst við mat með ótta og samviskubiti? Gefum við þau skilaboð að það sé best að vera grannur og fita sé hræðileg? Ef svo er þá tökum við sjálf þátt í að skapa það óheillavænlega andrúmsloft sem yfir undir slæma líkamsmynd og átraskanir.

MYNDSKREYTING:  
DANIEL CLAUD REUTER (www.danielclausreuter.com)



### Styrktaraðilar:



Við þökkum öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við að gera þetta blað að veruleika, sér í lagi greinarhöfundum, myndlistarfólki, styrktaraðilum og okkar frábæra hönnuði.



Ritstjóri: Sigrún Daníelsdóttir  
Skipulagsnefnd: Ragnheiður Kristín Pálsdóttir, Birgir Þórarinsson, Guðrún Beta Mánadóttir, Marín Þórsdóttir  
Hönnun og umbrot: Linda Loeskow

FEMINISTAFÉLAG ÍSLANDS



Hér er hægt að nálgast greinar, tengla og frekari umfjöllun um þetta málefni:

BÆKUR UM MEGRUNARLAUST LÍF OG LÍKAMSVIRÐINGU ERU TIL SÖLU Í EYMUSSON Í AUSTURSTRÆTI Í TÍLEFNI MEGRUNARLAUSA DAGSINS. PÓSTSENDING UM LAND ALLT!

[WWW.LIKAMSVIRDING.BLOGSPOT.COM](http://WWW.LIKAMSVIRDING.BLOGSPOT.COM)

# Nú er rétti tíminn til að spara

Veldu verðtryggðan sparireikning hjá Kaupþingi sem hentar þér.

Verðtryggðir  
sparireikningar  
með allt að  
6,6% vöxtum

Þú getur stofnað sparireikning í Netbanka Kaupþings á kaupthing.is, í þjónustuveri bankans í síma 444 7000 eða næsta útibúi.

 KAUPÞING

Hugsum lengra

**Draumahús** 530 1800

Svöluás 12 - 221 Hfj

**Opið hús í dag kl. 16:00 - 17:00**



**47.400.000**

212,5 fm 5 herbergja falllegt parhús með 25,2 fm innbyggðum bílskúr á frábærum stað í Áslandshverfi í Hafnarfirði.

**Sigríður tekur á móti gestum.**

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar  
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801  
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is



## Borðum meiri fisk!

uppskrift að ljúffengum fiskrétti fyrir alla fjölskylduna

## Lúðuspjót á grillið með kúskús

(fyrir 4)

**700 g** lúða, skorin í bita  
**1** paprika eða lítill kúrbítur  
**1** rauðlaukur

**Kryddlögur:**

**3** hvítlauksrif  
**1 msk.** kummin (cumin)  
**1 ts.** pipar  
**3 msk.** sitrónusafi  
**2 msk.** matarolia  
**4 msk.** myntublöð  
**2 msk.** meriam

Blandið saman því sem fer í kryddlöggin og hellið honum yfir lúðubitana. Látið standa helst í a.m.k. 1 klst. Skerið grænmetið í frekar stóra bita. Þræðið fiskinn og grænmetið upp á grillspjót og grillið í 4-5 mínútur á hvorri hlið. Penslið með kryddleginum á meðan grillað er.

**Kúskús:**

**2 1/2 dl** kúskús (couscous)  
**1 ts.** kummin (cumin)  
**1/2 ts.** pipar  
**1** paprika  
**4 msk.** steinselja, söxuð eða klippt

Sjóðið kúskús samkvæmt leiðbeiningum á pakka en notið matarolíu í stað smjörs. Kryddið með pipar og kummin. Saxið papriku og blandið ásamt steinselju saman við kúskúsið.

Berið lúðuspjótin fram með kúskúsi, sitrónu- eða límónubátum og grænmetissalati.

**Fleiri uppskriftir á lyðheilsustod.is**



**LÉTT BYLGJAN**  
967

## STUÐ MILLI STRÍÐA Krikaloð, klám og nárahár skipta litlu máli

MARGRÉT HUGRÚN GÚSTAVSDÓTTIR ER MED OFNÆMI FYRIR FORPOKUÐUM FEMÍNISMA



Í mörg ár hef ég kallað mig feminista, en eftir að hið forpokaða „Feministafélag“ var stofnað árið 2003 varð ég feimari við það.

Framganga þeirra, áherslur og málflutningur hafa leitt til þess að ég og fleiri mega varla heyra minnst á orðið feministi. Sumir fara jafnvel í vörn og segjast alfarið á móti fyrirbærinu, krossa við að konur eigi að þvo og karlar að skipta um perur.

Á sínum tíma tóku nasistar aldagamalt tákni um gang sólarinnar og gerðu að sínu. Þetta var fínasta tákni, en eftir notkun nasista mega fæstir sjá svastiku án þess að myndir af fjödamorðum og viðbjóði skjóti

upp kollinum í vitundinni. Svipað hefur gerst með orðið „feministi“. Fyrir nokkrum árum voru margir sem þekktu vart muninn á orðinu feminin og feministi, en í dag hefur hið síðara nánast orðið að skammaryrði hjá mörgum... Líka þeim sem aðhyllast jafnan rétt kynjanna.

Eftir stofnun Feministafélagsins dregur orðið „feministi“ þannig fram hugmynd um óskureiðan kvenmann sem þolir ekkert sem viðkemur kynfrelsi eða almennu fjöri. Krikaloð og nárahár eru meðal þess sem hún ergir sig yfir og hennar hugmynd um jafnrétta konu er Rannveig Rist eða önnur sem hefur unnið á móta sigra í karlheimum. Konur og hommar eiga það sameiginlegt að þykja ekki

neitt sérlega fínar skepnur og eiga því sína baráttudaga í dagatalinu. Niðrandi lýsingarorð eins og hommalegur, stelpulegur, hleypur eins og stelpa, keyrir eins og kerling o.s.frv. sanna þetta. Að vera strákaleg þykir þó ekki niðrandi fyrir konu og að hlaupa eins og strákur er ekki „slæmt“. Bara þetta gefur okkur góða ástæðu til endurnemats á eigin viðhorfum.

Af hverju er gott fyrir konu að vera eins og karl, en vont fyrir karl að vera eins og kona? Þessu vil ég gjarna breyta, með jöfnum blóðþrýstingi og án þess að einblína á krikaloð og klám í leiðinni.

Og hvaða máli skiptir hver þvæ, svo lengi sem bæði leggja sitt af mörkum?

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





**32%  
afsláttur**

GODI

**699** kr/kg. áður 1.021 kr/kg.  
Goða blandað hakk - Prepack



**30%  
afsláttur**

**424** kr/kg. áður 605 kr/kg.  
Holta kjúklingalæri með legg



**30%  
afsláttur**

**979** kr/kg. áður 1.399 kr/kg.  
Holta blandaður grillbakkí



**20%  
afsláttur**

**399** kr/kg. áður 499 kr/kg.  
Goða súpukjöt blandað



**35%  
afsláttur**

**454** kr/kg. áður 699 kr/kg.  
Íslandsfugl kjúklingur



**36%  
afsláttur**

**799** kr/kg. áður 1.238 kr/kg.  
Borgarnes hangiframpartur - sagaður



**2 fyrir 1**

**70** kr/stk. áður 140 kr/stk.  
Nattúra jurtarjómi



**15%  
afsláttur**

O&S Gouda 17%

**allt í matinn á einum stað**

Birt með fyrirvara um prentvillur  
Tilboðin gilda: 3. maí til 6. maí eða á meðan birgðir endast  
www.netto.is

**netto**

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn







VERK EFTIR KRISTIINA WIHERHEIMO Náttúran er hugleikin textillistamönnum sem sýna verk sín í Listasafni ASÍ.

## Ofið úr frumefnum

Fimm textillistamenn og tónskáld sameina krafta sína á sýningu sem opnuð var í Listasafni ASÍ í gær. Sýningin heitir „Frá einum til óendanleika“ og er farandsýning sem hófst í Forum Box í Helsinki. Listamennirnir eru í fremstu röð textillistamanna á Norðurlöndunum en efnistöð þeirra eru afar ólík.

Frá Noregi kemur Marianne Mannsaker og sýnir klassískan gobelínvefnað, myndefni hennar eru huglæg en vísa til byggingarlistar eða náttúru og lýsir hún verkum sínum sem ímynduðum kortum, leynibréfum eða fjölradda söngbók. Íslensku textillistakonurnar Anna Þóra Karlsdóttir og Guðrún Gunnarsdóttir vísa báðar sterkt til náttúrunnar í verkum sínum en þær

sýna annars vegar verk úr þæfðri ull og hins vegar þrívíddarverk úr málmþráðum.

Finnska listakonan Agneta Hobin vefur úr málm en þema hennar er einnig náttúran og ýmis fyrirbæri hennar á meðan samlanda hennar, Kristiina Wiherheimo, beinir athygli áhorfenda að hinu smágerða sem hún greinir í mismunandi efnisgerðum og hlutum.

Tónskáldið Paola Livorsi frá Finnlandi semur tónlist sérstaklega fyrir sýninguna. Hann hljóðgerir frumefnin í yfirborði málm, trés, skinn, ullar og mannsraddarinnar sem táknar loftið.

Sýningin stendur til 27. maí en Listasafn ASÍ er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 13-17. - khh

## Heiður og styrkir

Helga Ingólfsdóttir semballeikari var útnefnd heiðursfélagi í Félagi íslenskra tónlistarmanna á dögunum.

Helga hlaut tónlistarmenntun sína í Tónlistarskólanum í Reykjavík þar sem hún var nemandi Rögnvalds Sigurjónssonar píanóleikara og í Tónlistarskólanum í München þar sem hún lauk einleikarprófi í semballeik. Hún hefur tekið virkan þátt í tónlistarlífi á Íslandi með einleik og flutningi kammertónlistar um árabíl og leikið inn á hljómplötur og geisladiska. Helga hafði frumkvæði að Sumartónleikum í Skálholtskirkju árið 1975 og var listrænn stjórnandi hátíðarinnar til ársins 2004.

Á aðalfundi Félags íslenskra tónlistarmanna, sem gætur hagsmuna einleikara, einsöngvara

og kammertónlistarfólks, voru einnig afhentir fjórir styrkir úr Hljómlistasjóði félagsins.

Styrki hlutu að þessu sinni píanóleikarinn Halldór Haraldsson, til að gera safndisk með fyrirbyggjandi upptökum í tilfni 70 ára afmælis síns, Guðný Guðmundsdóttir konsertmeistari, til að gefa út fiðlukonserta í fyrirbyggjandi upptökum með Sinfóníuhljómsveit Íslands, söngvarinn Sverrir Guðjónsson, ásamt fjölda tónlistarmanna, til útgáfu á hljómdisknum „Helsöngvar“ og Bibertríó til útgáfu á diskum með Talnabands-sónötum F. Biber.

Einnig voru afhentir styrkir til tónleikahalds á landsbyggðinni, en það er sameiginlegt verkefni FIH og FIT með styrk frá menntamálaráðuneyti. - khh



SIGFUS HALLDÓRSSON TÓNSKÁLD

## Ljúf sveifla

Í kvöld verður slegið á léttu strengi í Salnum í Kópavogi en þá heldur Jazztrío Reynis Sigurðssonar tónleika í TÍBRÁ sem hlotið hafa yfirskriftina Sigfús í ljúfri sveiflu. Tónlist eftir tónskáldið, málaramann og heiðursborgara Kópavogs, Sigfús Halldórsson, verður flutt af þeim Jóni Páli gítarleikara, Reyni Sigurðssyni víbráfónleikara, sem einnig útsetur, og Gunnari Hrafnssyni bassaleikara.

Hugmynd að efnisskránni varð til eftir gerð tilbrigðis við Litlu fluguna, eitt kunnasta lag Sigfúsar. Í framhaldi af því kviknaði svo áhugi á að djasssetja fleiri þekkt lög tónskáldsins og verða þau flutt í heild á þessum tónleikum í Salnum. Þetta eru Litla flugan, Tondeleyó, Austurstræti, Hvers vegna, Ég vildi að ung ég væri rós, Við eigum samleið, Sommerens sidste blomster, Í dag, Íslenskt ástarljóð, Vegir liggja til allra átta, Sumarauki og Amor og asinn. Allar þessar perlur íslenskrar dægurlagatónlistar hafa lifað sínu lífi meðal þjóðarinnar frá því að Sigfús kom fram með þau. Tónleikarnir hefjast kl. 20. - pbb



HELGA INGÓLFSDÓTTIR SEMBALLEIKARI Er nú heiðursfélagi í Félagi íslenskra tónlistarmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# VELFERÐ, SANNGIRNI OG ATVINNUÖRYGGI



Guðjón A. Kristjánsson  
Norðvesturkjördæmi



Kolbrún Stefánsdóttir  
Suðvesturkjördæmi



Jón Magnússon  
Reykjavík Suður



Sigurjón Þórðarson  
Norðausturkjördæmi



Magnús Þór Hafsteinsson  
Reykjavík Norður



Grétar Mar Jónsson  
Suðurlkjördæmi

### Við viljum búa í sanngjarnara samfélagi

- Skattleysismörk hækki strax í 150.000 kr. hjá þeim tekjulægstu.
- Lækkum skuldir heimilanna, burt með verðtrygginguna.
- Aldraðir og öryrkjar geti haft 1.000.000 kr. tekjur án bótaskerðingar og að tekjutenging við maka verði afnumin.
- Lífeyrisgreiðslur beri 10% skatt líkt og fjármagnstekjur.

**Kjóstu F!**  
forysta fyrir íslenska þjóð



Fjárlslyndi flokkurinn

# Olivier fékk kjöltudans frá Angelinu

Sögur af vandræðum skötuju-anna Angelinu Jolie og Brad Pitt hafa gengið fjöllum hærra undanfarið. Þær hafa fengið byr undir báða vængi eftir að til Jolie sást þar sem hún dansaði og daðraði við Olivier Martinez, fyrrverandi

kærasta áströlsku söngkonunnar Kylie Minogue.

Jolie frumsýndi fyrstu heimildarmynd sína, *A Place in Time*, á Tribeca-kvikmynda-hátíðinni í New York 27. apríl síðastliðinn. Eftir formlega móttöku hélt hún í eftirpartý á veitingastaðnum Gin Lane.

Þar fór hún svo að dansa fyrir Martinez, á slíkan hátt að þeir sem til leikkonunnar sáu líktu athæfinu við kjöltudans. „Hún hristi sig fyrir framan

hann,“ sagði einn áhorfandi. Annar sagði Jolie augljóslega hafa verið að daðra við leikarann.

Martinez og Jolie léku saman í myndinni *Taking Lives* árið 2004. Á þeim tíma skapaðist orðrómur þess efnis að þau væru par, án þess að hann væri nokkurn tíma staðfestur. Ekki er vitað hvar Brad Pitt var staddur þetta kvöld, en svo mikið er víst að hann var hvergi sjáanlegur.

**DAÐURDRÓS** Gestir Gin Lane segja Angelinu Jolie hafa gefið Olivier Martinez kjöltudans í partí þar.

**FÉKK KJÖLTUDANS** Olivier Martinez lék í *Taking Lives* með Angelinu árið 2004.

**FJARRI GÓÐU GAMNI** Brad Pitt var hvergi sjáanlegur í eftirpartíinu. Sögur af vandræðum í sambandi hans við Angelinu hafa gengið fjöllum hærra undanfarið.



Jöfn og frjáls 



**xS** Fjölskylduhátíð Samfylkingarinnar **14** í Smáralind í dag kl.

Á dagskrá:  
Ingó idol og Gummi bróðir - Töframaðurinn Jón Viðis Dansatriði  
Dúettinn Suðsuðvestur, sem er skipaður frambjóðendum Guðmundi Steingrímssyni og Róberti Marshall.  
Frambjóðendurnir Gunnar Svavarsson, Katrín Júlíusdóttir og Össur Skarphéðinsson slá á léttu strengi.

Hlökkum til að sjá ykkur!

 **Samfylkingin**  
Suðvesturkjördæmi  
kraginn.is



SHREK THE THIRD Þriðja myndin um góðlega tröllíð Shrek og vini hans stendur vonandi undir væntingum.

## Sólríkt sumarbíó framundan

**Heljarmikið framhaldsmyndasumar er í vendum þar sem Pétur Parker, John McClane, Shrek, Jack Sparrow og Harry Potter verða í fremstu víglínu. Freyr Bjarnason kannaði hvenær stærstu bitarnir á markaðnum koma í bíó.**

Kvikmyndaforkólfarnir í Hollywood eru íhaldssamir í meira lagi og hika ekki við að veðja ár eftir ár á þá hesta sem hafa áður komist fyrstir í mark í miðasöluinni. Framhaldsmyndirnar í ár ættu ekki að vera af lakari taginu, enda andlitin kunnugleg og ekkert til sparað. Gerir sú staðreynd valið ennþá auðveldara fyrir áhorfendur, sem vilja undantekningarlítið léttmeti þegar sólin er sem hæst á lofti.

### Með tvo í takinu

Spider Man 3 stefnir í að slá aðsóknartölur forvera sinna í miðasöluinni. Það frábrugðna við nýju myndina er annars vegar sú staðreynd að Pétur Parker sjálfur hefur nú úr tveimur könglulóar-búningum að velja, rauðum og svörtum, og hins vegar að vondu karlarnir eru orðnir þrír. Vonandi eiga báðir búningarnir eftir að koma honum að góðum notum.

### Shrek leitar að erfingja

Þriðja myndin um góðlega tröllíð Shrek kemur í bíó hér á landi 22. júní. Til að

komast hjá því að vera krýndur konungur Far, Far Away reynir Shrek að finna hentugri erfingja fyrir krúnuna.

Shrek 2 rakaði inn seðlum og varð á endanum aðsóknarmesta teiknimynd sögunnar. Mike Myers og fylgdarlið hans eiga því verðugt verkefni fyrir höndum í sumar.

### Leiðir hóp sjóræningja

Pirates of the Caribbean: At World's End er þriðja myndin um sjóræningjann Jack Sparrow og félagi. Í þetta sinn leiðir hann hóp sjóræningja frá fjórum heims-hornum á vit nýrra ævintýra. Þrátt fyrir að myndin sé þriggja tíma löng og hafi kostað gífurlega fjármuni eru allar líkur á að hún skili framleiðendum sínum góðum arði, enda Sparrow með skemmtilegri mönnum.

Faðir hans, leikinn af Rollingu-um Keith Richards, kemur einnig við sögu og ekki verður það til að skemma fyrir aðsókninni. Myndin er væntanleg 25. maí.

### Vilja slökkva á Bandaríkjunum

Tölf ár eru liðin síðan löggan John McClane elti uppi bankaræningja í *Die Hard with a Vengeance*. Fjórða myndin um McClane, *Live Free or Die Hard*, kemur í bíó 27. júní og verður væntanlega ennþá hraðari en for- valler sínir og þá er nú mikið sagt. Söguþráðurinn er á þann veg að McClane þarf að

taka á öllu sem hann á til að stöðva tölvuvædda hryðjuverkamenn sem ætla bókstaflega að slökkva á Bandaríkjunum.

Vonandi hefur Bruce Willis ennþá það sem til þarf til að halda áhorfendum rígföstum við sæti sín, þrátt fyrir að aldurinn sé farninn að færast yfir hann og hárið horfið á braut.

### Berst gegn Voldemort

Harry Potter and the Order of the Phoenix, fimmta myndin um galdratrákinn Harry Potter, lendir á Íslandi 13. júlí. Í þetta sinn lendir Potter í miklum erfiðleikum þegar hann reynir að stöðva hin illa Lord Voldemort.

Myndin verður frumsýnd rétt áður en síðasta bókin um Harry Potter kemur út og á það vafalítið eftir að auka vinsældir hennar enn frekar.

### Griðarleg samkeppni

Ljóst er að hart verður barist um hylli áhorfenda í sumar og virðist samkeppnin sjaldan eða aldrei hafa verið meiri. Á meðal annarra mynda sem eiga örugglega eftir að láta til sín taka eru *Ocean's 13* sem kemur út 8. júní og *The Bourne Ultimatum* sem er væntanleg 24. ágúst.

Hvort einhver ein myndi stendur upp úr í miðasöluinni í sumar á eftir að koma í ljós en eitt er víst, að kvikmyndahúsagæstir geta varla kvartað undan úrvalinu og hugsa sér gott til glóðarinnar.



**JACK SPARROW** Johnny Depp hefur farið á kostum sem sjóræninginn Jack Sparrow.



**MCCLANE** Bruce Willis leikur John McClane í fjórða sinn í *Live Free or Die Hard*.

**Draumahús** 530 1800

Eyktarás 23 - 110 Rvk

**Opið hús í dag kl. 14:00 - 16:00**



**69.500.000**  
Fallett 280 fm. 2ja íbúða einbýlishús á 2 hæðum með innbyggðum 38 fm. bílskúr.  
Húsið er innst í botnlanga við opið svæði.  
**Sigurður og Aðalheiður taka á móti gestum**

Draumahús ehf. • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar  
Mörkin 4 • 108 Reykjavík sími: 530 1800 • fax: 530 1801  
www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**



**LÖNG BIÐ** Lindsay Lohan segist hafa beðið 21 árs afmælisins lengi, en þá má hún samkvæmt lögum neyta áfengis og stunda skemmtistaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## „Mjólkar“ afmælið sitt

Lindsay Lohan ætlar að „mjólka“ tuttugu og eins árs afmælið sitt, að því er hún sagði í viðtali við Ellen DeGeneres. Lohan verður 21 árs gömul 2. júlí næstkomandi, og segist hafa beðið lengi eftir þeim áfanga. Samkvæmt lögum ytra þarf fólk að hafa náð umræddum aldri til að mega neyta áfengis.

Lohan hefur vissulega smakkað áfengi áður, eins og nýleg ferð hennar í áfengismeðferð ber vitni um. Hún gleðst yfir því að vinir hennar, klúbbaeigendurnir í Los Angeles, þurfi nú ekki lengur að hafa áhyggjur af því að hleypra henni inn.

Lohan áformar að fagna afmælinu með veisluhöldum í Las Vegas og kvöldverði í Malibu ásamt vinum og fjölskyldu.

## Janet í nýrri bíómynd

Söngkonan Janet Jackson snýr aftur á hvíta tjaldið og leikur á móti Tyler Perry í næstu mynd



**JANET JACKSON**

hans, Why Did I Get Married? Myndin er byggð á samnefndu leikriti Perry og mun hann skrifa handritið, leikstýra myndinni og framleiða hana. Síðasta kvikmynd sem Janet lék í var Nutty Professor: The Klumps, árið 2000.



**VILL NÁLGUNARBANN** Sandra Bullock óttast aðdáandann Marcu Valentine sem reyndi að keyra yfir eiginmann hennar, Jesse James, í síðasta mánuði.

## Vill fá nálgunarbann

Sandra Bullock hefur beðið um nálgunarbann á hendur aðdáanda sínum, Marcu Valentine. Í síðasta mánuði lenti Bullock í úti-stöðum við aðdáandann, þegar Valentine reyndi að keyra á Jesse James, eiginmann Bullock. Það reyndi hún fimm sinnum, inni á landareign hjónanna í Orange-sýslu. Valentine var handtekin í kjölfarið.

Í beiðninni segir Bullock Valentine ítrekað hafa farið í leyfisleysi um landareign sína. Hún hafi sömuleiðis hent hlutum yfir hliðið. Bullock biður um vernd til handa sér og eiginmanni sínum ásamt þremur börnum hans.

# Ástríðufull menningarsíða

Þær Eydís Eir Björnsdóttir og Inga Birna Dungal hafa sett á laggirnar heimasíðuna [uss.is](http://uss.is). Þar fjalla þær um menningu og listalíf landsins af mikilli ástríðu.

„Þetta er menningar- og ástríðuvefur,“ sagði Eydís kát. Síðan er sem stendur um mánaðargömul, en þær er þegar að finna fjöldann allan af viðtölum og umfjöllunum um tónlist, myndlist, tísku, útlit og fleira. „Það er kominn hellingur af efni inn, enda erum við búnar að vinna dag og nótt í marga mánuði,“ sagði Eydís og hló. „Þetta var mikill undirbúningur, en við erum líka með nóg af efni sem við eigum eftir að birta,“ bætti hún við.

Umfjöllunarefnið eru vissulega fjölbreytt, en stelpurnar setja

fókussinn óhikað á íslenska menningu. „Þetta snýst allt um Ísland. Okkur langar að leyfa fólki að kynna mannaskjünunum á bak við listina. Við fjöllum um hvað er að gerast hérna, hverjir eru að koma og hvað þeir er að gera,“ sagði Inga Birna. „Við eigum svo mikið af góðu fólki, og „underground“ fólki, sem er að gera briliant hluti. Við reynum að finna það fólk og koma því á framfæri. Við viljum bara styðja við bakið á okkar fólk,“ sagði Eydís spök.

Á síðunni er einnig að finna viðburðadagatal og spjallvef. „Við viljum fá fólk til að spjalla um tónlist og menningu. Allir listamenn sem við tölum við hafa sagt að þeir vilji uppbyggilega gagnrýni, svo við viljum að fólk fari þarna

inn og komi skoðunum sínum á framfæri,“ sagði Eydís.

Eydís og Inga Birna hafa hvorug mikla reynslu af blaðamennsku eða sambærilegu starfi. „Þetta er bara ástríðan okkar. Við höfum brennandi áhuga á menningu, tónlist, miðlun og ljósmyndun,“ sagði Eydís. „Við höfum líka verið að teikna og skrifa texta og gera sitt lítið af hverju. Svo við ákváðum að hræra þessu öllu saman, og útkoman varð [uss.is](http://uss.is),“ bætti Inga Birna við.

-sun

**UNNIÐ AF ÁSTRÍÐU** Eydís Eir og Inga Birna hafa brennandi áhuga á öllu sem viðkemur listum og menningu og hafa sett á laggirnar heimasíðu þar sem þær svara bæði forvitni sinni og lesenda.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR





# A Good Year á DVD í BT





**Nú er tækifæri á að eignast nýjustu mynd meistara Ridley Scott á DVD í BT. Ljúf og góð sælkeramynd með bráðskemmtilegum Russell Crowe í aðalhlutverki.**

BT

2.299



**Nýtt í bíó** Fyrsta stórmynd sumarsins **HEIMSFROMSYNING**

**SPIDER-MAN 3** ★★★★★ LIB TOPPS.IS

**STÆRSTA ORRUSTAN ER INNRI BARÁTTAN**

Landsbankinn 10 LÚXUS

**NEXT** JULIANNE MOORE JESSICA BIEL

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 REGNBOGINN SÍMI 551 9000 Borgarbíó SÍMI 462 3500

SPIDERMAN 3	Kl. 2-5-8-11 B.I. 10 ÁRA	SPIDERMAN 3	Kl. 2.30-5.30-8.30-11.20 B.I. 10 ÁRA	SPIDERMAN 3	Kl. 2-4-6-8-10.40* B.I. 10 ÁRA
SPIDERMAN 3 SÝND Í LÚXUS	Kl. 2-5-8-11	PATHFINDER	Kl. 8-10.15 B.I. 16 ÁRA	NEXT	Kl. 9-11 B.I. 14 ÁRA
NEXT	Kl. 3.30-5.45-8-10.15 B.I. 14 ÁRA	INLAND EMPIRE	Kl. 2.30-5.45-9 B.I. 16 ÁRA	ÚTI ER ÆVINTÝRI	ISLENSKT TAL Kl. 2
PATHFINDER	Kl. 5.45-8-10.15 B.I. 16 ÁRA	HILLS HAVE EYES 2	Kl. 3-6-8-10 B.I. 18 ÁRA		
HILLS HAVE EYES 2	Kl. 10.30 B.I. 18 ÁRA	ÚTI ER ÆVINTÝRI ISLENSKT TAL	Kl. 3-6		
PERFECT STRANGER	Kl. 8 B.I. 16 ÁRA				
ÚTI ER ÆVINTÝRI ISLENSKT TAL	Kl. 1.30-3.45				
TMNT	Kl. 2-4-6 B.I. 7 ÁRA				

MIDASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á **midi.is** 450 kr. í bíó!

Sími 553 2075 LAUGARABÍÓ bara lúxus

**HEIMSFROMSYNING** FYRSTA STÓRMYND SUMARSINS

**SPIDER-MAN 3** ★★★★★ LIB: TOPPS.IS

**STÆRSTA ORRUSTAN ER INNRI BARÁTTAN**

Sýnd kl. 1, 4, 7 og 10-POWERSYNING B.I. 10

**FERDELL** Sprenghlaegileg mynd eftir Ben Stiller

**SHOOTER** TÓLAR VAR PÁG BEIÐUBRINN Í DAG ER ÞAD RETTLATID

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10 Sýnd kl. 8 og 10.20 B.I. 16

**MR. BEAN'S HOLIDAY** Sýnd kl. 4 og 6

**ÚTI ER ÆVINTÝRI** Sýnd kl. 2 MÍSL TALI

450 KR. Í BÍÓ GELDIR Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU MIDASALA OPNAR KL. 12.30

**HÁSKÓLABÍÓ** Stærsta kvikmyndahús landsins

FRUMSYNING / DAS LEBEN DER ANDEREN / LÍF ANNARRA

ÓSKARSVERÐLAUNIN 2007 **BESTA MYND ÁRSINS** Í FLOKKI MYNDA Á ERLENDU TUNGUMÁLI

**the lives of others** 16

ATH: EKKERT HLÉ OG MIDASÖLU LYKUR ÞEGAR SÝNING MYNDAH EFST

NICOLAS CAGE JULIANNE MOORE JESSICA BIEL

**NEXT** SA SEM SÉR FRAMFJÓDINA GETUR ÞJANGAÐ HENNI HÖRDU SPENNUNYND EFTIR HÖFUNG MINORITY REPORT OG BLADE RUNNER

**SUNSHINE** ★★★★★ EMPIRE ★★★★★ LIB TOPPS.IS

**HOT FUZZ**

Heimavöllur íslenskar kvikmyndagerðar

**KÖLD SLOÐ** 2 FYRIR 1

**MYRIN** 2 FYRIR 1

HÁSKÓLABÍÓ

THE LIVES OF OTHERS	Kl. 5.30-8-10.30	B.I. 16 ÁRA
NEXT	Kl. 8-10.15	B.I. 14 ÁRA
SUNSHINE	Kl. 10.20	B.I. 16 ÁRA
MYRIN 2 FYRIR 1	Kl. 3.30-5.40-8	B.I. 12 ÁRA
KÖLD SLOÐ 2 FYRIR 1	Kl. 3.40-5.50-8	B.I. 12 ÁRA
HOT FUZZ	Kl. 3.30-5.40-10.10	B.I. 16 ÁRA

HAGATORG www.haskolabio.is SÍMI 530 1919

Sími 553 2075 LAUGARABÍÓ bara lúxus

**Ódýrt í bíó**

450 kr. á 1 og 2 sýningar

KVIKMYNDAKLÜBBURINN **FJALA** KÖTTURINN

SUNNUDAGUR 6. MAÍ Í TJARNARBÍÓ FILMFEST.IS

**KLUKKAN 15:00 BÖRNIN Í ÓLÁTAGARÐI** (SWE), Lasse Halström, 1986.

**KLUKKAN 17:00 REYKJAVIK DOCUMENTARY WORKSHOP: GLAÐVAKANDI** (Wide awake) (USA), Alan Berliner, 2006.

**KLUKKAN 20:00 KVIKSAGA** VERK Í VINNSLU OG UMRÆÐUR



RÍSIÐ UPP R. Kelly skrifaði lag um skotárásina í Virginia Tech á leið sinni á tónleika.

## Skrifar lag um skotárás

Tónlistarmaðurinn R. Kelly hefur skrifað og tekið upp nýtt lag um skotárásina í Virginia Tech 16. apríl síðastliðinn. Lagið heitir „Rise Up“ og fjallar um eftirköst árásinnar og hvernig hægt sé að græða sárin. Þetta tilkynnti Jive Records, útgáfufyrirtæki Kellys.

Kelly skrifaði lagið þar sem hann fylgdist með atburðarásinni í sjónvarpi á leið sinni á tónleika.

Lagið verður gefið út 15. maí næstkomandi, og mun allur ágóði af sölu þess renna til Hokie Spirit minningarsjóðsins, sem var stofnaður til að styðja við bakið á fjölskyldum fórnarlamba og veita þeim áfallhjálp sem lentu í árásunum.



SPICE GIRLS Orðrómur er um endurkoma þeirra um næstu jól.

## 130 milljónir á hverja píu

Miklar líkur eru nú taldar á því að hljómsveitin Spice Girls komi aftur saman síðar á árinu. Kryddpíunum, Victoríu Beckham, Geri Halliwell, Emmu Bunton, Mel B og Mel C, hefur verið boðin ein milljón punda hver fyrir að syngja á tónleikum um næstu jól. Það gerir rétt tæpar 130 milljónir íslenskar fyrir hverja. Hingað til hefur Mel C verið sú eina sem ekki hefur viljað koma saman aftur en nú herma fregnir að hún hafi látið undan.

**Einkamál**

Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafi samband í sími 550 5000.

**FRÉTTABLAÐIÐ**

– smáauglýsingar sem allir sjá

**SPIDER-MAN 3**  
Stærsta orrustan er innri baráttan

**BLADES OF GLORY**  
SPRENGHLÆGILEG MYND FRÁ BEN STILLER!

**BREACH**  
För beint á toppinn í U.S.A

**SHOOTER**  
ANNAR ÞESSARA TVEGGJA HEFUR HEILA... Á STÆRÐ VIÐ HNETU!

SAMBIOIN / ÁLFABAKKA			SAMBIOIN / KRINGLUNNI			SAMBIOIN / KEFLAVÍK			SAMBIOIN / AKUREYRI		
SPIDER MAN 3	kl. 12 - 3 - 6 - 9 - 10:30	B.1.10	THE GOOD SHEPHERD	kl. 10:10	B.1.12	SPIDERMAN 3	kl. 2 - 5 - 8 - 11	B.1.10	MEET THE ROBINSSON	kl. 4	Leyfð
SPIDER MAN 3 VIP	kl. 12 - 3 - 6 - 9		MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð	BLADES OF GLORY	kl. 2 - 4 - 6 - 8:10 - 10:20	B.1.12	BLADES OF GLORY	kl. 6 - 8 - 10	B.1.12
BLADES OF GLORY	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	B.1.12	ROBINSON... M/ - ISL TAL	kl. 1:30 - 2 - 3:30 - 4	Leyfð	THE MESSENGERS	kl. 8	B.1.16	MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 4	Leyfð
SHOOTER	kl. 8	B.1.16	WILD HOGS	kl. 8	B.1.7	ROBINSON... M/ - ENSKU TAL	kl. 6:10	Leyfð	BLADES OF GLORY	kl. 4 - 6 - 8 - 10	Leyfð
BREACH	kl. 5:50 - 8:10 - 10:30	B.1.12	BECAUSE I SAID SO	kl. 6	Leyfð	300.	kl. 10	B.1.16	MR. BEAN'S HOLIDAY	kl. 4	Leyfð
									BECAUSE I SAID SO	kl. 6	Leyfð
									BREACH	kl. 8 - 10	B.1.12

www.SAMBIOIN.is | 575 8900 | www.SAMBIOIN.is

## Illa farið með Dick

Draumaverksmiðjan hefur gnægta-brunn að sækja í höfundarverki Philip K. Dick en myndir byggðar á vísindaskáldsögum hans hafa hrifið marga (svo sem Blade Runner, Minority Report og Total Recall). Nýjasta aðlögunin á smásögu Dicks er spennmyndin Next þar sem fjallað er um mann sem gæddur er þeim hæfileika að sjá ávallt tvær mínútur fram í tímann. Í upphafi er þessi hæfileikamaður (Cage) í hlutverki galdrakarls í spilavíti sem græðir smápeninga með þessari náðargáfu sinni og veit minnst um þá staðreynd að hann hefur örlög milljóna manna í hendi sér.

Þegar Nicolas Cage er komin í leðurjakkann og farinn að þylja frasana og kýla meitlaða kjálka steríótýpískra rússneskra illmenna þá dæsi ég af öðru en feginleik.

Leikstjórinn Lee Tamhori hefur enga stjórn á þessu ofleikandi testerónbúnti – maðurinn getur alveg leikið en hann ætti að láta „Bruce Willis-rullurnar“ vera. Saga Dicks er spennandi viðfangsefni en orðin barn síns tíma, kjarnorku-sprengjuógnin af höndum óskilgreindra hryðjuverkamanna er ósannfærandi og allt það illþýði líka. Aðstandendur myndarinnar hefðu mátt sleppa því að færa söguna til nútímans. FBI-gellan Ferris (Julianne Moore) er að sama skapi óburðug hetja. Eltingaleikur hennar við að ná bjargvætti heimsins – sem á að geta séð fyrir hvar og hvenær fyrrgreind sprengja mun springa – er hálfgerð kettlingaklór með tilheyrandi bílaleikjum og brellusmíð. Viðfang ástar þessa Nostradamusar er leikið af Jessicu Biel og er helsti



sigur hennar fölginn í því hversu vel henni tekst að kipa saman varirnar og setja stút á munninn.

Það tekst alls ekki nógu vel til að koma hugmynd Dicks á hvíta tjaldíð, sambandið milli persónanna er ótrúverðugt og hasarinn lúinn. Þessi mynd lifir lengst á endinum, sem var óvæntur. Ég var líka ósköp fegin þegar hann kom.

Kristrún Heiða Hauksdóttir

## Mótmæltu textum

Fjölskylda og vinir tónlistarmannsins sáluga James Brown stóðu fyrir mótmælagöngu í New York á fæðingardegi hans síðastliðinn föstudag. Þá hefði sálarkonungurinn orðið 74 ára en hann lést á jóladag í fyrra eftir hjartaáfall.



JAMES BROWN

Alls tóku 400 manns þátt í mótmælagöngunni þar sem athyglinni var beint að ósiðlegum textum í tónlist nú til dags. Var þess krafist að plötufyrirtæki tækju harðar á slíkum textum og bönnuðu orð þar sem gert er lítið úr konum og þeldökku fólki.

### KVIKMYNDIR

#### Next

Leikstjóri: Lee Tamhori / Aðalhlutverk: Nicolas Cage, Julianne Moore og Jessica Biel.



Flott hugmynd, vond kvikmynd.

## Þjóðin þarfnast reynslu og þekkingar eldri borgara

Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að gera fólki yfir sjötugu kleift að afla sér tekna án þess að lífeyrir skerðist.

*Nýir tímar - á traustum grunni*

xd.is



**XD**

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN



Árþingi Körfuknattleikssambands Íslands lauk á Flúðum í gær:

# 14 milljóna króna tap hjá KKÍ

**KÖRFUBOLTI** Árþing KKÍ fór fram á Flúðum í gær. Þar bar helst til tíunda að ákveðið var að fjölga í efstu deild kvenna úr sex liðum í átta. Einnig verður tekið upp nýtt fyrirkomulag í deildinni.

Fyrst er leikin tvöföld umferð og síðan er liðunum skipt upp í tvo fjögurra liða riðla. Þessir tveir riðlar leika síðan tvöfalda umferð áður en spiluð er úrslitakeppni. Inn í hana koma tvo efstu liðin í neðri riðlinum. Þessar breytingar verða til þess að KR og Fjölnir flytjast upp um deild í kvenna-boltanum.

Fjárhagsstaða sambandsins var

talsvert til umræðu en sambandið tapaði 14 milljónum króna á síðasta rekstrarári. Sambandið þarf því að grípa til aðgerða svo að hægt sé að stemma stigu við tapinu. Ein leiðin er sú að hætta að senda unglingslandslíð til keppni í Evrópukeppni. Þáttökugjöld félaga voru síðan hækkuð svo að hægt væri að fá fleiri krónur í kassann.

Til stendur hjá sambandinu að leita ásjár fleiri fjársterkra aðila til að aðstoða sambandið enda veitir ekki af eins og staðan er í dag.

Tillagan um að parkett yrði að vera komið í öll hús hið fyrsta var

samþykkt enda kom sú tillaga frá félögunum sjálfum.

Tvær breytingar voru gerðar á stjórn sambandsins en Guðbjörg Norðfjörð og Jón Halldórsson gengu úr stjórn og í þeirra stað komu Þóra Melsted og Guðjón Guðmundsson.

- hbg

**BURT AF DÚKNUM** Tyson Patterson og félagar í KR verða að skipta dúknum út á næstunni sem og önnur félög.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**MARKASKORARARNIR** Iniesta og Eto'o fagna marki þess fyrrnefnda í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Spænska úrvalsdeildin:

## Mikilvægur sigur hjá Barca

**FÓTBOLTI** Barcelona trónir áfram á toppi spænsku úrvalsdeildarinnar eftir góðan útisigur á Real Sociedad, 0-2. Andrés Iniesta og Samuel Eto'o skoruðu mörk Börsunga í leiknum eftir sendingar frá Brasilíumanninum Ronaldinho.

Eiður Smári Guðjohnsen spilaði síðustu fimm mínútur leiksins.

Barcelona hefur fjögurra stiga forskot á Sevilla og fimm á Real Madrid en þau spila bæði í dag.

- hbg



**LOGI GEIRSSON** Átti finan leik fyrir Lemgo í gær.

Þýski handboltinn:

## Góður sigur hjá Lemgo

**HANDBOLTI** Lemgo vann mikilvægan sigur á Kronau, 32-31, í þýsku úrvalsdeildinni í gær. Logi Geirsson skoraði fjögur mörk fyrir Lemgo í leiknum en Ásgeir Örn Hallgrímsson þrjú. Lemgo er fyrir vikið í bullandi baráttu um þriðja sætið þó það sé í því sjöunda núna. Aðeins eru þrjú stig í þriðja sætið.

Kiel og Hamborg eru efst og jöfn á toppnum en bæði lið unnu leiki sína örugglega í gær. Kiel gegn Wilhelmshaven þar sem Gylfi Gylfason skoraði fjögur mörk fyrir Wilhelmshaven. Hamborg kláraði Melsungen, 38-32.

Grosswallstadt vann Íslendingaslaginn gegn Minden, 32-25. Einar Örn Jónsson skoraði þrjú mörk fyrir Minden en Snorri Steinn Guðjónsson tvö. Alexander Petersson skoraði fimm mörk fyrir Grosswallstadt.

- hbg

**KL. 19:15**

**KOMPÁS**

Þjófnaður á milljörðum í skjóli kvótakerfisins afhjúpaður

ÁSKRIFT: 515 6100 | VERSLANIR VODAFONE

# FRÁBÆRIR SUNNUDAGAR



skemmtilegri



**KL. 19:50**

**SJÁLFSTÆTT FÓLK**

Mugison á persónulegum nótum



**KL. 20:25**

**LOVE LIES BLEEDING**

Fyrri hluti

„Ég bað þig aldrei um að myrða konuna mína“



SEIGUR Tite Kalandadze sýndi hvað í honum býr gegn HK í gær og það skilaði Stjörnunni sigri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stjarnan sýndi sparihlíðarnar gegn HK í gær:

## Stjarnan tryggði sér oddaleik gegn HK

**HANDBOLTI** HK og Stjarnan verða að mætast í oddaleik um deildarbikarinn eftir að Stjarnan lagði Kópavogsbúa í Ásgarði í gær, 28-23. Oddaleikurinn fer fram í Digranesi á miðvikudag.

Það var allt annað að sjá til liðanna í gær en í fyrri leiknum og áhugi þeirra á leiknum mikið mun meiri. Það var fátt sem benti til heimasigurs í upphafi því HK byrjaði leikinn mjög vel en Stjarnan komst fljótt inn í leikinn. Jafnt var á með liðunum út fyrri hálfleik en HK leiddi með einu marki, 13-14, þegar 30 mínútur voru liðnar.

Síðari hálfleikur hófst á svipaðan hátt en í stöðunni 18-18 skildu leiðir. Stjarnan setti í fluggírinn en HK sat eftir og horfði á Stjörnumenn rúlla yfir

þá. Stjarnan komst í 25-20 og þá var ballið búið.

Stjarnan getur fyrst og fremst þakkað frábærum varnarleik og góðri markvörslu Rolands sigurinn. Einnig munaði mikið um að Tite gat beitt sér af einhverju viti aldrei þessu vant. Meðalmennskan og allt þar undir var í fyrirrúmi hjá HK. Valdimar var markahæstur þótt hann hefði ekki getað neitt í leiknum. Skoraði úr þrem hraða-upphlaupum í lokin þegar leikurinn var búinn og bauð upp á lítið annað.

Hann hefur verið heillum horfinn í þessum leikjum og þarf að rífa sig upp í oddaleiknum ef HK ætlar sér að landa deildarbikarnum. Strazdas og Eitutis gerðu sitt besta en hinir voru einfaldlega ekki með að þessu sinni. - hbg

# Gróttta engin fyrirstaða

Stjarnan kórónaði frábært tímabil í kvennaboltanum í gær þegar liðið tryggði sér deildarbikarinn eftir sigur á Gróttu. Stjarnan vann einvígið 2-0.

**HANDBOLTI** Stjarnan tryggði sér í gær sigur í deildarbikar kvenna þegar liðið lagði Gróttu að velli, 25-23, í öðrum leik liðanna í úrslitum.

Stjarnan var lengst af mun sterkari aðilinn í leiknum og tók forystuna strax í upphafi. Stjarnan lék frábæra vörn framan af leik og skoraði Gróttta aðeins fjögur mörk á fyrstu 20 mínútum leiksins. Stjarnan náði fljótt þriggja marka forystu og var munurinn þrjú til fimm mörk allan hálfleikinn en staðan í hálfleik var 12-8.

Stjörnustúlkur mættu mjög ákveðnar til leiks í seinni hálfleik og skoraði þrjú fyrstu mörkin. Þegar 13 mínútur voru liðnar af hálfleiknum var staðan 19-10 og ekkert sem benti til spennandi lokamínútna.

Florentina Grecu, frábær markvörður Stjörunnar, meiddist þá og við það var eins og Gróttta fengi trú á verkefninu og að sama skapi missti Stjarnan sjálfstraustið. Gróttta minnkaði muninn hratt og örugglega og þegar níu mínútur voru eftir af leiknum var staðan 21-17 og allt gat gerst.

Þá tók Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari Stjörunnar, leikhlé og Íslandsmeistararnir náðu aftur sex marka forystu, 24-18. Gróttta skoraði þá fimm mörk í röð og minnkaði muninn í eitt mark þegar hálf mínúta var eftir af leiknum. Stjarnan hélt boltanum það sem eftir lifði leiks og skoraði Rakel Dögg Bragadóttir síðasta mark leiksins rétt áður en lokaflautið gall.

Aðalsteinn Eyjólfsson var að vonum ánægður í leikslök enda staðið uppi sem sigurvegari í



SIGURREIFAR Þær Kristín Clausen, Anna Blöndal og Florentina Grecu sjást hér með sigurlaunin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

öllum mótum vetrarins nema bikarkeppninni.

„Það er ekki hægt annað en að vera ánægður með tímabilið. Við náðum í þrjá titla af fjórum. Hópurinn hefur staðið sig mjög vel og sýnt mikinn karakter. Þetta var samt óþarflega tæpt í lokin en Gróttta er lið sem gefst aldrei upp. Við spiluðum frábæra vörn fyrir utan síðasta korterið og þá fengum við mörg hraðaupphlaup framan af. Það er þó þannig að þegar lið ná miklu forskoti er stutt í kæruleysið. Stelpurnar sáu fram á endann á löngum og erfiðum vetri og slökuðu óþarflega mikið á,“ sagði Aðalsteinn.

Alfred Finnsson, þjálfari Grótttu, hefur náð frábærum árangri með liðið sem nældi sér í þrjú silfur í vetur.

„Þetta var vissulega frábært tímabil hjá okkur en ég hefði þó viljað eitt gull. Í dag vorum við of sein í gang og spiluðum neikvæðan handbolta þar til síðasta korterið. Við spiluðum ekki okkar varnarleik og við leystum sóknarleikinn ekki nægjanlega vel. Þegar upp er staðið býr Stjarnan yfir meiri breidd en við spiluðum þennan deildarbikar lengst af á 7-8 leikmönnum þar sem ég var ekki nógu duglegur að hvíla lykilmenn,“ sagði Alfred. - gmi

# Kjósum nýja kynslóð jafnaðarmanna

XS

Samfylkingin er breytingaafli í íslenskum stjórnmálum. Í henni býr sá kraftur sem þarf til að endurreisa velferðarkerfið og búa í haginn fyrir öflugt atvinnulíf á Íslandi til framtíðar.

Með þínum stuðningi náum við enn kraftmeiri endurnýjun og fáum þetta unga og glæsilega fólk á þing til góðra verka.

*Ingólfur Pálsson*



**ÚRSLIT**

**Deildarbikar kvenna:**

GRÓTTA-STJARNAN 25-23  
**Mörk Gróttu (skot):** Natasa Damiljanovic 8/5 (15/5), Eva Margrét Kristinsdóttir 4 (10), Karólína B. Gunnarsdóttir 3 (4), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 3 (4), Arndís María Erlingsdóttir 2 (3), Sandra Paegle 2 (8), Eva Björk Hlöðversdóttir 1 (3)  
**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 9/1  
**Hraðaupphlaup:** 5 (Natasa 2, Karólína 2, Arndís).  
**Fiskuð víti:** 5 (Anna Úrsúla 2, Eva Margrét, Eva Björk, Ragna Karen).  
**Utan vallar:** 10 mín.  
**Mörk Stjörnunna (skot):** Rake! Dögg Bragadóttir 7/2 (10/3), Kristín Guðmundsdóttir 5 (15), Alína Petrache 4 (8), Elisabet Gunnarsdóttir 3 (4), Sólvieg Lára Kjærnesteð 3 (4), Anna Bryndís Blöndal 2 (4), Jóna Margrét Ragnarsdóttir 1 (4)  
**Varin skot:** Florentína Grecu 15, Helga Vala Jónsdóttir 1  
**Hraðaupphlaup:** 10 (Sólveig 3, Rake! 2, Kristín 2, Elisabet 2, Anna Bryndís).  
**Fiskuð víti:** 3 (Elisabet 2, Kristín).  
**Utan vallar:** 12 mínútur

**Deildarbikar karla:**

STJARNAN-HK 28-23 (13-14)  
**Mörk Stjörnunna (skot):** Tite Kalendadze 7/1 (12/1), David Kekelia 4 (4), Arnar Freyr Theodórssón 4/1 (5/2), Elías Már Halldórsson 3 (7), Pátrékur Jóhannesson 3 (9/1), Volodymyr Kysil 3 (3), Guðmundur Guðmundsson 2 (3), Björn Friðriksson 1 (1), Björn Friðriksson 1 (3).  
**Varin skot:** Roland Valur Eradze 22/1.  
**Hraðaupphlaup:** 7 (Kekelia 3, Elías 2, Kysil, Guðmundur).  
**Fiskuð víti:** 4 (Björn, Ívar Markússon, Kekelia, Kysil).  
**Utan vallar:** 8 mínútur.  
**Mörk HK (skot):** Valdimar Þórsson 7/3 (14/3), Tomas Eitutus 5 (9), Augustas Strazdas 4 (7), Serg-ei Petraytis 4 (7), Sigurgeir Árni Ægisson 2 (2), Ragnar Hjaltesteð 1 (6/1).  
**Varin skot:** Egjídijus Petkevicius 11/1, Guðlaugur Tryggví Karlsson 1.  
**Hraðaupphlaup:** 8 (Valdimar 3, Sigurgeir 2, Strazdas 2, Ragnar).  
**Fiskuð víti:** 4 (Strazdas 2, Eitutus 2).  
**Utan vallar:** 4 mínútur.

# Einu skrefi frá titlinum

**Man. Utd náði að rífa sig upp eftir áfallið í Mílanó er það sótti erkifjendurna í Man. City heim og vann mikilvægan 1-0 sigur. Misstígi Chelsea sig í dag er United orðið meistari. Staða West Ham er óvænt orðin frekar vænleg.**

**FÓTBOLTÍ** Manchester United steig stórt skref í átt að enska meistaratitlinum í gær þegar það lagði Manchester City á útivelli, 0-1. Það var Cristiano Ronaldo sem skoraði eina mark leiksins úr vítaspyrnu sem hann fiskaði sjálfur. Vinni Chelsea ekki Arsenal á Emirates-vellinum í dag er United orðið enskur meistari þó svo að tvær umferðir séu eftir af deildinni.



**HAMINGJA** Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, réð sér vart fyrir kæti eftir sigur sinna manna gegn Man. City í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, ætlar ekki að fylgjast með leik Arsenal og Chelsea heldur ætlar hann að skella sér í golf. Þegar United vann sinn fyrsta meistaratitil undir hans stjórn árið 1993 var hann einmitt í golfi. Hann vill gjarna endurtaka þann leik í dag.

„Reyndar ætlaði ég til Spánar að sjá Gerard Pique spila en það er eitthvert vandamál með flugið þannig að ég ætla bara í golf í staðinn. Vonandi nær Arsenal þeim úrslitum sem okkur vantar en ef við verðum að heimsækja Chelsea á miðvikudag til að sækja eitthvað þá er það í góðu lagi,“ sagði Ferguson kátur.

Það mátti litlu muna að City jafnaði leikinn tíu mínútum fyrir leikslok en Edwin van der Sar varði vítaspyrnu Dariusar Vassel. Vítið fiskaði Michael Ball en dómurinn var glóruslaus. Ball þessi hefði átt að fjúka af velli strax á 2. mínútu er hann traðkaði á Ronaldo sem lá á grasinu. Portúgalinn hefndi sín með því að sækja laglega víti gegn Ball sem hann skoraði síðan úr.

„Þessi leikur var gott dæmi um karakter minna manna. Forráðamenn deildarinnar hjálpuðu okkur

ekkert með þessari tímasetningu en leikmenn sýndu hvað í þeim bjó og kláruðu þetta verkefni með sæmd,“ sagði Ferguson.

West Ham vann frábæran sigur á Bolton í gær þar sem Argentínumaðurinn Carlos Tevez fór á kostum. Sigurinn lyfti West Ham af fallsvæðinu í fyrsta skipti síðan í desember og örlögin eru þar með í höndum West Ham-manna.

„Tevez var tæpur fyrir leikinn enda slæmur í ökkla en þvílík frammistaða hjá drengnum,“

sagði Alan Curbishley, stjóri West Ham. Tevez skoraði tvö mörk og lagði upp það þriðja.

„Vonandi verður ekki allt undir hjá okkur á Old Trafford á sunnudag. Árangur minn á þeim velli er nógu slæmur fyrir. Tevez er okkar innblástur þessa dagana. Það hjálpar að hann talar ekki tungumálið og getur ekki lesið blöðin. Hann segist bara vera knattspyrnumaður sem sé sama um allt annað og það hentar okkur vel,“ sagði Curbishley. [henry@frettabladid.is](mailto:henry@frettabladid.is)

**ÚRSLIT**

**Enska úrvalsdeildin:**

ASTON VILLA - SHEFFIELD UNITED 3-0  
 1-0 Gabriel Agbonlahor (25.), 2-0 Ashley Young (42.), 3-0 Patrik Berger (59.).  
 EVERTON - PORTSMOUTH 3-0  
 1-0 Mikel Arteta (59.), 2-0 Joseph Yobo (62.), 3-0 Gary Naysmith (94.).  
 FULHAM - LIVERPOOL 1-0  
 1-0 Clint Dempsey (69.).  
 MAN. CITY - MANCHESTER UNITED 0-1  
 0-1 Cristiano Ronaldo (34.).  
 NEWCASTLE - BLACKBURN ROVERS 0-2  
 0-1 Benni McCarthy (14.), 0-2 J. Roberts (73.).  
 READING - WATFORD 0-2  
 0-1 Danny Shittu (60.), 0-2 Marlon King (85.).  
 WEST HAM UNITED - BOLTON 3-1  
 1-0 Carlos Tevez (10.), 2-0 Carlos Tevez (21.), 3-0 Mark Noble (29.), 3-1 Gary Speed (67.).  
 WIGAN ATHLETIC - MIDDLESBROUGH 0-1  
 0-1 Mark Viduka (29.).

**STAÐA EFSTU OG NEDSTU LIÐA:**

MAN. UNITED	36	28	4	4	83-26	88
CHELSEA	35	24	8	3	62-22	80
LIVERPOOL	37	20	7	10	55-25	67
ARSENAL	36	19	9	8	62-34	66
EVERTON	37	15	12	10	51-35	57
BOLTON	37	16	7	14	45-50	55
READING	37	16	6	15	49-44	54
FULHAM	37	8	15	14	37-57	39
SHEFF. UTD	37	10	8	19	31-53	38
WEST HAM	37	11	5	21	34-59	38
WIGAN	37	9	8	20	35-58	35
CHARLTON	36	8	9	19	32-56	33
WATFORD	37	5	12	20	28-58	27



**KÁTIR** Eggert Magnússon og Björgólfur Guðmundsson gátu leyft sér að brosa í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**Samfylkingin**

## Kraftmiklir frambjóðendur í baráttusætum:

**Reynir Harðarson, 6. sæti Reykjavíkurbjórðæmi suður**  
**Guðný Hrund Karlsdóttir, 4. sæti suðurbjórðæmi**  
**Árni Páll Árnason, 4. sæti suðvesturbjórðæmi**  
**Margrét Kristín Helgadóttir, 4. sæti norðausturbjórðæmi**

**Guðmundur Steingrímsson, 5. sæti suðvesturbjórðæmi**  
**Helga Vala Helgadóttir, 5. sæti norðvesturbjórðæmi**  
**Róbert Marshall, 3. sæti suðurbjórðæmi**  
**Krístur Heimisdóttir, 5. sæti Reykjavíkurbjórðæmi suður**



Óvenjuleg tennisviðureign fór fram milli tveggja bestu leikmanna heims:

## Nadal vann Federer á tvískiptum velli

**TENNIS** Heldur óvenuleg tennisviðureign fór fram á Mallorca á Spáni fyrr í síðustu viku. Þá áttust við tveir bestu tennisleikmenn heims, Spánverjinn Rafael Nadal og Roger Federer frá Sviss. Það sem var óvenjulegt var að yfirborð vallarins var tvískipt, annars vegar úr leir og hins vegar grasi.

Federer hefur haft mikla yfirburði í tennisheiminum síðastliðin ár nema þegar kemur að keppni á leir. Þar hefur Nadal iðulega haft betur og hefur hann unnið opna franska meistaramótið síðastliðin tvö ár því til sönnunar. Á síðasta ári vann Nadal Federer í úrslitaleiknum.

Viðureignin í fyrradag var æsi-

spennandi. Nadal stal tveimur lotum á Federer í fyrsta settinu, bæði á leir og á grasi, og vann samtals 7-5. Federer vann aðra lotuna 6-4 eftir að hafa náð lotu af Nadal á leir.

Þriðja settið var æsispennandi og réðust úrslit í bráðabana, 12-10.

Federer hefur unnið 48 leiki í röð á grasi en Nadal hefur ekki tapað í 72 leikjum á leir.

„Þetta var frábær reynsla þó svo að ég óttaðist fyrir fram að þetta yrði hrein skelfing þar sem það yrði svo erfitt að aðlagast vellið,“ sagði Nadal í gær. „En þetta var ekki svo slæmt þó svo að fleiri mistök gerðu vart um sig

en í venjulegum leik.“

Það var augljóst í leiknum að sá sem lék á leir hafði yfirhöndina þar sem boltinn skoppar bæði hærra og hæggar á því yfirborði.

„Ég var mjög þreyttur í lokin því það eru svo margar mismunandi hreyfingar sem þarf að framkvæma á vellið. En þetta var mikil áskorun þar sem maður þarf að huga að ansi mörgu,“ sagði Federer. „Ég hafði gaman af þessu þó svo að það hafi verið eilítið taugastrekkjandi að skipta um skó í sífellu.“

Báðir sögðust þeir vel til í að endurtaka leikinn og hefur verið ákveðið að spila álfka leiki á Mallorca næstu tvö árin.

- esá



ÓVENJULEG SJÓN Rafael Nadal á leirnum og Roger Federer á grasinu á velliðum óvenjulega.

NORDIC PHOTOS/GETTY



Meistarakeppni KSÍ:

## FH og Keflavík spila á grasi

**FÓTBOLTI** Meistarakeppni KSÍ fer fram í kvöld þegar Íslandsmeistarar FH taka á móti bikarmeisturum Keflavíkur.

Leikurinn fer fram í Kaplakrika en ekki á aðalvelliðum sjálfum heldur á frjálsþróttavelliðum. Valur vann leikinn í fyrri á sama stað gegn FH, 0-1, og FH-ingar vilja eflaust bæta öðrum bikar í safnið en þeir sigruðu í Lengjubikarnum á dögnum í skrautlegum leik gegn Val.

Leikurinn hefst klukkan 19.15 og kostar 1000 kr. inn fyrir 17 ára og eldri en þeir sem ná ekki bílprófsaldri fá frítt inn.

- hbg

Slagsmál leikmanna Man. City draga dilk á eftir sér:

## Dabo kærir Barton fyrir líkamsárás


**FÓTBOLTI** Ousmane Dabo, leikmaður Man. City, hefur ákveðið að kæra félag sinn hjá félaginu, Joey Barton, fyrir líkamsárás en Barton gekk í skrokk á félag sínum á æfingu á dögnum.

Dabo þurfti að fara á sjúkrahús eftir barsmíðarnar þar sem hann fékk meðferð við sárum á auga, nefi og vörum. Manchester City hefur þegar tekið á málinu en Barton tekur ekki frekari þátt í leikjum liðsins á þessari leiktíð og verður að öllum líkindum

seldur frá félaginu í sumar.

Barton á skrautlegan feril að baki og hefur margoft komist á forsíður bresku blaðanna fyrir vafasama hegðun utan vallar. Í desember 2004 var hann sektaður um sex vikna laun fyrir að stinga vindli í augu á ungum liðsfélaga í jólagleði Man. City. Sex mánuðum síðar lenti hann í ryskingum við Richard Dunne, félag sinn hjá City, og fimmtán ára gamlan stuðningsmann Everton. Þá var hann sektaður um átta vikna laun.

- hbg



VINSKAPURINN ÚT UM GLUGGANN Ousmane Dabo og Joey Barton leika tæplega fleiri leiki saman með Man. City.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# 4,5%

### Ný helmingaskipt húsnæðislán með lægri vöxtum

**50% erlendar lágvaxtamyntir - 50% íslenskar krónur.** Þannig færðu lánið á lægri vöxtum en býrð við mun minni gengisáhættu en ef lánið væri 100% í erlendri mynt. Fáðu nánari upplýsingar og ráðgjöf í útibúum Glitnis eða í þjónustuveri í síma 440 4000.

SAMANBURÐUR Á LÁNUM	VEXTIR	GENGISÁHÆTTA	GREIÐSLUBYRÐI	EIGNAMYNDUN
100% íslenskar krónur**	4,95%	Engin	Lág	Hæg
<b>NÝTT HELMINGASKIPT LÁN***</b>	<b>4,50%*</b>	<b>Hófleg</b>	Lág	Í meðallagi
100% erlend myntkarfa****	5,74%*	Mikil	Há	Hröð

\* M.v. vaxtatöflu og 1 mánaða líbor vexti 03.05.2007 \*\* Verðtryggt jafngreiðslulán  
 \*\*\* 50% íslenskar krónur / 50% erlent lán í CHF og JPY \*\*\*\* EUR, USD, GBP, CHF og JPY

**GLITNIR**







# ÞÚ FÆRÐ ÞÚ ENDURGREITT?



40"

MEDION®



FYLGIR

HD ready

**VGA tengi**

Notaðu sjónvarpið sem 40" tölvuskjá eða sem hluta af mediacenter.

**Mynd við mynd**

Tækið er búið tveimur móttökurum, fylgstu með því hvenær Júrúvísion hefst í litlum glugga á meðan þú horfir á aðra stöð.

**HDMI tengi**

Tækið er búið stafrænu hljóð & mynd tengi fyrir HD myndmerki og næstu kynslóð dvd spillara.

**8ms svartími**

Hröð og skörp mynd fyrir krefjandi efni eins og hasarmyndir og fótbolta.

**BT**  
**LÁN™**

Birta cd/m2: 500  
Svartími: 8ms  
Textavarpssmíni: 1000 síður  
Sjónvarpsmóttakari: 2  
HDMI tengi: 1

Component tengi: 1  
VGA tengi: 1  
Scart tengi: 2  
A/V tengi: 1  
Hátalarar: 2x10W

**159.999**

**15.915\***

12 mánaða

**8.725\*\***

24 mánaða

**6.328\*\*\***

36 mánaða

JÚRÚVÍSIÓN  
VEDMÁLID


## Í HVAÐA SÆTI LENDIR ÍSLAND?

GISKAÐU RÉTT OG FÁÐU SJÓNVARPIÐ ENDURGREITT!

1. Þú kaupir sjónvarp í BT



2. Þú giskar á hvaða sæti (1-42) Ísland lendir í Júrúvísion



3. Ef þú giskar rétt færðu sjónvarpstækið endurgreitt



### MYNDAVÉL MEÐ 2 LINSUM



EasyShare V610



**29.999**

6 Megapíxlar

10x aðdráttur um linsu

2 Hágæða Scheider/Kreuznach linsur

Video VGA 30 ramma á sek.

Lithium raflaða og hleðslutæki

FYLGIR

1GB SD Card og taska fylgir

FYLGIR

### FANGAÐU AUGNABLIKIN



Sony taska

FYLGIR  
6.999

**SONY**  
DCRHC37

Carl Zeiss Vario-Tessar linsa

40x optical aðdráttur

2000x stafrænn aðdráttur

NighShot Plus - myndaðu í myrkri

Super Steadyshot hristivörn

**39.999**

**2,5" SNERTISKJÁR**

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Lyfja Lág múla  
Lyfja Smáratorgi

Opið 8-24  
alla daga



## BAKÞANKAR

JÓNS ARNAR MARINÓSSONAR

### Biljónsdagbók 6.5

OMXI15 var 7.754,73, þegar ég kom á hluthafafund í Sjálfsmínbanka, og Nasdaq sleikti 2.525,07 þegar við Hámi höfðum skipt um stjórn þremur mínútum síðar. Gosi í Follíkóla, bróðir Mallíar, er orðinn stjórnarformaður. Gúndi, Toggi og allir hinir, ugglasu stórlaxarnir, reigsuðu út með miljardana frá okkur. Þeir skulda þá líklega mestan part hjá Glaumi Hurðarás eða Vexista. Þetta átti að vera flottur exitt hjá þeim og gefa til kynna að þeir hugsuðu okkur þegjandi þörfina eftir að hafa orðið undir í plottinu um Sjálfsmínbanka. En Gúndi greiði varð að berja aftur á hurðina á stjórnarherberginu. Hann hafði gleymt gleraugunum sínum á borðinu. Það var aukunartexti að hlusta á hann í dyragættinni: „Afsakið, en ég gleymdi gleraugunum mínum.“ Ég naut þess að sjá hann svona þá þetta að fá þetta eftir gleraugunum. Mér leið eins og fólk líður sem er búit að eignast sinn eigin banka og getur farið að skulda sjálfu sér.


**PABBI** leit inn síðdegis. Ótrúlegt hvað pabbi er alltaf illa til fara. Þó að karlinn sé 79 ára og þau mamma hafi ekkert til að lifa af nema lífeyrissjóði og ellistyrki er óþarfi að ganga um Fjölnisveginn eins og persóna úr Myrkrhöfðingjanum eftir Krumma Gunnlaugs. Það fer í taugarnar á Mallí að láta nágrannana halda að við tengjumst svona fólk. Ég ætla að biðja pabba að koma næst inn bakdyramegin.

**PABBI** var stjórnvítlaus, nötr-aði frá skalla ofan í skóbætur eins og þegar hann var snuðaður um 5% afslátt í Bónus. Hann sagði að við værum orðnir geggjafir. Hann og mamma væru miður sín að eiga „þennan son“ (hérna átti hann greinilega við mig). Hvernig við gætum horft framan í þjóðina eftir að hafa rekið einhvern maraþonforstjóra heim til sín með 900 miljónir í veganesti! Þetta væri eins og hlandgusa framan í fólk, fólk eins og hann og mömmu sem hefði tekið að vinna sér inn með yfirtíð og stanslausri þrælkun samtals 140 miljónir brúttó á núvirði á fimmtíu árum og sætu núna uppi með ekki neitt. Ég hélt að hann ætlaði að fá hjartaáfall.

**ALMENNINGUR** – eins og pabbi og mamma – vill ekki skilja hvað er fólgin mikill hvati í því fyrir menn að fá í hendur mikla peninga, hvati sem knýr menn til framkvæmda og arðbærra verka sem eru til framfara fyrir alla og öll þjóðin nýtur góðs af. Ég reyndi að útskýra þetta fyrir pabba. En hann sagði mér bara að „skammast mín“ og strunsaði út. Honum lá svo mikið á að hann gleymdi gamla frakkunum sínum. Mallí fór með frakkann út í ruslunna þegar orðið var dimmt.

www.icelandexpress.is/berlin

## Trabant eða Benz? Berlín er fyrir allar tegundir og árgerðir.



### Berlín

» Hvort sem þú vilt taka því rólega með fjölskyldunni, auðga andann, drekka í þig söguna og áhugaverðan arkitektúr, eða skella þér í svefnlausu djammferð, þá skaltu taka stefnuna á Berlín.

Bókaðu ódýrt fargjald til Berlínar á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

#### Með Express Ferðum:

**Berlín og Þriðja ríkið** 31. maí–5. júní **62.900 kr. á mann í tvíbýli**  
**Berlín og Varsjá** 31. maí–7. júní **89.900 kr. á mann í tvíbýli**

Hjá Express Ferðum starfar hinn reyndi fararstjóri Lilja Hilmarsdóttir sem gjörþekkir Berlín. Lilja sér um að skipuleggja ársátíðarferðir og aðrar sérferðir til Berlínar.

Sendu póst á [lilja@expressferdir.is](mailto:lilja@expressferdir.is) til að fá nánari upplýsingar.

Express Ferðir



#### Hvað er í gangi?

Karneval der Kulturen, Kreuzberg	25.–28. maí
Justin Timberlake, Max-Schmeling-Halle	6. júní
Smashing Pumpkins, Columbiahalle	6. júní
Tori Amos, Tempodrom	17. júní
Classic Open Air, Gendarmenmarkt	5.–9. júlí

» VERÐ FRÁ:  
**7.995 kr.**

Aðra leið með sköttum.

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

» BÖRN:  
**50%**

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingssafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

» [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

Iceland Express

**AEG**  
ELDHÚSPAKKINN

**AEG 66030 K-MN**  
- Keramikhellur  
- Fjórir hraðhitahellur  
- Snertirofar  
- Tímastillir á öllum hellum  
- "Automax" stilling: byrjar á að fara á mesta hita, en lækkar síðan á valda stillingu  
- Fjögurra þrepa eftirhitagumfjós  
**KR. 73.579,-**

**AEG COMPETENCE B 4101-4-M**  
- Veggofn, stál  
- Fjölvirkur ofn með 9 aðgerðum – Undirhiti, blástur, blástur m/elem, blástur + undir og yfirhiti + grill, ljós, undir og yfirhiti, yfirhiti + grill.  
- "ISOFRONT" þreflat gler í ofnhurð, auðveldar þrif – kaldari framhlíð  
- Sökkhnappar  
**KR. 104.194,-**

**Airforce F3 / AIRF 3**  
- Til uppsetningar á vegg  
- Fyrir útblástur eða kolafilt  
**KR. 23.053,-**

**TILBOÐSVERÐ ALLUR PAKKINN**  
**129.900,-**

Sími 530 2907 / 530 2908

**SETTU ÞAÐ SAMAN**

**202.048,-**

**NYTT 2007**

**Opið í Smáralind**

laugardaga frá kl. 11:00–18:00  
sunnudaga frá kl. 13:00–18:00

Lokað í Lág múla 8 (heimilistæki) og Síðumúla 9 (hljómtæki og skrifstofutæki) í maí, júní og júlí á laugardögum

Velkomin í óvenjulega verslun

**ORMSSON**